



**Háskólinn
á Akureyri**

**„...ættleidd börn hafa með sér
aukaferðatösku í gegnum lífið“**

Þjónustupörf ættleiddra barna við upphaf
grunnskóla

Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir

**Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2014**

„...ættleidd börn hafa með sér aukaferðatösku í gegnum lífið“

Þjónustuþörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla

Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir

60 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Magister Artium-prófi í menntavísindum

Leiðsögukennari
Jórunn Elíadóttir
Ráðunautur
Halldóra Haraldsdóttir

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, júní 2014

Titill: „...ættleidd börn hafa með sér aukaferðatösku í gegnum lífið“

Stuttur titill: Þjónustubörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla.

60 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Artium-prófi í menntavísindum

Höfundarréttur © 2014 Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir

Öll réttindi áskilin

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir, 2014, meistaraþrófsverkefni,

kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 104 bls.

Prentun: Prentstofan Stell

Akureyri, júní, 2014

Ágrip

Markmið rannsóknarinnar var að kanna þjónustuhörf barna sem ættleidd eru erlendis frá til Íslands þegar þau hefja grunnskóla og hverjar hugsanlegar sértækar þarfir þeirra eru. Rannsóknin var unnin með það að markmiði að auka almenna þekkingu á málefnum ættleiddra barna í grunnskólum á Íslandi.

Rannsóknin fór fram á tímabilinu júní 2012 til október 2012 og fylgir eigindlegum rannsóknarhefðum: Viðtöl voru tekin við sex foreldrapör sem samtals eiga tólf ættleidd börn. Jafnframt voru tekin viðtöl við sex kennara sem allir höfðu reynslu af móttöku ættleiddra barna erlendis frá í bekkinn sinn á fyrstu árum grunnskólans.

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að reynsla og upplifun fyrir ættleiðingu geta haft áhrif á líf ættleiddra barna í langan tíma eftir ættleiðingu. Þetta gefur vísbendingar um að tilfinninga- og félagsleg vegferð, málþroski, almenn námsframvinda og stýrikerfi (e. *executive functioning*) séu þættir sem æskilegt er að fylgjast vel með í fari ættleiddra barna á fyrstu árum grunnskólans. Með stýrikerfi er átt við þá vitsmunalegu ferla sem aðstoða einstaklinginn við að tengja saman það sem hann er að gera í núinu við reynslu úr fortíðinni. Að auki má leiða að því líkum að ættleidd börn hafi þörf fyrir gott skipulag og að hafa yfirsýn yfir það sem framundan er.

Vísbendingar eru um að máltaka ættleiddra barna gangi almennt vel og að börnin nái ágætum tókum á daglegu máli. Hins vegar gefa niðurstöðurnar ástæðu til að ætla að ættleidd börn eigi heldur erfiðara með skólamálið, það er það mál sem tengist námi og kennslu, og að þar þurfi skólasamfélagið að fylgjast vel með. Jafnframt er hægt að draga þá ályktun að möguleiki sé á að ættleidd börn geti átt í einhverjum vandræðum með stýrikerfi sitt.

Niðurstöðurnar sýna jafnframt að þekking á málefnum og þörfum ættleiddra barna er ekki almenn meðal kennara á yngsta stigi grunnskólans.

Abstract

The aim of this study was to assess whether adopted children are in need for additional services at the beginning of primary school and, if so, which those needs are, and which approaches can be used to meet the children's needs. Another goal of this research was to increase the general knowledge concerning issues facing adopted children, adopted to Iceland from foreign countries at the beginning of mandatory schooling

The study is a qualitative interview study using semi-structured interviews. The interviewees were six parent pairs, who all in all had twelve adopted children, six teachers all of whom had experience of being class teacher of adopted children at the beginning of primary school.

The results showed that the experiences adopted children gain during the first months of their lives, before the adoption, may influence their lives for a long time after the adoption and even their whole life. The results also indicate that factors such as social and emotional welfare, language development, educational process and executive functioning are factors that should be kept in mind during the early years of primary school.

By looking at the results the assumption can be made that most adopted children have a need for good planning and an overview of what lies ahead. The results indicate that adopted children fly through language acquisition of the second language and that they gain an excellent grasp of everyday language. However, the results also provide a reason to believe that adopted children struggle more with the school language after they have reached middle school. Furthermore, the results indicate that most primary school teachers do not appear to possess any extensive knowledge of issues concerning adopted children.

Ég vil tileinka þetta verk dásamlegu dætrum mínum tveim, þeim
Ásdísi Örnú Fen og Freydísi Jónu Jing,
sem hafa með tilveru sinni kennt mér svo undur margt
og kennt mér að meta lífið til fullnustu.

Formáli

Þetta verkefni er 60 eininga meistaraþrófsverkefni til M.A.-þrófs í menntavísindum við kennaradeild Háskólans á Akureyri vorið 2014. Áherslusviðið er sérkennsla.

Titill verksins „...ættleidd börn hafa með sér auka ferðatösku inn í lífið“ er fenginn að láni úr öðru námsverkefni sem ég vann í M.A.-náminu. Ástæða þess að ég valdi að nota þennan titil er helst sú að mér finnst hann segja svo mikið um aðstæður ættleiddra barna.

Elsku Donni, Ásdís og Freydís, ástarþökk fyrir allan stuðninginn, þolinmæðina og hjálpina á meðan vinnan við áhugakornið mitt átti sér stað. Ég veit að á stundum voruð þið búin að fá alveg nóg, en án ykkar aðstoðar og stuðnings hefði ég aldrei náð að komast í gegnum námið og ljúka þessu stóra verkefni sem nú er í höfn.

Jafnframt vil ég þakka leiðbeinandanum mínum, henni Jóranni Elíðóttur, fyrir allan stuðninginn, vináttuna og hjálpina við að koma verkefninu heim og saman og ekki síst fyrir endalaus hvatningu við að halda vinnunni áfram allt til enda. Ráðunautnum Halldóru Haraldsdóttur vil ég þakka sérstaklega fyrir alla hjálpina, umsjónarmanni lokaverkefna, yfirlesaranum og öðrum þeim sem aðstoðuðu mig á leið minni að áfangastað þakka ég innilega fyrir hjálpina.

Viðmælendum mínum öllum, jafnt fjölskyldunum sem kennurunum, þakka ég innilega fyrir þátttökuna í rannsókninni, fyrir að gefa mér af tíma sínum og veita innsýn í reynsluheim sinn.

Að síðustu vil ég þakka öllum þeim sem með einhverju móti aðstoðuðu mig við að láta stóra drauminn minn rætast.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
1.1 Hugtakaskýringar	4
2. Fræðilegur grunnur	7
2.1 Ættleiðingar á Íslandi	7
2.2 Geðtengsl	9
2.3 Tilfinningaleg og félagsleg vegferð	12
2.4 Málþroski	17
2.5 Stýrikerfi (e. executive functioning)	19
2.6 Skólaaðlögun	22
2.7 Lög og reglugerðir	26
Lög um ættleiðingar	26
Aðalnámskrá grunnskóla/Skóli án aðgreiningar	26
3. Rannsóknin	29
3.1 Aðferðir - viðtalsrannsókn	29
3.2 Val á viðmælendum	31
3.3 Gagnasöfnun	32
3.4 Úrvinnsla gagna	33
3.5 Réttmæti og trúverðugleiki	34
3.6 Siðfræði rannsókna	35
4. Niðurstöður rannsóknarinnar	37
4.1 Foreldrar og börn	37
Bakgrunnsupplýsingar	37
Tengslamyndun	39
Tilfinningaleg og félagsleg vegferð	41
Málþroski	45
Stýrikerfi	47
Skólaaðlögun	48
Móttökuhandbók	50

4.2	Kennarar.....	51
	Bakgrunnsupplýsingar	51
	Pekking á málefnum ættleiddra barna og reynsla af móttöku þeirra í bekk	52
	Tilfinningaleg og félagsleg vegferð	54
	Málþroski og stýrikerfi	56
	Samskipti við foreldra.....	57
	Móttökuhandbók.....	58
5.	Umræður	59
5.1	Bakgrunnur ættleidda barnsins	59
5.2	Tilfinningaleg og félagsleg vegferð	64
5.3	Málþroski og nám	69
5.4	Upphaf skólagöngu	71
5.5	Kennarar.....	74
5.6	Sérstaða foreldra ættleiddra barna.....	75
6.	Samantekt og lokaorð	77
	Heimildir	83
	Fylgiskjöl.....	93

1. Inngangur

Talsverður fjöldi barna hefur verið ættleiddur til Íslands erlendis frá undanfarna áratugi með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar. Íslensk ættleiðing er eina félagið um þessar mundir sem hefur leyfi innanríkisráðuneytisins til að hafa milligöngu um ættleiðingar erlendis frá. Fyrir rúmum áratug opnaðist á ættleiðingar frá Kína til Íslands og varð við það nokkur aukning í fjölda barna sem ættleidd voru til landsins í nokkur ár á eftir.

Staða ættleiddra barna sem ættleidd eru til Íslands hefur lítið verið rannsökuð til þessa. Rannsóknum á viðfangsefninu hefur reyndar fjölgað á síðustu árum, en viðfangsefni þessarar ritgerðar, það er ættleidd börn og skólabyrjunin og færsla barnanna á milli skólastiga, frá leik- yfir í grunnskóla, hefur lítið sem ekkert verið rannsakað hér á landi. Miðað við þann fjölda ættleiddra barna sem nú er að hefja og hefur nýlega hafið grunnskólagöngu er full ástæða til að leggja í frekari rannsóknir á því sviði sem snýr að ættleidda barninu og grunnskólagöngunni.

Tilgangur ritgerðarinnar er meðal annars að byggja undir þann rannsóknargrunn sem þegar liggur fyrir um málefni ættleiddra barna á Íslandi. Það er best gert með því að auka þekkingu þeirra sem börnunum tengjast og að skólagöngu þeirra koma. Einnig er mikilvægt að varpa ljósi á sérstöðu ættleiddra barna sem ekki er alltaf ljós í hugum almennings.

Meginástæða áhuga míns á viðfangsefninu er að ég og eiginmaður minn eigum tvær ættleiddar dætur frá Kína og hefur ferðalagið sem við höfum átt saman undanfarin tíu ár vakið áhuga minn svo um munar á viðfangsefninu. Jafnframt starfaði ég að þas (e. *post adoption services*) fyrir félagið Íslensk ættleiðing í nokkur ár. Þessi vinna, auk þess að vera móðir dætra minna, hefur gefið mér þá grunnþekkingu sem verkefnið byggir á og mótar þau viðhorf sem ég hef til málefna er varða ættleidd börn.

Erlendar rannsóknir sýna að börn sem ættleidd eru á milli landa aðlagast nýju lífi í flestum tilfellum vel (Johnson, 2002, bls. 39-51). Þær sýna jafnframt að stór hluti ættleiddra barna stendur jafnfætis jafnöldrum sem alist hafa upp hjá lífforeldrum í flestum þeim þáttum sem snúa að andlegum, félagslegum og námslegum þroska þegar börnin koma í skóla. Hins vegar eru

vísbendingar um að talsverður hluti ættleidda barnanna þurfi meiri stuðning og utanumhald þannig að þau nái að dafna sem best í nýju fjölskyldunni. Sambærilegar niðurstöður er að finna í íslenskum rannsóknum (Dalen og Theie, 2012, bls 1-5; Johnson, 2002, bls. 39-51; Málfríður Lorange, Kristín Kristmundsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Björg Sigríður Hermannsdóttir, Linda Björk Oddsdóttir og Dagbjörg Sigurðardóttir, 2012, bls. 19-23).

Með auknum fjölda barna sem ættleidd eru erlendis frá eykst þörfin á að málefni þeirra séu rannsökuð og það frá sem flestum hliðum. Von mín er að þessi rannsókn á þjónustupörf ættleiddra barna erlendis frá við upphaf grunnskólagöngu verði góð viðbót við rannsóknargrunn þann sem til er á Íslandi og horfir til íslenskra aðstæðna auk þess sem ég vona að hún gefi vísbendingar um þætti er snúa að upphafi skólagöngu ættleiddra barna sem hafa ber í huga.

Meginmarkmiðið með þessari ritgerð er að auka almenna þekkingu á málefnum ættleiddra barna í grunnskólum á Íslandi. Það er gert með því meðal annars að svara rannsóknarspurningunni *Hafa ættleidd börn þörf á aukinni þjónustu við upphaf grunnskóla og, ef svo, hver er þörfin?*

Tvær undirspurningar eru jafnframt settar fram til að svara rannsóknarspurningunni. Þær eru:

- a) *Hver er reynsla foreldra af þjónustupörf ættleiddra barna við upphaf grunnskólagöngu?*
- b) *Hver er reynsla kennara af móttöku og þjónustupörf ættleiddra barna í fyrstu bekkjum grunnskóla?*

Við rannsóknina var beitt eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem fyrst og fremst var skoðuð reynsla þátttakenda og þekking þeirra á viðfangsefninu.

Rannsóknin afmarkast af nokkrum viðamiklum þáttum. Meðal annars má nefna að kaflinn um lög og reglugerðir og skóli án aðgreiningar fengu mjög lítið vægi. Það var fyrst og fremst vegna þess að ég hef valið að líta ekki á ættleidd börn sem börn með skilgreindar sérþarfir. Heldur að um sé að ræða hóp sem á í farteskinu sameiginlegan og óvenjulegan bakgrunn sem veldur því að þau þurfa sérstakan stuðning og utanumhald fyrstu skrefin inn í lífið á nýjum stað.

Ritgerðin skiptist í 6 kafla að þessum inngangi meðtöldum. Annar kafli samanstendur af hinum fræðilega grunni sem rannsóknin og verkefnið í heild byggir á. Í þriðja kafla er aðferðafræðin kynnt. Fjórhða kafla,

niðurstöðukaflanum, er svo skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta kaflans eru kynntar niðurstöður viðtala við sex fjölskyldur ættleiddra barna, en í seinni hlutanum eru kynntar niðurstöður úr viðtölum við sex kennara á yngsta stigi grunnskólans. Í fimmta kaflanum eru niðurstöður rannsóknarinnar ræddar og þær tengdar við fræðin. Sjötti og síðasti kafli ritgerðarinnar samanstendur af samantekt og lokaorðum þar sem sem ég mun draga ályktanir sem byggja á niðurstöðum rannsóknarinnar og eigin reynslu.

Lykilhugtök: *Ættleiðing, ættleidd börn, skólaaðlögun, málþroski, félagsleg vegferð, tilfinningaleg vegferð og stýrikerfi (e. executive functioning).*

1.1 Hugtakaskýringar

Hér hef ég valið að útskýra þau hugtök sem ekki eru skýrð sérstaklega inni í fræðilega textanum. Orðunum er raðað í stafrófsröð og því ekki endilega í þeirri röð sem þau birtast í textanum.

Frumættleiðing erlendis frá

Barn sem ættleitt er milli landa með milligöngu þar til hæfra ættleiðingarfélaga (reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005).

Kjörforeldrar

Foreldrar sem ekki hafa fætt barnið inn í veröldina heldur tekið það að sér á ákveðnum tímamarki eftir fæðingu og fengið til þess tilskilin leyfi yfirvalda.

Lífforeldrar

Foreldrar sem fæða barnið inn í veröldina, en ekki endilega þeir sem hugsa um barnið alla barnæskuna.

Pas (e. *post adoption services*)

Þjónusta og fræðsla til foreldra ættleiddra barna rétt fyrir og eftir ættleiðingu. Hér á landi er eitt af skyldum félagsins íslensk ættleiðing að sjá um þessa þjónustu og fræðslu fyrir hönd innanríkisráðuneytisins, en það hefur yfirumsjón með þessum málaflokki (Hrefna Friðriksdóttir, 2011, bls. 65).

Sjálfsstjórn

Með sjálfsstjórn er átt við þá stjórn sem einstaklingurinn hefur á sjálfum sér í ólíkum miskrefjandi aðstæðum (Merz og McCall, 2010, bls. 9-10).

Skynreiðuvandi

Skynreiðuvandi er ein tegund taugafræðilegra raskana sem hafa áhrif á skynjun barnsins á veröldinni. Einfaldir hlutir eins og strengur á buxum eða miði á bol getur orðið þess valdandi að barnið á mjög erfitt með að einbeita sér. Samkvæmt skilgreiningu Þóru Þóroddsdóttur (2001) skynja flestir með öllum líkamanum og greina ekki í sundur hverja skynjun fyrir sig heldur tengja þær saman í heildarskynjun á veröldinni. Barn með skynreiðuvanda verður hins vegar fangið af hverri skynjun fyrir sig og þegar allt rennur

saman verður úr eins konar óreiða og hugurinn leitar í allar áttir, sem gerir það að verkum að barnið á mjög erfitt með að greina í sundur þau taugaboð sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna frá þeim sem minna vægi hafa. Þetta getur því leitt af sér talsverða erfiðleika í úrvinnslu boðanna og haft ýmis vandamál í för með sér fyrir barnið. Til dæmis má hér nefna félagsleg samskipti og nána samveru við fólk (Þóra Þóroddsdóttir, 2001, bls.1- 197) .

Skólamál

Með skólamáli er átt við það mál sem tengist námi og kennslu. Málið byggir á táknerfi og styðst við málnotkun sem er óháð stað og stund (Cummins, 2000, bls. 57-111).

Talmál/daglegt mál

Með talmáli/daglegu máli er átt við það mál sem einstaklingurinn nær fyrst tókum á. Það mál sem notað er til daglegra samskipta, þar sem einstaklingarnir notast við látbragð, svipbrigði og bendingar til stuðnings talmálinu/daglega málinu (Cummins, 2000, bls. 57-111).

Umhyggjusöm umönnun

Umönnun sem byggir á ást og væntumþykju og því að uppfylla allar þarfir barns. Hún býr barninu fjölskyldu og heimili, þar sem barnið upplifir öryggi og traust, og er auk þess styðjandi í veröldinni sem barnið býr í (Sæunn Kjartansdóttir, 2011).

2. Fræðilegur grunnur

Í þessum kafla er fjallað um þann fræðilega grunn sem rannsóknin og úrvinnsla hennar byggir á. Kaflinn samanstendur af eftirfarandi sjö undirköflum; ættleiðingar á , geðtengsl, tilfinningaleg og félagsleg vegferð, málþroski, stýrikerfi (e. *executive functioning*), skólaaðlögun og lög og reglugerðir.

2.1 Ættleiðingar á Íslandi

Á undanförunum 30 árum hafa, með milligöngu félagsins Íslenskrar ættleiðingar, að meðaltali 20 börn á ári verið ættleidd til Íslands, eða alls um 600 börn. Þessi börn koma flest frá menningarsvæðum sem eru mjög ólík því íslenska. Meðal annars hafa börn verið ættleidd frá Sri Lanka, Indlandi, Kólumbíu, Kína, Rússlandi, Rúmeníu og fleiri löndum. Undanfarinn áratug hafa þó flest börnin verið ættleitt frá Kína. Flest hafa þau dvalist á stofnunum fyrir ættleiðinguna þó nokkur hafi dvalist að hluta til á fósturheimilum og hefur fjöldi þeirra aukist á undanförunum árum (Íslensk ættleiðing, munnleg heimild, 2. maí 2012).

Mikil aukning varð á ættleiðingum til Íslands á árunum 2002-2005, en þá komu til landsins stórir hópar barna sem ættleidd voru frá Kína (Íslensk ættleiðing, munnleg heimild, 2. maí 2012). Á þessu tímabili var stærstur hluti barnanna sem ættleidd voru til Íslands á aldrinum 10-24 mánaða. Undanfarin ár hefur þetta breyst og hefur aldur barnanna hækkað. Árið 2012 var stærsti hluti þeirra barna sem ættleidd voru til Íslands á aldrinum 12-36 mánaða.

Árið 2002 voru fjögur börn ættleidd á aldrinum 0-12 mánaða, fimmtán börn á aldrinum 12-24 mánaða og ekkert barn eldra en 24 mánaða. Árið 2012 var ekkert barn sem ættleitt var á aldrinum 0-12 mánaða, 8 börn voru á aldrinum 12-24 mánaða, sex á aldrinum 24-36 mánaða og þrjú á aldrinum 36-72 mánaða (Hagstofa Íslands, 2014).

Fólk sem hefur í hyggju að ættleiða barn erlendis frá þarf að uppfylla ákveðin skilyrði sem tilgreind eru í lögum um ættleiðingar á Íslandi. Meðal

Þess sem fram kemur í Ættleiðingarlögum (nr. 130/1999) er að til þess að fá leyfi til frumættleiðinga erlendis frá þurfi foreldrar að hafa náð tuttugu og fimm ára aldri, fara á námskeið um ættleiðingar og fara í gegnum úttekt hjá barnavernd þess sveitarfélags sem viðkomandi foreldrar búa í. Í reglugerð (nr. 238/2005) um ættleiðingar kemur jafnframt fram að andleg og líkamleg hreysti, traustur efnahagur og að hafa ekki náð fjörutíu og fimm ára aldri sé hluti þeirra krafna sem gerðar eru til foreldra til að fá forsamþykki til ættleiðingar.

Löndin sem ættleitt er frá gera jafnframt kröfur til foreldra og eru reglur og kröfur í landinu ekki endilega í samhljómi við íslensk lög og reglugerðir. Dæmi um þetta eru reglur þær sem Kína setur um ættleiðingar. Foreldrar þurfa að hafa náð 30 ára aldri, vera fjárhagslega vel stæð og gera kínversk ættleiðingarstjórnvöld kröfu um að foreldarnir séu með að lágmarki 80.000 \$ í árstekjur auk þess að vera með framhaldsmenntun (Íslensk ættleiðing, 2014). Þessar reglur og kröfur sem gerðar eru til umsækjanda gefa vísbendingar um að foreldrahópur ættleiddra barna sé sterkur hópur sem er vel í stakk búinn til að styðja við ættleiddu börnin eftir að heim er komið.

Í rannsókn Vorria, Papligoura, Sarafidou, Kopakaki, Dunn, van Ijzendoorn og Kontopoulou (2006, bls. 1247) kemur fram að foreldrar ættleiddu barnanna sem þátt tóku í rannsókninni eru talsvert eldri en foreldrar barnanna í viðmiðunarhópnum. Að sama skapi kom í ljós að menntunarstig og efnahagsleg staða foreldra ættleiddu barnanna var mun betri en foreldra barnanna í viðmiðunarhópnum. Sambærilegar upplýsingar koma fram í rannsókn Johnson (2002, bls. 41).

Áhrif þessa sterka foreldrahóps koma víða fram, samanber niðurstöður rannsóknar Sigríðar Ingvarsdóttur (2013, bls. 67-68), sem hún vann sem hluta af meistaraverkefni sínu við Háskólann á Akureyri. Þar kom í ljós að kennarar ættleiddra barna á mið- og unglíngastigi höfðu mjög jákvæða sýn á foreldra ættleiddra barna og sögðu þá meðal annars fylgja börnum sínum vel eftir í skólanum og töldu samskipti heimilis og skóla vera á jákvæðum nótum.

2.2 Geðtengsl

Lítið hjálparvana barn sem fæðist inn í þennan heim er algjörlega háð umönnunaraðila um allar sínar þarfir. Barnið hefur hvorki yfir að ráða tungumáli til að orða þarfir sínar né hefur það stjórn á eigin líkama eða lífi og verður því að leggja traust sitt á umönnunaraðilann um að fá grunnþörfum sínum fullnægt. Sæunn Kjartansdóttir gaf árið 2011 út bók sína *Árin sem engin man*, en þar ræðir hún frá mörgum hliðum mikilvægi ástrikrar umönnunar í frumbersku. Sérstaka áherslu leggur hún á mikilvægi tengsla í vegferð einstaklingsins.

Purvis, Cross og Sunshine, (2007b) benda á að tengsl við aðra manneskju er ekki eitthvað sem börn fæðast með heldur verða þau til í gegnum samskipti og reynslu af samneyti við aðra, og þá helst foreldra, á fyrstu mánuðum ævinnar. Örugg geðtengsl aðstoða barnið við að öðlast trú á sjálft sig, lífið og tilveruna, og segja má að þessi tengsl séu grunnurinn að öryggi barnsins. Barnið sækir huggun og öryggi til þess einstaklings sem það hefur myndað geðtengsl við. Það er hins vegar ekki svo að myndun traustra geðtengsla sé eitthvað sem hægt er að ganga að sem vísu og margt getur orðið til þess að trufla eðlilega geðtengslamyndun barnsins. Aðskilnaður barns við foreldra sína og í framhaldinu stofnanavistun eða fóstur hjá ókunnugum eru meðal þátta sem geta haft afdrifarík áhrif á eðlilegan framgang tengslamyndunar, samanber börn sem síðar eru ættleidd inn í nýjar fjölskyldur (Purvis, o.fl., 2007b, bls. 47-72).

Í fyrrnefndri bók Sæunnar Kjartansdóttur (2011, bls. 67-74) sýnir hún fram á hve örugg og traust geðtengsl hafa mikið að segja fyrir almenna velferð og geðræna líðan einstaklinga. Tengsl barns við foreldri eða umönnunaraðila eru talin skipta miklu máli á breiðum grundvelli. Til dæmis sýnir rannsókn Ekeh (2012, bls. 335-348) að börn sem hafa tengst foreldrum sínum traustum böndum og náð við þau tryggum geðtengslum sýna betri námsárangur og styrkari félagslega hæfni en þau sem hafa átt á brattann að sækja í tengslamyndunn sinni við nýju fjölskylduna.

Breski sálgreinirinn John Bowlby (1971, bls. 319-323) setti fram kenningu um myndun geðtengsla um miðja tuttugustu öldina. Hann skipti myndun geðtengsla í þrjú stig. Fyrsta stigið talaði hann um að væri frá fæðingu til 2 mánaða aldurs. Þar ræður ósjálfráð hegðun ungbarnsins ríkjum en hún snýr að því að fá þörfum barnsins fullnægt frá manneskjum í

nærumhverfi þess. Þetta tímabil getur staðið yfir þar til barnið hefur náð allt að 12 vikna aldri, en getur þó varað mun lengur ef það býr ekki við örvandi og hvetjandi aðstæður. Á þessu tímabili gerir barnið ekki greinarmun á umönnunaraðilum og allir eru jafn líklegir til að fá viðbrögð frá barninu; systkini, foreldrar og ókunnugir. Annað stigið stendur frá 2 mánaða til 7 mánaða aldurs. Öll tengslahegðun verður markvissari og beinist meira að einni manneskju, sem oftast er aðalumönnunaraðili barnsins. Barnið byrjar að gera mannarmun og sækir frekar í umönnun frá þeim sem það þekkir. Þriðja stigið stendur frá 7 – 24 mánaða aldri. Afmörkuð geðtengsl eru þá að þróast. Hreyfiproski barnsins eykst og við það fer það að sækja í nálægð við þann sem annast það. Barnið gerir aukinn greinarmun á kunnugum og ókunnugum og sýnir jafnvel hræðslu gagnvart ókunnugum. Börn sem ekki eiga stöðugan umönnunaraðila þurfa oft og tíðum lengri tíma í að komast á þetta tengslaskeið og í sumum tilfellum getur það dregist langt fram yfir fyrsta afmælisdaginn og jafnvel fram á annað og þriðja ár (Bowlby, 1971, bls. 319-323).

Mary Ainsworth, sem var samstarfskona Bowlby til margra ára, þróaði tengslakenningu Bowlby áfram og kom hún fram með fjórða stig um myndun geðtengsla. Hún talaði um að frá 24 mánaða aldri verði barnið meðvitaðra um tilfinningar annarra, markmið þeirra og áætlanir, og að það geti haft áhrif á hegðun þess (Pound, 2011, bls. 72-73).

Óreiðukennd/ringluð geðtengsl (e. *disorganized/disoriented attachment*) er gerð geðtengsla sem Main og Salomon (1990, bls. 136) komu fyrst fram með, í raun sem viðbót við kenningar Bowlby og Ainsworth. Slík tengsl einkennast af margbreytilegum einkennum sem fram koma er barnið lendir í framandi aðstæðum. Þessi einkenni eru einskonar blanda af flóttalegum og mótþróakenndum einkennum. Barnið sýnir ólík viðbrögð við sambærilegum uppákomum. Dæmi um þetta væri barn sem á mjög erfitt með að sjá af móður sinni, til dæmis á kveðjustund í leikskóla, og hangir þá í móðurinni og neitar að sleppa, en sýnir svo skeytingarleysi og mótþróa við atlæti er móðirin kemur að sækja barnið í lok dags.

Tengslamyndun ættleiddra barna erlendis frá hefur í gegnum tíðina nokkuð verið rannsökuð. Áður fyrr var talið að börn gætu ekki myndað tengsl eftir ættleiðingu vegna tengslarofa í frumbersku, en síðari rannsóknir leiða í ljós að svo er ekki, þó að myndun tengsla geti tekið lengri tíma með auknum

adri (Gunnar, Bruce og Grotevant, 2000, bls. 677-678; Purvis, Cross og Pennings, 2007a, bls. 5-7).

Purvis o.fl. (2007a, bls. 5-7) vitna í verk Bowlby frá 1951, 1961 og 1982 en þar kemur fram að börn sem upplifað hafa aðskilnað frá móður eða missi af einhverju tagi sýna ýmiss konar seinkun í líkamlegum, tilfinningalegum og andlegum þroska. Mörg ættleidd börn sem eru ættleidd erlendis frá berjast jafnframt oft við svefnvandamál, litla matarlyst, einbeitingarskort og málhömlun af ýmsu tagi, sérstaklega fyrstu vikunnar og mánuðina eftir ættleiðingu. Í ljósi þessa benda höfundar á að ættleidd börn leggja af stað í nýja lífið sitt standandi mjög höllum fæti í samanburði við jafnaldrana. Fyrstu vikunnar eyða þau oft og tíðum mikilli orku í að takast á við líkamlega kvilla og öðlast tengsl við nýja umönnunaraðila, oftast en ekki samhliða því að læra nýtt mál og öðlast skilning á nýju tilverunni sem getur verið þeim mjög framandi.

Niðurstöður rannsóknar Smyke, Dumitrescu og Zenah (2002, bls. 979) leiða að því líkum að óörugg geðtengsl (e. *insecure attachment*) séu mjög algeng hjá börnum sem alist hafa upp á stofnunum og að það taki börnin oft langan tíma að öðlast traust á tilverunni og læra að treysta á nýja umönnunaraðila eftir að ættleiðing á sér stað.

Ógagnrýnin hegðun (dómgreindarlaus samskiptahegðun, e. *indiscriminate behavior*), það er að gera ekki greinarmun á hegðun og samskiptum við foreldri og ókunnuga og að sýna ókunnugum óeðlilega mikla athygli, er hegðun sem algengt er að ættleidd börn sýni fyrstu mánuðina og jafnvel árin eftir ættleiðingu og er talið að það komi meðal annars til af þeirri þörf sem börnin upplifa á stofnunum; þörf fyrir samskipti við fullorðna þar sem engu skiptir hver hinn fullorðni er. Þessi gerð hegðunar er flokkuð sem ein gerð óörugggra geðtengsla (Smyke o.fl., 2002, bls. 979). Hlédrægni (hamlandi feimni, e. *inhibited withdrawal*), það er að vera lokaður inni í eigin skel og vilja helst ekki eiga í samskiptum við fólk nema þá helst við aðalumönnunaraðila, er einnig dæmi um tegund óörugggra geðtengsla sem ættleidd börn sýna við ættleiðinguna sem og fyrstu mánuðina og árin eftir ættleiðingu (Smyke o.fl., 2002, bls. 979).

Ættleitt barn hefur í flestum tilfellum orðið fyrir tengslarofum við einn eða jafnvel fleiri umönnunaraðila, eða hefur ekki myndað tengsl við neinn fullorðinn áður en það kemur til nýju foreldranna. Sum börn sem alin eru upp á stofnun hafa svo takmarkað samneyti við umönnunaraðila sína að þeir ná

ekki að mynda nein tengsl (Purvis o.fl., 2007b, bls. 21-30). Barn sem eyðir tíma á yfirfullu barnaheimili þar sem mörg börn eru á hvern umönnunaraðila á litla möguleika á að byggja upp djúpstæð tengsl sem byggja á því að þörfum þess sé mætt þegar barnið upplifir þörfina (Johnson, 2002, bls. 45). Þrátt fyrir þetta gengur geðtengslamyndun barns við foreldra sína eftir ættleiðingu vel í flestum tilfellum og mynda þau oftast djúp tengsl, en rannsóknir sýna jafnframt fram á að tengslaferlið getur tekið langan tíma (Gunnar, Bruce og Grotevant, 2000, bls. 677-688; Johnson, 2002, bls. 45; Purvis o.fl., 2007b, bls. 21-30). Tegundir geðtengsla sem myndast eftir ættleiðingu eru mismunandi og auknar líkur eru á að börnin myndi órugg geðtengsl til að byrja með. Það á sérstaklega við um þau börn sem eru eldri en átján mánaða við ættleiðingu og gera skal ráð fyrir því að tengslamyndunarferlið taki þá lengri tíma (Gunnar o.fl., 2000, bls. 677-688).

2.3 Tilfinningaleg og félagsleg vegferð

Tilfinningalegur og félagslegur þroski byggir á og er í raun samofin þeim geðtengslum sem einstaklingurinn hefur náð að þroska með sér í frumbersku (Hopkins-Best, 1997, bls. 129-130).

Stig Broström, menntunarfræðingur við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn, skiptir umhyggjuhugtakinu í þrennt í grein sinni „Care and Education“ (2006, bls. 391-409). Hans nálgun er sú að uppeldishugtakið eigi í fyrsta lagi við grunnþarfir barnsins; þætti er snúa að öryggi og tengslum við aðra manneskju. Í öðru lagi talar hann um þörf barnsins fyrir hlýju og stuðning við að fóta sig í samfélaginu. Hann bendir á að umönnunaraðilar verði að mæta þörfum barnsins með hlýju og alúð, og stuðningsríku uppeldi hvað varðar meðal annars gildi, reglur og hegðun. Í þriðja og síðasta lagi talar Broström um gildi þess að hvetja og styðja barnið í leit þess að nýrri þekkingu og færni. Hann er í þessu samhengi jafnt að tala um hlutverk foreldra sem umönnunaraðila, sem og kennara og annarra uppeldismenntaðra sem koma að uppeldi og umönnun barnsins.

Félagshæfni inniheldur grunnþætti félagslegrar getu barna. Hún inniheldur sérstaka getu eða hæfni sem börn nota til að svara félagslegum kröfum og er oft talin vera ólík eftir aðstæðum og aldri barnanna. Heimilið og skólinn eru talin mikilvægustu staðirnir í félagsmótun barna. Þessir staðir tengjast sterkt, þó þeir séu í grunninn ólíkir og hafi ólík áhrif í félagsmótun barnanna. Af

Þessu leiðir að börnin sýna ólíka aðlögun eftir aldri og í ólíkum aðstæðum, sem veldur því að sýn foreldra og kennara á félagshæfni og hegðun barnanna er oft ólík. Þrátt fyrir þetta sýna félagslega vel aðlöguð börn fram á getu til að standa undir væntingum á báðum stöðunum. Þetta sést þegar skoðaðir eru þættir eins og hvernig samskipti þeirra við vini eru, sjálfstjórn þeirra, hvernig þeim gengur að taka afstöðu og námslegt gengi (Tan og Camras, 2011, bls. 1813-1814 og 1819-1820).

Samskipti foreldra og barns spilar lykilhlutverk jafnt í skammtíma og langtíma félagsmótun barnsins. Samhliða félagslegum samskiptum er aldursmiðaður þroski mikilvægur þar sem honum til grundvallar liggur málþroski barnsins, nám og geta til að vinna úr, túlka og svara ólíkum félagslegum aðstæðum sem upp koma í lífi barnsins. Þar er átt við þætti eins og að taka tillit til tilfinninga annarra, lesa í svipbrigði fólks og hafa tilfinningu fyrir félagslegum normum. Félagsleg þurrð, það er nær algjör skortur á samskiptum við fullorðna sem og jafnaldra, og þroskaseinkun, líkt og börn sem alast upp á stofnunum eru í áhættuhóp um, geta því haft alvarleg áhrif á félagsþroska barna sem ættleidd eru erlendis frá. Þættir sem geta aukið hættuna á félagslegum röskunum eru meðal annars kyn barnanna, aldur við ættleiðingu, alvarleiki vanörvunarinnar og lengd tímans sem barnið bjó við skort á hvetjandi umönnun (Tan og Camras, 2011, bls. 1819-1820).

Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir eru að vinna eigindlega langtímarannsókn á högum, aðbúnaði og aðlögun ættleiddra barna erlendis frá og fjölskyldna þeirra á Íslandi. Í fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar, sem birtust í *Þjóðarspeglinum* (2010, bls. 67-75) kemur í ljós að félagsleg staða barnanna sem taka þátt í rannsókninni er almennt góð að mati foreldra og kennara. Niðurstöðurnar sýndu jafnframt að ekki var hið sama uppi á teningnum hjá hluta hópsins þegar félagsleg framgangna var skoðuð. Þar var helst um að ræða börn sem áttu við hegðunarörðugleika að stríða.

Hlý og umhyggjusöm umönnun fárra aðila er talin ýta undir þroska margra mismunandi þátta, eins og þess að halda athygli, tilfinningaþroska og hegðunar af ýmsu tagi. Allt eru þetta þættir sem taldir eru stuðla að góðri tilfinningalegri og félagslegri vegferð barnsins (Merz og McCall, 2010, bls. 9). Eins og fram hefur komið byggist tengslamyndun barna á því að þau fái þörfum sínum fullnægt þegar þarfirnar verða til hjá þeim. Fyrstu vikurnar og mánuðina gerir barnið ekki greinarmun á því hver umönnunaraðilinn er, en

með auknum aldri og þroska fer það að gera aukinn greinarmun á kunnugum og ókunnugum (Bowlby, 1971, bls. 319-323).

Ættleidd börn búa flest við þann raunveruleika fyrstu mánuði eða ár ævi sinnar að aðstæður í nærumhverfi þeirra eru sjaldnast örvandi og hvetjandi. Flest eyða þau löngum tímabilum á stofnunum eða í fóstri hjá fjölskyldum sem hafa það að atvinnu að annast um þau. Tíð skipti á umönnunaraðilum er einnig staðreynd fyrir mörg þessara barna. Þroskaseinkun og hegðunarvandamál eru oft og tíðum tengd við langa dvöl á stofnunum (Dalen og Theie, 2012, bls 1; Gunnar og Van Dulmen, 2007, bls. 129; Johnson, 2002, bls.39-54; Merz og McCall, 2010, bls. 2; Tan , 2011, bls. 14-21).

Dvöl á stofnunum býður sjaldnast upp á tækifæri fyrir börn til að rannsaka veröldina; snerta, bragða og horfa, og þroska þannig skynfæri sín á þann eðlilega hátt sem börn sem búa við gott atlæti gera. Af þessu leiðir að börnin geta átt í vandræðum með að vinna úr og nýta sér skynjunarupplýsingar til að leiðbeina og stjórna eigin hegðun (Dalen og Theie, 2012, bls. 1).

Gunnar og Van Dulmen (2007, bls. 129 og 140-143) benda á að ekki sé hægt að kenna stofnanadvölinni einni og sér um hegðunarvanda ættleiddra barna. Með hegðunarvanda eiga þeir við að barnið nær ekki að þroska með sér viðurkennda hæfni og brýst vandinn út með hegðun sem ekki er viðurkennd eða æskileg í félagslegu samhengi. Mikilvægt er, að þeirra mati, að skoða heildarmyndina og líta sérstaklega til þátta úr frumbersku barnanna, svo sem meðgöngutímans, hvort um sé að ræða fyrirbura og heilsu móður á meðgöngu, svo eitthvað sé nefnt. Þeir halda því jafnframt fram að hugsun, athygli og félagsleg tengsl séu þeir þættir sem eru í mestri hættu hjá börnum sem dvelja lengi á stofnunum. Gangon-Oosterwaal o.fl. (2012, 236-242) sýnir fram á að vannæring á fyrstu mánuðum ævinnar, bæði líkamleg og andleg, minnkar heilavöxt og getur það ýtt undir hegðunarvanda hjá ættleiddum börnum seinna meir. Aðrir rannsakendur hafa komist að gagnstæðri niðurstöðu en þeir telja mjög ólíklegt að aukinn hegðunarvandi sé afleiðing annarra þátta en stofnanavistarinnar. Í þeim fáu tilfellum sem þeir gátu greint samhengi við aðra þætti kom hærri aldur við ættleiðingu ætíð fram í beinu sambandi við aðra þætti, svo sem fæðingu fyrir tíman og misnotkun ávanabindandi efna hjá móður á meðgöngu (Merz og McCall, 2010, bls. 10-11).

Í rannsókn Dalen og Theie (2012) er nefnt að fjórar gerðir hegðunarvanda hafi helst verið greindar hjá ættleiddum börnum. Þær eru athyglisskortur,

hreyfiórói, tengslavandi og einhverfulík vandamál. Með einhverfulíkum vandamálum er til dæmis átt við þætti eins og vanafestu, þar sem hlutirnir verða að gerast í fyrirfram ákveðinni röð, árátuhegðun, þar sem barnið endurtekur sama gjörninginn aftur og aftur (sbr. snúa kringlóttum hlutum hring eftir hring) og ofuráhuga á einhverju afmörkuðu sviði (sbr. ofuráhuga á löndum í Evrópu).

Niðurstöður rannsóknar Gunnar og Van Dulmen (2007) benda til þess að aukin hætta sé á athyglisvanda hjá ættleiddum börnum og þá virtist ekki skipta máli hvort þau höfðu dvalið um lengri eða styttri tíma á stofnunum. Sama niðurstaða kom í ljós hjá hópnum sem hafði einungis dvalist mjög stutt á stofnum en svo verið í fóstri fram að ættleiðingu. Í niðurstöðunum kom jafnframt í ljós að vísbendingar eru um vanda, bæði hjá börnum sem ættleidd eru af stofnunum og úr fóstri milli landa eftir 24 mánaða aldur, þegar kemur að hugrænum þáttum sem geta til dæmis verið athyglisvandi og vandi við að halda reglu á hugsunum sínum (Gunnar og Van Dulmen, 2007, bls. 140-141).

Rannsókn Dalen og Theie (2012, bls. 1 og 5) leiddi í ljós að hegðun ættleiddra barna breytist mikið á fyrstu mánuðunum og árunum eftir ættleiðingu. Þau tala um að fyrstu mánuðina eftir ættleiðingu sýni börnin sjaldan líkamlega ögrandi hegðun, en þau sýna þó mótþróa, reyna að stjórna og prófa sig áfram í að ná og halda athygli nýju foreldranna með til dæmis gráti, hávaða eða ósannfærandi elskulegheitum (sjarma). Eftir tveggja ára dvöl hjá foreldrum sínum sýna þau oftast líkamlega ögrandi hegðun. Hér tala Dalen og Theie um að lemja, ýta í, pota, og kasta dóti eða hlutum. Þessi líkamlega ögrun hefur mun meiri áhrif á foreldrana og getur frekar kallað fram hafnandi viðbrögð, en Dalen og Theie telja að það sé í mörgum tilfellum það sem börnin eru að leita eftir.

Í rannsókn Jacobs, Miller og Tirella (2010, bls. 23-26), þar sem meðal annars var skoðaður hópur ungra stúlkna ættleiddra frá Kína fyrir 24 mánaða aldur sem ekki höfðu fengið þjónustu frá sérfræðingum eftir ættleiðinguna, kom í ljós að á milli 25 og 50% stúlkanna áttu við hegðunarvanda að stríða, þ.e. vanda eins og mótþróa, athyglisleysi, ofvirkni og einkenni ADHD, og nær helmingur sýndi einkenni skynreiðuvanda (e. *sensory integration disfunction*). Jafnframt kom í ljós að meira en 10% barnanna áttu í vandræðum með stjórnkerfi sitt (e. *executive functioning*), en það hugtak er betur útskýrt í kafla 2.5. Umfang vandans reyndist í beinu samhengi við aldur

barnanna við ættleiðingu og kom þessi niðurstaða í ljós þó einungis væri um að ræða hóp ættleiddan fyrir 24 mánaða aldur.

Vísbendingar eru um að umhyggjusöm umönnun snemma í barnæsku geti ýtt undir eðlilegri þroska sjálfstjórnar (e. *self control*), en rannsóknir benda til þess að börn sem alast upp á undirmönnuðum stofnunum eigi í talsverðum vanda með sjálfstjórn (Pollak, Nelson, Schlaak, Roeber, Wewarka, Wiik og Gunnar, 2009, bls. 426-434). Sjálfstjórnarvandi er talinn auka líkurnar á því að börnin eigi við hegðunarvanda að stríða seinna meir (Merz og McCall, 2010, bls. 9-10).

Margt bendir til þess að hegðunarvandi ættleiddra barna sé oft í beinni fylgni við lengd tímans sem börnin dvöldu á stofnunum fyrir ættleiðingu (Gunnar og Van Dulmen, 2007, bls. 131; Hawk og McCall, 2010, bls. 9-10; Jacobs, Miller og Tirella, 2010; Johnson, 2002, bls. 45-46; bls. 23-26; Merz og McCall, 2010, bls. 3-4 Tan, 2011, bls. 18-20). Ofangreindar rannsóknir sem allar greindu fylgni milli lengdar dvalar á stofnun og hegðunarvanda gefa jafnframt vísbendingar um að hegðunarvandi á unglingsárum geti tengst aldri við ættleiðingu, en rannsakerndur greindu sterkari tengsl á milli þessara þátta hjá ættleiddum einstaklingum á unglingsárunum en á fyrri aldursskeiðum. Einnig sáust merki þess og að börn sem hafa stofnanavist í farteskinu geti verið sérstaklega viðkvæm fyrir streitunni sem í einverjum tilfellum fylgir hormónaflæði, auknu sjálfstæði og fleiri þáttum sem einstaklingarnir takast á við á unglingsárunum.

Samhljóða niðurstöðu er að finna í rannsókn sem unnin var í samstarfi barna og unglingsgeðdeildar Landspítalans og sálfræðideildar Háskóla Íslands og birtist í lækna blaðinu, þar sem kannað var hvaða áhættuþættir geta haft áhrif á andlega líðan og hegðun ættleiddra barna. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær helstar að þó flestum ættleiddum börnum farnist vel á nýjum stað sýni börn sem ættleidd eru eftir 18 mánaða aldur frekar merki hegðunarörðugleika og tilfinningavanda en almennt þýði, sem geti haft áhrif á námsárangur og líðan meðal annars á unglingsárum. Lengd dvalar á stofnun er einnig talin ráða miklu um líkurnar á vandamálum í framtíð barnanna (Málfríður Lorange o.fl., 2012, bls. 19-23).

2.4 Málþroski

Hefðbundinn málþroski hefst hjá börnum í flestum tilfellum strax við fæðingu og við fárra mánaða aldur er barnið farið að gera tilraunir með máhljóð sem síðan byggja undir málþroska þeirra. Þetta á líka við um börn ættleidd erlendis frá en það óhefðbundna sem gerist í málþroska þeirra er að rof kemur í málþroskann vegna skyndilegrar breytingar á móðurmálinu. Í fræðunum er oft talað um að ættleidd börn læri „annað fyrsta mál“ þar sem engin tenging er við fyrsta móðurmálið á meðan máltakan í seinna móðurmálinu á sér stað (Greenfield, 2011, bls. 48; Roberts o.fl., 2005, bls. 93-94; Scott o.fl., 2008, bls. 150-151).

Dalen og Rygvold (2006, bls. 47-48) benda á í rannsókn sinni að flest ættleidd börn nái tókum á nýja málinu mjög hratt og örugglega, en að um þriðjungur barnanna þrói þó með sér málvanda af einhverju tagi í seinna móðurmálinu. Þetta styðja niðurstöður rannsókna van Ijzendoorn og féлага (2005, bls. 310) en þeir benda jafnframt á að ef litið er á ættleidd börn erlendis frá sem hóp, burtséð frá upprunalandi þeirra, sýni þau merkjanlega seinkun í málþroska í samanburði við aðra jafnaldra.

Aldur við ættleiðingu og tíminn sem barnið hefur verið í nýja málumhverfinu eru sagðir þættir sem hafa mikil áhrif á máltökuna í seinna málinu, líkt og fleiri þættir sem þegar hafa verið nefndir. Aðbúnaður í frumbersku er stór áhrifaþáttur þegar framganga máltöku á nýju málsvæði er skoðuð. Þegar börnin koma í nýja landið má segja að líf þeirra umvarpist að öllu leyti. Börnin fara úr mjög sveltu umhverfi og aðbúnaði í það að fá ofgnótt af ást og athygli (Meacham, 2006, bls. 73-79).

Flestar rannsóknir á ættleiddum börnum á skólaaldri hafa snúið að félagslegum þroska þeirra og almennri vegferð í skóla, en þættir eins og tungumál og læsi hafa minna verið rannsakaðir (Scott o.fl., 2008, bls. 151). Eins og fyrr segir eiga ættleiddu börnin nokkuð auðvelt með að tileinka sér nýja tungumálið og er jafnframt talað um að barnið læri „annað fyrsta mál“ (Greenfield, 2011, bls. 48; Roberts o.fl., 2005 bls. 93-94; Scott o.fl., 2008, bls. 150-151).

Rannsóknir á málþroska ættleiddra barna lúta hins vegar aðallega að því hvernig ættleidda barninu gengur að vinna sig í gegnum yfirfærsluna frá fyrsta málsvæðinu yfir á það seinna. Í þessu samhengi hefur til dæmis komið fram að börn ættleidd frá Kína eigi frekar auðvelt með þessa yfirfærslu. Þrátt

fyrir að lítill hluti barnanna eigi í vandræðum virðast börn ættleidd frá Kína vera komin með sambærilegan málþroska á forskólaaldri og börn sem eingöngu hafa lært eitt móðurmál frá fæðingu. Mun minna er vitað um hvað gerist svo á seinni árum. Það er þegar börnin eru komin í skóla og farin að takast á við erfiðari viðfangsefni sem kalla á flóknari málþroska og máltilfinningu (Scott o.fl., 2008, bls. 150-153).

Ekki er hægt að bera málþroska ættleiddra barna, sem ættleidd eru erlendis frá, saman við málþroska tvítýngdra barna þar sem fyrsta málið hjá ættleiddu börnunum er lagt til hliðar og það látið víkja fyrir öðru fyrsta máli, á meðan tvítýngd börn læra hins vegar tvö mál samhliða hvort öðru (Greenfield, 2011, bls. 68; Meacham, 2006, bls. 73-79).

Oft er talað um að ættleidd börn komi hlaupandi inn í máltökuna á nýja málinu og renni sér hratt og örugglega í gegnum fyrstu þrep máltökunnar og er það helst vegna þess að þau hafa grunn í fyrra málinu og tækni sem þau yfirfæra. Máltaka þeirra á seinna fyrsta málinu er oft á annan veg en máltaka ungra barna á sínu fyrsta máli og feta þau oft á tíðum ólíkar leiðir. Rannsóknir sýna að mikilvægt er að gefa ættleiddum börnum tíma í yfirfærsluna á milli tungumála og þurfa jafnt foreldrar sem kennarar að vera meðvitaðir um að máltaka ættleidda barnsins getur verið mjög óhefðbundin og einstaklingsbundin þar sem barnið er að byggja á eigin málfræði- og málskynjunargrunni (Greenfield, 2011, bls. 68; Meacham, 2006, bls. 73-79).

Í rannsóknnum á ættleiddum börnum hefur komið í ljós að talsverður munur er á milli hæfni þeirra í daglega málinu annars vegar og skólamálinu hins vegar (Dalen og Rygvold, 2006, bls. 48). Cummins (2000, bls. 57-111) leggur áherslu á mismunandi málnotkun eftir aðstæðum; annars vegar hið daglega mál eða samskiptamál, þar sem einstaklingarnir notast við látbragð, svipbrigði og bendingar til stuðnings talmálinu/daglega málinu (e. *Basic Interpersonal Communication Skills (BICS)*), og hins vegar notkun og skilningur máls tengt hefðbundnu námi og kennslu - „skólamál“. Í skólanum er gerð krafa um að einstaklingurinn noti málið sem táknkerfi og styðjist við málnotkun sem óháð er stað og stund. Í skólanum læra einstaklingarnir ólíkar faggreinar, hugtakaforðinn getur verið framandi, þeir þurfa að hlusta, skilja, ræða um efnið og skrifa. Skólamálið gerir kröfu um að nemandinn geti ályktað, fært rök fyrir máli sínu og tengt efni við fyrri þekkingu. Skólamálið krefst þess líka að nemandinn geti borið saman, metið og dregið ályktanir (e. *Cognitive Academic Language Proficiency (CALP)*). Scott og félagar (2008,

bls 155-158) rannsókuðu munnlega og skriflega tungumálhæfni barna ættleiddra frá Kína á skólaaldri. Stærsti hluti barnanna skoraði um eða yfir meðallag í samanburði við börn sem alast upp í fæðingarlandi sínu með lífforeldrum. Tveir þátttakendur voru aðeins fyrir neðan viðmiðið og nokkuð stór hluti þátttakenda var í sérkennslu af einhverjum toga. Nokkur fylgni virtist vera á milli tungumálhæfni og aldurs við ættleiðingu. Þetta átti þó ekki við um alla þættina sem skoðaðir voru. Niðurstöður voru í andstöðu við niðurstöður Dalen frá 1991 og 1995, sem Scott og félagar vísa í, þar sem því var haldið fram að tungumálhæfni ættleiddra barna, í samanburði við börn sem alast upp hjá líffræðilegum foreldrum sínum, hrakaði á fyrstu árum skólagöngu. Scott og félagar (2008, bls. 155-158) halda því fram að þessi mikla tungumálhæfni sem börnin ná á fyrstu árunum vaxi með þeim og geri þau hæf til að takast á við málnotkun á hærri menntunarstigum.

2.5 Stýrikerfi (e. executive functioning).

Með stýrikerfi (e. *executive functioning*) er átt við þá vitsmunalegu ferla sem aðstoða einstaklinginn við að tengja saman það sem viðkomandi er að gera í núinu við reynslu úr fortíðinni. Einstaklingar sem eiga í örðugleikum með stýrikerfi sitt geta átt erfitt með þætti eins og skipulag, eftirtekt, minni á smáatriði og stjórnun á þáttum í tíma og rúmi. Hér getur verið um að ræða ofuráherslu á þessa þætti eða algera óreiðu og oft jaðrar við áhugaleysi (National center of disability, 2012,). Hostinar, Stellern, Schaefer, Carlson og Gunnar (2012, bls. 17210) benda jafnframt á vandamál tengd sveigjanleika, vinnsluminni og sjálfstjórn í þessu samhengi. Talað er um að uppleidsaðstæður þar sem barnið er umvafið ást og umhyggju frá fyrsta degi og markviss örvun á öllum skynfærum á sér stað jafnt og þétt fyrstu mánuðina í lífi barnsins leiði í flestum tilfellum til þess að stýrikerfi barnsins þroskist eðlilega (Bernier, Carlson og Whipple, 2010, bls. 326-328; Merz og McCall, 2010, bls. 2).

Stýrikerfi barna hefur verið rannsakað með ólíkum hætti. Hefðbundnar rannsóknir á stýrikerfi eru í flestum tilfellum unnar á rannsóknarstofum þar sem taugaboð um framheila eru mældar, en niðurstöður rannsókna benda til þess að framheilinn sé sérstaklega viðkvæmur fyrir skaða á meðgöngu og á fyrstu mánuðunum í lífi barnsins (Bos, Fox, Zeanah og Nelson, 2009, bls. 6). Aðrir fræðimenn hafa kannað stýrikerfi ættleiddra barna í raunverulegum

aðstæðum gegnum mat foreldra og í sumum tilfellum kennara. Með því telja rannsakendur sig auka gildi rannsóknarinnar og að með þessu rannsóknarformi fái skýrari mynd af því hver staða barnsins er í raunveruleikanum sem daglega lífið býður uppá. Aðstæðum þar sem álagið sem verður til vegna heimsókna á rannsóknarstofu er ekki til staðar (Merz og McCall, 2010, bls. 2).

Hæfnin til að nota stýrikerfið helst í hendur við þroska heilans. Í þessu samhengi er mest talað um framheilann (Bos o.fl., 2009, bls. 6; Merz og McCall, 2010, bls. 2; Pollak o.fl., 2010, bls. 225 og 230-233) og lífsreynslu, það er þann aðbúnað og raunveruleika sem einstaklingurinn hefur búið við á fyrstu mánuðum og árum ævi sinnar (The National center of disability, 2010).

Hæfni í notkun stýrikerfisins getur auðveldað börnum og ýtt undir hæfni þeirra í að takast á við að halda athygli og leiða hjá sér truflun, auk þess að ná betri námsárangri (Bernier o.fl. 2010, bls. 326; Mertz og McCall, 2010, bls. 2).

Framheilinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna og með auknum þroska gerir hann einstaklingnum fært að skilja hugræna ferla eins og athygli, skipulagningu hreyfinga, getu til að sýna sjálfsstjórn og vinnsluminni. Með vinnsluminni (e. *working memory*) er átt við þá hæfni sem felst í að vinna úr upplýsingum og reynslu og tengja við fyrirliggjandi þekkingu og reynslu einstaklingsins. Framheilinn er jafnframt viðkvæmur fyrir reynslu og aðbúnaði á fyrstu mánuðum og árum barnsins (Pollak o.fl., 2010, bls. 225 og 230-233).

Hið mikla þroskastökk, sem í flestum tilfellum verður hjá ættleidda barninu eftir ættleiðingu, virðist, samkvæmt rannsóknnum, ekki endilega ná yfir alla þætti þroska. Hugrænir þættir eins og athygli, sem og þættir sem tengjast stýrikerfi barnsins (e. *executive functioning*) fylgja ekki alltafl íkamelgum þroska barnsins (Mertz og McCall, 2010, bls. 1). Stýrikerfi getur haft mikil áhrif á sjálfstjórn barnsins, en það er þáttur sem talað er um að mörg ættleidd börn eigi í vandræðum með, eins og fyrr hefur komið fram (Jacobs, Miller og Tirella, 2010, bls. 23-26).

Barn sem upplifað hefur áföll og vanörvun í barnæsku getur verið seint til að þroska með sér hæfni í notkun stýrikerfisins hjálparlaust og jafnvel farið á mis við þessa hæfni. Í þeim tilfellum sem um ættleiðingu erlendis frá er að ræða hefur aldur við ættleiðinguna talsverð áhrif. Börn sem ættleidd eru fyrir tveggja ára aldur geta átt í örðugleikum með stýrikerfi, en vandinn getur

orðið meiri því nær tveggja ára aldri sem þau eru við ættleiðingu. Rannsókn Jacobs, Miller og Tirella (2010, bls. 26) leiddi hins vegar í ljós að um 11% ættleiddra barna áttu í vandamálum með stýrikerfi sitt strax á leikskólaaldri .

Ættleidd börn sem búa við skort á fyrstu mánuðum ævi sinnar sýna talsvert slakari niðurstöður í rannsóknum á stýrikerfinu þegar þau eru komin á grunnskólaaldur en börn sem búið hafa við góðan aðbúnað frá fæðingu (Bos o.fl., 2009, bls. 1-7; Hostinar o.fl., 2012, bls. 17208-17212; Merz og McCall, 2010, bls. 8-9; Pollak o.fl., 2010, bls. 224-236). Lítillega hefur verið skoðað hvernig staðan er hjá börnum á leikskólaaldri og ber þeim rannsóknum ekki saman. Niðurstöður rannsóknar Merz og McCall (2010, bls. 8-9), benda til þess að ekki sé merkjanlegur munur á stýrikerfi ættleiddra barna á leikskólaaldri og stýrikerfi annarra barna.

Hostinar og félagar (2012, bls. 17210) unnu viðamikla rannsókn á 60 stofnanabörnum sem ættleidd voru til Bandaríkjanna frá ólíkum löndum. Rannsóknin fór fram ári eftir að börnin komu inn í nýju fjölskyldurnar sínar. Það er mun nær ættleiðingu en áður hafði verið reynt. Höfundar greindu slakari frammistöðu í þeim þrem þáttum stýrikerfis sem kannaðir voru; sveigjanleika, vinnsluminni og sjálfsstjórn. Þeir benda jafnframt á að hæfni í notkun stýrikerfis í barnæsku sé tengd við námsárangur í framtíðinni og jákvæðan félagslegan þroska barna og að mikilvægt sé að hafa þennan þátt í brennidepli í umræðu um velferð ættleiddra barna. Jafnframt benda þeir á að vandamál með stýrikerfi í barnæsku geti leitt til vandamála með stýrikerfi á fullorðinsaldri. Niðurstöður þeirra eru í samræmi við fyrrnefnda rannsókn Jacobs, Miller og Tirella (2010, bls. 26)

Niðurstöður rannsóknar sem gerð var á börnum sem búa við góðan aðbúnað hjá lífforeldrum frá fæðingu gefa vísbendingar um að hægt sé að gera rannsóknir á stýrikerfinu með aðlöguðum rannsóknaraðferðum strax á unga aldri. Þessar niðurstöður eru studdar af niðurstöðum rannsókna sem tengjast stýrikerfi ungra ættleiddra barna og voru nefndar hér ofar (Bernier o.fl., 2010, bls. 328 og 336).

Stífl dagleg rúttína, ör skipti á umönnunaraðilum og fá tækifæri til beinna samskipta milli barns og umönnunaraðila eru þættir sem samkvæmt rannsóknum einkenna líf barna á barnaheimilum víða um veröld og þessir þættir leiða af sér lítinn hvata til sálræns þroska. Allt eru þetta þættir sem geta haft hamlandi áhrif á þroska stýrikerfis hjá einstaklingum (Bos o.fl., 2009,

bls. 1; Güler o.fl., 2012, bls. 346; Mertz og McCall, 2010, bls. 3; Pollak, 2010, bls. 225).

2.6 Skólaaðlögun

Fyrir öll börn er það stór áfangi að færast á milli skólastiga og margvíslegar væntingar eru bundnar þessum tímamótum hjá bæði foreldrum og börnum (Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 65). Ekki er til nein alþjóðleg skilgreining á því hvaða færni og þekkingu börn þurfa að búa yfir eða hvaða markmiðum þau þurfa að hafa náð til að hægt sé að tala um að þau séu tilbúin til að færast af einu skólastigi yfir á annað. Hugtakið skólafærni (e. *school readiness*) felur sér að ákveðin færni hljóti að vera nauðsynleg til að hefja grunnskólagöngu. Í hverju þessi nauðsynlega færni liggur er hins vegar ekki alltaf ljóst (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011, bls. 6; Engelund og Buch-Illing, 2012, bls. 101).

Halldóra Haraldsdóttir (2012, bls. 3-4) bendir á í grein sinni að jákvæð upplifun af yfirfærslu milli skólastiga geti leitt til jákvæðrar framvindu skólagöngunnar, bæði ef litið er til námsárangurs og félagslegrar færni. Vísbendingar eru um að þeir sem upplifa yfirfærsluna á milli skólastiga sem neikvæða og erfiða upplifun eigi oft í erfiðleikum á skólagöngunni. Undir þetta taka Engelund og Buch-Illing (2012, bls 101) og undirstrika að jákvæð upplifun af tilfærslu milli skólastiga hafi jákvæð áhrif á almenna vegferð barnsins á skólagöngunni. Á sömu nótum skrifar Jóhanna Einarsdóttir (2007) í bók sinni „*Lítill börn með skólatöskur*“, en þar bendir hún meðal annars á að yfirfærslan milli skólastiga sé þróunarferli og í raun og veru ekki einkamál barnsins heldur sameiginlegt starf allra sem að skólasamfélaginu standa (Jóhanna Einarsdóttir, 2007, bls. 91-101).

Áhersla á samfellu milli skólastiga er orðin að áhersluatriði og útgangspunkti aðalnámskrárinnar sem gildir fyrir öll skólastigin:

Skólaganga barna á að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf að byggja á fyrri námi og reynslu þeirra úr leikskólanum. Sú hæfni, sem börn öðluðust í leikskóla, verður þannig sá grunnur sem námið í grunnskóla byggist á (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011, bls. 72-73).

Skólaumhverfið getur oft á tíðum reynst ættleiddum börnum, sérstaklega þeim sem dvalið hafa á stofnunum fyrir ættleiðingu, erfitt þar sem það minnir á ýmsan hátt á umhverfi stofnananna, en skólar eru stofnanir þar sem mörg börn eru saman komin í umsjá fárra fullorðinna. Hins vegar getur aðbúnaður eftir ættleiðingu dregið úr líkum á erfiðleikum og á það einnig við um sameiginlegt átak heimilis og skóla þegar kemur að því að skapa góðar aðstæður fyrir barnið í upphafi skólabyrjunar (Tan og Camras, 2011, bls. 1819-1820).

King gerði rannsókn (2009, bls. 5) á yfirfærslu ættleiddra barna á milli skólastiga og bendir hún á að fyrir flest börn sé sú yfirfærsla stór áfangi og því ekki skrítið að nemendum og foreldrum finnist þetta oft á tíðum heilmikið mál og nokkuð erfitt. Galton, Gray og Rudduck (1999) benda á að flest börn upplifa einhverja erfiðleika á þessum tímamótum sökum þess að þau eru að aðlagast breyttu skipulagi, missa gamla vini og læra á nýja kennara, auk þess sem væntingarnar geta verið óraunhæfar. Samkvæmt Galton og félögum er þetta þó tímabil sem tekur í flestum tilfellum mjög stuttan tíma. Hins vegar bendir King á að þetta geti reynst sumum börnum mjög erfitt og í þeim hópi má finna, meðal annarra, ættleidd börn (King, 2009, bls. 5).

Engelund og Buch-illing (2012, bls. 101-108) benda á að ættleidd börn eru oft næm fyrir breytingunum sem eiga sér stað við tilfærslu milli skólastiga og því æskilegt fyrir foreldra og kennara að vera með varann á sér við upphaf grunnskólagöngu og jafnframt áfram í hvert sinn sem barnið upplifir færslu á milli þrepa í skólagöngu sinni. Breytingar í daglegri rútnu barnsins geta haft þær afleiðingar að það fer út af beinu brautinni. Collishaw, Maughan og Pickles (1998, bls. 57-65) halda því fram að aðskilnaður frá blóðforeldrum geti gert börn tilfinningalega viðkvæm (e. *psychologically vulnerable*) og því séu þau enn viðkvæmari fyrir öllum breytingum. King (2009, bls. 5) vísar til skrifna Allen frá 2008 þar sem hann bendir á að missir í frumbersku eða áfall geti leitt af sér tengslavandamál sem getur haft veruleg áhrif á getu barnsins til að ná fullum árangri og virkni jafnt heimavið sem í skólaumhverfinu.

Lengi vel var talið að það væru aðallega börn sem ættleidd voru á eldri árum sem ættu í vandræðum við upphaf skólagöngunnar, en nýlegar rannsóknir benda til þess að flestöll ættleidd börn séu í áhættuhóp varðandi hegðunar- og tilfinningalegan vanda (Howe, 1997, bls. 410; Jacobs, Miller og Tirella, 2010, bls. 26; Tan, 2011, bls. 18-20).

Í eftirfylgnirannsókn Tan (2011, bls.18-20), þar sem skoðuð var hegðunaraðlögun hjá stúlkum ættleiddum frá Kína á tveggja ára tímabili, kom í ljós talsverð hegðunarbreyting á aldursbilinu þar sem tilfærsla á milli skólastiga á sér stað og þá sérstaklega í sálrænum þáttum eins og kvíða. Telur Tan að ástæðuna geti verið að finna í breyttu skólaumhverfi þar sem börnin tengja aðbúnað í leikskólum og skólum við aðstæður sem þau þekkja jafnvel frá dvöl sinni á barnaheimilum. Tímabilið þegar stúlkurnar eru komnar á skólaaldur getur jafnframt reynst þeim erfitt meðal annars vegna þess að þá gerir þroski stúlkanna þeim kleift að velta fyrir sér ýmsum málefnum sem snúa að ættleiðingunni sjálfri. Þetta getur í mörgum tilfellum reynst þeim tilfinningalega erfitt og getur það haft áhrif á hegðun þeirra og líðan.

Eins og fram hefur komið eru vandamálín sem ættleidd börn geta staðið frammi fyrir víðtæk og geta því haft áhrif á námslega framvindu. Behen, Helder, Rothermel, Solomon og Chugani (2008, bls. 5-10) reyndu að skilgreina þá undirliggjandi þætti sem gætu orsakað slakan námsárangur ættleiddra barna. Þeir skoðuðu áhrif vanrækslu á fyrstu mánuðunum á námslega framvindu og komust að því að tæplega helmingur barnanna átti í vandamálum með stýrikerfið, tungumál og minni. Einnig töluðu þeir um að þó hluti næði að þroska með sér framangreinda þætti ættu aðrir í varanlegum vanda með þá. Þeir leiddu að því líkum að vandamálín sem um ræðir gætu átt grunn sinn í ólíkum þáttum, líkt og skaða á fósturstigum eða fyrst eftir fæðingu, streitu og skorti á umhverfislegu áreiti. Vorria og félagar (2006, bls. 1250-1253) komust að svipuðum niðurstöðum hvað varðar börn sem eyddu fyrsta hluta ævi sinnar á stofnunum fyrir ættleiðingu. Rannsókn þeirra sýndi að börnin höfðu fleiri sálræn vandamál í samanburði við börn sem höfðu verið alin upp í stöðugu heimilishaldi. Að auki fundu þau vísbendingar um að börnin ættu erfðara með að lesa í og skilja tilfinningar annarra.

Van Ijzendoorn og Juffer (2005, bls 326-327) hafa sýnt fram á hin jákvæðu áhrif ættleiðinga á vitsmunalegan þroska barna og hversu hraðar breytingarnar eru í rétta átt hvað varðar vitsmunapróska eftir ættleiðingu. Þau benda hins vegar á að þrátt fyrir þetta sé nokkuð um seinkaðan og slakan námsárangur hjá þessum börnum. Í því samhengi benda þau á samanburðar rannsókn Colombo og fleiri frá 1992 þar sem bornir voru saman þrír hópar barna og greindarvísitala þeirra mæld. Öll börnin höfðu upplifað vannæringu af einhverju tagi í tiltekin tíma. Fyrsti hópurinn var hópur ættleiddra barna, annar hópurinn samanstöð af börnum sem voru kyrr á stofnun og þriðji

hópurinn samanstóð af börnum sem höfðu snúið aftur til kynforeldra sinna. Í ljós kom að ættleiddu börnin voru með greindarvísitölu vel innan eðlilegra marka og þau stóðu sig betur en hinir hóparnir. Höfundarnir leiddu að því líkum að skaði vegna vannæringar hefði ekki óafturkræfar afleiðingar heldur gætu breyttar aðstæður í umhverfi barnsins haft jákvæð áhrif.

Önnur niðurstaða van Ijzendoorn og Juffer (2005), sem byggði á átta rannsóknum, var sú að ekki væri munur á greindarvísitölu ættleiddra barna í samanburði við félagá og jafnaldrá sem höfðu alist upp hjá kynforeldrum. Hins vegar kom í ljós að ættleiddu börnin virtust sýna heldur slakari námsárangur. Hlutfall ættleiddra barna sem átti í námsörðugleikum virtist nokkuð hærri en jafnaldrá þeirra sem ekki voru ættleiddir. Höfundar komust jafnframt að því að í löndunum sem rannsóknirnar náðu yfir (ekki kom fram um hvaða lönd var að ræða) og börnin voru ættleidd til voru ættleidd börn send í sérkennslu helmingi oftar en aðrir jafnaldrar. Það skal þó hafa í huga að hlutfall ættleiddra barna sem sent var í sérkennslu var mjög lágt eða 12,8%, en það var eftir sem áður hátt hlutfall miðað við almenna þýðið þar sem prósentan var 5,5%. Einnig ber að geta þess að niðurstöðurnar byggja á fáum rannsóknum. Jafnframt benda van Ijzendoorn og Juffer á að möguleiki sé á að foreldrar ættleiddra barna séu tilbúnari til að senda börnin sín í sérkennslu en aðrir foreldrar, það er að þau virðast oft meðvitaðri um þá þjónustu sem í boði er og meira á tánum yfir þeim vandamálum sem að börnunum þeirra steðja (van Ijzendoorn og Juffer, 2005, bls 327-328).

Van Ijzendoorn og Juffer (2005, bls. 328-329) benda á að tengslamyndun á fyrstu mánuðunum geti verið mikilvægur þáttur í námsframvindu barnsins og virkað sem varnarþáttur gegn námsörðugleikum á seinni árum. Einnig benda þeir á að misræmið á milli jákvæðra breytinga á greindarvísitölu ættleiddra barna og þessarar seinkunar í námsframvindu geti gefið vísbendingar um að bil milli eiginlegrar getu og námsframvindu geti verið að ræða. Þetta bil virtist mest meðal þeirra barna sem komu úr versta umhverfinu og aðstæðunum fyrir ættleiðingu. Höfundar leiða að því líkum að þetta bil magnist vegna félagslegra og tilfinningalegra aðstæðna og krafna um árangur í vinnubrögðum sem byggja á hópavinnu, en það er vinnulag sem oft og tíðum reynist ættleiddum börnum erfitt í skólaumhverfinu. Einnig byrja börnin að gera sér betur grein fyrir því á miðstigi hvað fortíð þeirra inniheldur. Missir sem hefur átt sér stað og sorgin sem honum fylgir getur hægt á almennri þroska- og námsframvindu þeirra. Félagsleg og

tilfinningaleg vandamál geta þannig haft áhrif á námsframvindu með beinum hætti.

Eins og fram hefur komið virðist aðbúnaður fyrir ættleiðingu hafa áhrif á félagsþroska barnanna og enn er talað um að aldur við ættleiðingu hafi mikið að segja. Flest bendir til þess að ólíkir þættir hafi áhrif á félagsþroskan, til dæmis að tenging við móður hafi mikil áhrif á heimavellinum á meðan það virðist ekki hafa bein áhrif í skólaumhverfinu, en slök félagsleg hæfni hefur hins vegar töluverð áhrif á námsárangur barnanna (Tan og Camras, 2011, bls. 1819-1820).

Þessar niðurstöður er mikilvægt að hafa í huga þegar verið er að skoða yfirfærslu ættleiddra barna á milli skólastiga. Horfa þarf á hvern einstakling fyrir sig og meta hver staða einstaklingsins er við flutning á milli skólastiga. Þetta á ekki síður við um hópa sem eru í áhættuhóp um að skera sig svolítið frá heildinni og má þar meðal annarra nefna ættleidd börn.

2.7 Lög og reglugerðir

Lög um ættleiðingar

Á Íslandi er aðeins eitt ættleiðingafélag sem hefur löggildingu íslenskra stjórnvalda til milligöngu um ættleiðingar erlendis frá, en það er félagið Íslensk ættleiðing. Félagið hefur verið starfandi í rúm þrjátíu ár og hafa um 600 börn eignast nýjar fjölskyldur á Íslandi fyrir tilstuðlan þess.

Starfi félagsins eru ýmsir ramar settir með lögum sem gilda um ættleiðingar til Íslands. Jafnframt tekur það mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Haagsamningnum sem nær yfir vernd barna og samþykktir milli landa um ættleiðingar. Samningur þessi var fullgildur á Íslandi árið 1999 (Hrefna Friðriksdóttir, 2010, bls. 22-23; Ættleiðingarlög nr. 130/1999).

Aðalnámskrá grunnskóla/Skóli án aðgreiningar

Íslenskt skólasamfélag viðurkennir í opinberum skjölum að öll börn eigi jafnan rétt til náms og að þar eigi uppruni, kyn, trú, búseta, stétt, kynhneigð og heilsa ekki að hafa nein áhrif (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 40-44; Lög um grunnskóla nr.91/2008). Ættleidd börn, jafnt sem öll önnur börn, eiga rétt á því að þeim sé mætt í skólakerfinu af sanngirni og

alúð og að tekið sé mið af sérþörfum þeirra í daglegu starfi í skólanum, sama af hvaða rótum sérþarfirnar eru runnar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 40-41).

Skólastarf á Íslandi byggir á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar, sem felur það í sér að öll börn eiga rétt á að sækja skóla í sinni heimabyggð og að nám þeirra sé sniðið að þörfum þeirra og getu eftir mesta mætti (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 41). Skilgreiningar á hugtakinu nám án aðgreiningar eru alls ekki skýrar. Í raun er best að tala um hugmyndafræði frekar en hugtak þar sem um mjög víðtæka stefnu er að ræða sem með innleiðingu hefur í för með sér gríðarlega víðtækar breytingar á þeirri stefnu í skólamálum sem áður tíðkaðist (Armstrong, Armstrong og Spandagou, 2010, bls. 29-31; Thomas og Loxley, 2007, 43-45).

Gert er ráð fyrir að skólinn þróa kennsluhætti sem taka mið af barninu og sé um leið fær um að veita öllum nemendum, alvarlega fötluðum eða illa stöddum jafnt og öðrum, góða kennslu. Sá skóli vinnur þá einnig gegn hugarfari mismununar og býður öll börn velkomin í umhverfi sínu og ýtir undir vöxt þjóðfélags án aðgreiningar (Menntamálaráðuneytið, 1995, bls. 15–16).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* kemur fram að skylda grunnskólanna er að mennta öll börn á árangursríkan máta og lögum samkvæmt hafa allir nemendur þann rétt að námið sé við hæfi, jafnt í bóklegu námi, verk- og listnámi, og ber sveitarfélögum skylda til að sjá nemendum fyrir námstækifærum sem sæmir, hvernig svo sem þeir eru líkamlega eða sálarlega á sig komnir, félagslega, tilfinningalega eða með tilliti til málþroska. Þetta á við um öll börn (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 23). Þessi markmið *Aðalnámskrár grunnskóla* eru í fullu samræmi við það sem kemur fram í inngangi rammaáætlunar Salamanca-yfirlýsingarinnar en þar segir einnig að grundvöllurinn fyrir henni sé að skólar taki við öllum börnum; fötluðum og ófötluðum, afburðagreindum, götubörnum eða börnum úr minnihlutahópum svo eitthvað sé nefnt (Menntamálaráðuneytið, 1995, bls. 15–16).

Rannsóknir sýna að ættleidd börn þurfi umtalsvert utanumhald á skólagöngunni, ekki síst hvað varðar viðkvæmni þeirra fyrir breytingum, næmni fyrir áreiti úr umhverfinu og fleiri þátta sem þegar hafa verið tíundaðir í fyrri köflum (Grey, 2007, bls. 149-198; Jacobs, Miller og Tirella, 2010, bls.

26; Purvis, Cross og Sunshine, 2007, bls. 27-40). Hlutverk laga og reglugerða er varða skólalald á Íslandi eiga að tryggja ættleiddum börnum þessa aðstoð.

3. Rannsóknin

Meginviðfangsefni þessarar rannsóknar var að kanna þjónustubörf barna sem ættleidd eru erlendis frá til Íslands, við upphaf og á fyrstu árum grunnskólans. Tilgangurinn var að fá fram sjónarmið kennara sem reynslu hafa af móttöku ættleiddra barna í grunnskólum, sem og reynslu foreldra ættleiddra barna. Til að fá sem skýrasta mynd af viðfangsefninu var úrtakið miðað við hóp sem hefur nýlega reynslu af skólabyrjun ættleiddra barna.

Rannsóknarspurningin er:

Hafa ættleidd börn þörf á aukinni þjónustu við upphaf grunnskóla og, ef svo er, hver er þörfin.

Undirspurningar eru tvær:

1.Hver er reynsla foreldra af þjónustubörf ættleiddra barna við upphaf grunnskólagöngu?

2.Hver er reynsla kennara af móttöku og þjónustubörf ættleiddra barna í fyrstu bekkjum grunnskóla?

3.1 Aðferðir - viðtalsrannsókn

Eiginleg viðtalsrannsókn varð fyrir valinu sem rannsóknaraðferð í þessari rannsókn. Eitt af markmiðum eigindlegra rannsókna er að skoða viðfangsefnið ýtarlega og helst í sem eðlilegustum aðstæðum t.d., heima hjá viðmælendum, á vinnustöðum eða á almennum samkomustöðum. Rannsakandinn safnar sjálfur gögnunum en aflar þeirra ekki í gegnum útsenda spurningalista eða rannsóknir á rannsóknarstofu (Creswell, 2009, bls. 175).

Viðtöl eru í sjálfu sér félagsleg athöfn og rannsakendur þurfa að geta sett sig inn í hugarheim viðmælanda sinna, túlka viðbrögð þeirra og frásagnarmáta og móta þannig upplýsingar sem oft nýtast sem gögn í rannsóknum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003, bls. 220; Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 67; Kvale, 2006, bls. 481-482).

Viðtöl sem hluti af eigindlegri rannsóknaraðferðir krefjast mikillar nákvæmni en þá er leitast við að fá svör við spurningum sem snerta ákveðna reynslu, hugmyndir og tilfinningar hjá viðmælendum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003, bls. 222). Viðtöl eiga því vel við til dæmis þegar skoða á reynslu fólks af samskiptum og afmörkuðum fyrirbærum í reynsluheimi þess, viðhorf, væntingar eða gildismat (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 67).

Viðtalsrannsókn varð fyrir valinu þar sem ég taldi hana henta best til að svara rannsóknarspurningunni. Kostir þessarar aðferðar eru að viðtöl bjóða upp á ákveðin sveigjanleika og persónulega nálgun sem ég taldi mikilvæga í þessu samhengi (Robson, 1999, bls. 229-231). Talað er um að rannsakandinn sé í lykilhlutverki í rannsókninni; hann safnar gögnum, vinnur úr þeim, greinir og leitar niðurstaðna. Gagnasöfnun getur farið fram á ólíkan hátt, til dæmis með vettvangsrannsóknum, viðtölum og með leit í fyrri rannsóknir (Creswell, 2009, bls. 175).

Í þessari rannsókn er gagna aflað með viðtölum við foreldra ættleiddra barna og grunnskólakennara sem reynslu hafa af kennslu ættleiddra barna. Með því að styðjast við eigindlega aðferðafræði eru líkur á að fram komi skýr mynd af reynslu og upplifun viðmælenda og um leið myndar rannsakandinn tengsl við viðmælendur, sem auðveldar honum að lesa í svipbrigði og aðstæður (Creswell, 2009, bls. 175). Þetta getur skipt máli þegar verið er að rannsaka málefni sem tengjast fólki persónulega eins og t.d. þegar foreldrar eiga í hlut.

Eigindleg viðtöl eru meginþáttur eigindlegra rannsókna og gefa þau ef rétt er að málum staðið djúpstæðar lýsingar sem skýra vel og veita innsýn í reynslu og upplifun fólks (I-tech, 2008, bls. 1).

Nokkrar leiðir eru færar við framkvæmd eigindlegra viðtala og er ein af þeim hálfopin viðtöl (e. *semistructured interview*) (Robson, 1999, bls. 229-231). Í hálfopinum viðtölum er rannsakandinn við stjórnvölinn og hefur hann sér til stuðnings í viðtalinu fyrirfram ákveðinn spurningaramma sem stýrir stefnu viðtalsins í þá átt er rannsakandinn hefur áður ákveðið. Hálfopin viðtöl bjóða upp á möguleika á að bera niðurstöðurnar saman á milli viðmælenda og um leið býður þetta rannsóknarform upp á ákveðinn sveigjanleika í tengslum við viðtalsrammann. Rannsakandinn þarf ekki að einskorða sig við fastmótaðar spurningar í gegnum öll viðtölin (I-tech, 2008, bls. 2; Kvale, 2009, bls. 130).

Turner (2010 bls. 756) bendir jafnframt á mikilvægi þess að hafa ákveðinn spurningaramma þar sem passað er upp á að spurningarnar séu alltaf lagðar eins fyrir viðmælendur, með sama orðalagi, þó þær bjóði jafnframt upp á að viðmælendur séu hvattir til að fara dýpra í svör sín. Hann bendir á að þessi gerð viðtala gefi oft mjög miklar og djúpar upplýsingar.

Gallar geta hins vegar verið þeir að rannsakanda yfirsjáist mikilvæg atriði og sveigjanleiki í röð spurninga og samhengi þeirra getur minnkað möguleika á samanburði gagna frá öðrum þátttakendum. Viðtalsrannsóknir eru einnig tímafrekar og rannsakandi þarfa að gæta þess vel að vera hlutlaus og hafa sem minnst áhrif á framgang rannsóknarinnar (Turner, 2010, bls. 756-757).

3.2 Val á viðmælendum

Við val á viðmælendum var notað tilgangsrúrtak. Með tilgangsrúrtaki er átt við að valið er í úrtakshópinn eftir persónulegri þekkingu og reynslu viðmælenda af viðfangsefninu. Katrín Blöndal bendir á í grein sinni „Úrtök í eiginlegum rannsóknum“ (2004, bls. 1) að ekki þurfi að vera búið að ákveða fullkomlega hversu margir verða í úrtakinu áður en farið er af stað í viðtölin, heldur gera ráð fyrir að hægt sé að bæta við viðmælendum ef þurfa þykir .

Ákveðið var að ræða við að lágmarki sex foreldra. Við val á foreldrum var horft til þess að þau ættu í það minnsta tvö ættleidd börn og að þau hefðu reynslu af upphafi skólagöngu annars barnsins eða beggja. Miðað var við að yngra barnið væri byrjað í leikskóla. Þátttakendur þurftu að vera bæði af landsbyggðinni og af höfuðborgarsvæðinu. Ég taldi að með því fengi ég hóp foreldra sem hefði nokkuð víðtæka reynslu af því að aðstoða börn sín við upphaf grunnskólagöngu, auk þess sem viðmælendur væru líklegri til að hafa velt fyrir sér yfirfærslunni á milli skólastiga og hvað hún felur í sér.

Markmiðið var að ræða við að lágmarki sex kennara úr sex skólum og gekk það eftir. Við val á skólum og kennurum var viðmiðið að skólinn hefði tekið á móti í það minnsta þremur börnum á síðustu fimm árum. Jafnframt var haft að viðmiði að kennararnir sem þátt tækju hefðu reynslu af móttöku að lágmarki eins til tveggja ættleiddra barna í bekkinn sinn. Skólarnir sem haft var samband við og tóku þátt í rannsókninni falla allir undir þetta viðmið.

Kennararnir sem tóku þátt í rannsókninni voru ekki endilega kennarar barnanna sem rætt er um í foreldrahluta rannsóknarinnar. Það var meðal

annars gert til að tryggja að ekki væri hægt að þekkja viðmælendur og börn í niðurstöðum rannsóknarinnar. Þetta á bæði við um fjölskyldur og kennara.

3.3 Gagnasöfnun

Rannsóknin byggir á viðtölum við kennara og foreldra. Spurningarnar í viðtalsrammanum voru valdar með það að markmiði að varpa sem best ljósi á reynslu og upplifun viðmælenda af viðfangsefninu. Val á spurningum byggði ég að stærstum hluta á eigin reynslu sem og fræðigreinum sem lesnar voru við undirbúning rannsóknaráætlunar.

Robson (1999: bls 227-241) bendir á að mikilvægt sé að undirbúa viðtöl af kostgæfni. Viðtalsramminn var forprófaður og tekin viðtöl við eitt foreldri og einn kennara. Í kjölfar þess fór ég yfir þá þætti sem ásæða var til að bæta. Efni viðtalsins var ákveðið fyrirfram með spurningaramma og stýrði ég röð spurninganna. Þrátt fyrir að viðtölin hafi í heild sinni verið hálfopin byrjaði ég hvert viðtal á víðri spurningu og leitaðist við að hafa samræðurnar opnar. Eftir því sem á hvert viðtal leið urðu samræðurnar þrengri og skýrari mynd fékkst þannig af viðfangsefninu. Eðli samræðnanna breyttist þannig eftir því sem leið á viðtalið (Kvale, 1996, bls. 144-159). Stikkorð sem sett voru fram í viðtalsrammanum voru sett fram til að ná fram dýpri svörum þegar og ef þörf var á og til að fá betri innsýn í það sem fram kom í samtalinu við viðmælendur. Samkvæmt Robson (1999, bls. 227-228) þá er ekki ekki óvanalegt að í spurningarrammanum fylgi ákveðnar spurningar sem lúta að staðreyndum eða öðru er málið varðar.

Viðtölin hljóðritaði ég með samþykki þátttakenda. Viðtölin voru skipulögð með góðum fyrirvara og boðið var upp á að þau færu fram þar sem hentaði þátttakendum best.

Helmingur viðtalanna fór fram á heimilum foreldra en hinn helmingurinn fór fram í gegnum samskiptaforritið Skype. Viðtölin tóku samanlagt um 6 klukkustundir og hafði rannsakandi rúmlega 100 blaðsíður af útprentuðu efni þegar kom að greiningu viðtalanna.

Sex viðtöl voru tekin við grunnskólakennara víðsvegar um landið og fóru þau öll fram á vinnustöðum þátttakenda. Viðtölin tóku samanlagt rúmar 3 klukkustundir og hafði rannsakandi tæplega 50 blaðsíður af útprentuðu efni þegar kom að greiningu.

Í viðtölunum var áhersla lögð á að skilja rannsóknarviðfangsefnið út frá sjónarhóli þátttakenda sem felur jafnframt í sér túlkun rannsakanda á reynslu þátttakenda (Kvale 1996, bls. 144-159). Hlustunin er mikilvægur þáttur í viðtalsrannsóknum og þarf rannsakandinn að hlusta meira en hann talar, viðmælandinn þarf að finna að á hann sé hlustað af einlægni og áhuga (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 249-265; Rubin og Rubin, 2005, bls. 265-267).

Vel gekk að leyfa viðmælendum að hafa orðið og hlustun og innskot mín virtust frekar hvetja þá til að ígrunda og leita svara á þann hátt að svörin við spurningunum voru almennt djúp og yfirgripsmikil. Talsverðu munur var þó á svörum foreldra og kennara er þetta varðar. Foreldrar höfðu meira um málefnið að segja og svör þeirra voru almennt löng og ítarleg.

Spurningarnar voru lagðar fyrir þátttakendur í sömu röð og með svipuðu orðalagi. Þetta var gert til að tryggja að ferli rannsóknarinnar væri sem líkast hjá öllum sem og til að draga úr hugsanlegum áhrifum rannsakanda.

3.4 Úrvinnsla gagna

Viðtölin voru afrituð eins fljótt og unnt var eftir að þau höfðu farið fram. Var það gert til að ég gæti áttað mig á hvaða þættir komu fram og hvað veki sérstaka athygli og mætti athuga nánar. Rannsakandinn þarf að skynja og túlka það sem þátttakendur segja og gera. Hann upplifir frásögnina með þeim og umbreytir síðan því sem fyrir augu og eyru ber í ritað mál (Helga Jónsdóttir, 2003, bls. 67-68).

Þegar viðtölin höfðu verið skráð frá orði til orðs þá hófst hin formlega gagnagreining sem byggðist á þemagreiningu. Textinn var lesinn oft yfir til að fá heildarmynd af viðfangsefninu og reynslu viðmælanda. Talað er um að rannsakandinn þurfi að sökkva sér niður í rannsóknargögnin og hefur það verið nefnt að leyfa rannsóknargögnunum að búa með sér (e. *living with the data*) (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 249-265). Rubin og Rubin (2005, bls. 265-267) kalla þetta „The art of hearing data“ eða listin að hlusta eftir gögnunum.

Við ítrekaða hlustun og síðan lestur fóru að koma ákveðin þemu sem gögnin voru síðan greind nánar niður í undirþemu. Við greiningu gagna notaði ég litagreiningu þar sem ég flokkaði efni og efnisþætti niður eftir lit en á þann hátt var auðveldara að skipuleggja gögnin og fá ákveðna yfirsýn yfir

það sem fram kom. Við þá vinnu hjálpaði að geta lesið undir yfirborð orða og tengja í eigin reynslu og upplifun viðmælanda (Kvale, 1996, bls. 32).

Tilgangurinn með því að þemagreina viðtölin var samkvæmt Kvale (1996, bls. 189-190) að leita eftir merkingu sem varpar ljósi á viðfangsefnið. Jafnframt að draga fram nýja sýn og skilning á því sem verið er að rannsaka.

3.5 Réttmæti og trúverðugleiki

Kvale, (2006, bls. 481), bendir á að traust og siðfræði sem mikilvæga þætti í öflun þekkingar með viðtalsrannsóknum og að jafnræði þurfi að ríkja í samskiptum rannsakanda og viðmælanda.

Trúverðugleiki er það sem styrkir niðurstöður eigindlegra rannsókna. Reynt var að tryggja trúverðugleika rannsóknarinnar með því að vinna á sem faglegastan máta og nýta sér fræðilegar upplýsingar sem snúa að meðferð og úrvinnslu gagna sem aflað er. Góður tími var notaður í að lesa oft yfir rannsóknargögnin og öðlast fullvissu um að orð viðmælanda væru greind af nákvæmni. Jafnframt var markvisst reynt að tengja niðurstöður rannsóknarinnar við áður útgefnar rannsóknir og auka með því réttmæti niðurstaðnanna (Rubin og Rubin, 2005, bls. 265-267; Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 249-266).

Til að tryggja réttmæti rannsóknarinnar eru gerðar kröfur til rannsakanda annars vegar um heiðarleika í túlkun og framkomu við viðmælanda og hins vegar kröfur um nákvæma hlutlausu gagnagreiningu og réttmæti. Hafa þarf í huga hversu vel viðmælendur ná að tjá sig og koma sinni merkingu til skila (Helga Jónsdóttir, 2003, bls.80). Góður undirbúningur og þekking á því málefni sem ég var að rannsaka gerir það að verkum að ég gat auðveldlega sett mig í spor viðmælanda og gerði mér auðveldara með að spyrja spurninga sem skiptu máli um framvindu rannsóknarinnar. Slíkt eykur réttmæti rannsóknarinnar samkvæmt Kvale (1996, bls. 189-190) og Rubin og Rubin (2005, bls. 265-267).

Samviskusemi og vandvirkni eru þættir sem stuðlað geta að réttmæti niðurstaðna. Með vandvirkni er átt við að fylgja eftir öllum þeim þráðum sem fram koma í úrvinnslu gagnanna í gegnum þemun og tryggja að leitað sé eftir þráðunum í öllum viðtölunum (Rubin og Rubin, 2005, bls. 265-267). Við rannsóknarvinnuna var leitast við að fara eftir þessum áherslum og þess gætt að vandað væri til verka á hverju stigi rannsóknarinnar.

Þetta gerði það að verkum að greining gagna tók til dæmis langan tíma en ég tel að það hafi skilað sér í gögnum sem eru trúverðug og réttmæti rannsóknarinnar er þar með aukin. Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir (2013, bls. 212) benda reyndar á að alltaf sé erfitt að meta réttmæti eigindlegra rannsókna.

Í þessari rannsókn er ég sem rannsakandi innanbúðarmanneskja (e. *insider*), hvort sem litið er á foreldrahluta eða kennarahluta rannsóknarinnar. Það ræð ég af því að ég er móðir tveggja ættleiddra stúlkna og jafnframt hef ég reynslu af kennslu ættleiddra barna á fyrstu árum grunnskólans. Ég lít svo á að þessi staða mín geti styrkt niðurstöðurnar þó á sama tíma sé gætt hlutleysis er varðar úrvinnslu og greiningu gagnanna. Ég skil til dæmis vel þann orðaforða sem viðgengst og snýr að málefnum ættleiddra barna, en staða mín kallaði jafnframt á sérstakt átak af minni hálfu að láta ekki skoðanir mína rata inn í niðurstöðurnar. Þetta gerði ég með því að halda mér til hlés þegar umræðan snérist um málefni sem ég þekkti mjög vel til. Einnig leyfði ég þögninni að hafa sinn tíma en það bauð upp á ígrundun hjá viðmælenda án þess að ég væri fljót til að grípa orðið og spyrja áfram.

Stikkorðin sem voru í spurningalistanum voru einungis nýtt ef ljóst var að viðmælendur voru ekki að svara spurningunni en samkvæmt Unluer (2012, bls. 1-14) þá getur verið hætt á að innanbúðarmanneskjum yfirsjáist upplýsingar sem fram koma í viðtölunum. Réttmæti rannsóknarinnar grundvallast þannig ekki einungis í ákveðnum vísindalegum viðmiðum heldur getur einnig falist í gæðum handverks rannsóknarinnar (Kvale 1996 bls. 189-190).

3.6 Siðfræði rannsókna

Í eigindlegum rannsóknum er mikilvægt að þátttakendur gefi upplýst samþykki við upphaf rannsóknarvinnu. Jafnframt er nauðsynlegt að uppfræða þátttakendur um það hver þáttur þeirra er í rannsókninni. Mikilvægt er að tryggja að persónugreinanlegar upplýsingar séu máðar út úr rannsóknargögnum. Þegar unnið er með rannsóknir þar sem fólk er helsta viðfangsefnið þarf að gæta þess að þátttakendur upplifi ekki þátttöku í rannsókninni sem kvöð og að afleiðing og upplifun þátttöku verði ekki neikvæð þátttakandanum, hvorki líkamlega né andlega (Sigurður Kristinsson, 2003, bls. 172 -174).

Til að tryggja þennan þátt skrifuðu allir þátttakendur undir upplýst samþykki áður en hafist var handa við viðtölin, auk þess sem ítrekað var bæði í kynningarbréfi sem og við upphaf viðtals að þátttakendum væri frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem þeir óskuðu þess.

Rannsóknin var kynnt fyrir viðmælendum með stuttu kynningarbréfi sem sent var í tölvupósti. Þátttakendur voru fullvissaðir um að öllum persónugreinanlegum upplýsingum yrði eytt á úrvinnslustigi verkefnisins og hljóðupptökum eytt þegar verkefninu lýkur. Kynningarbréfinu var fylgt eftir símleiðis áður en viðtalið fór fram og tilgangur rannsóknarinnar útskýrður betur.

Ekki þurfti leyfi fyrir rannsókninni samkvæmt upplýsingum frá persónuvernd (Persónuvernd, munnleg heimild, 19. mars 2012). Hins vegar var hún tilkynningaskyld og var það gert á heimasíðu persónuverndar. Rannsóknin var tilkynnt til skólaskrifstofa í þeim sveitafélögum sem við átti.

4. Niðurstöður rannsóknarinnar

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður dregnar saman. Til að ná sem best utan um niðurstöðurnar eru þær flokkaðar niður eftir þeim þeim sem stuðst var við í viðtalsrammanum. Niðurstöðunum er skipt í tvo hluta. Í þeim fyrri er gerð grein fyrir niðurstöðum úr viðtölum við foreldra ættleiddra barna og skiptist hann í sjö undirkafla eftir þeim sem eru dregin saman í bakgrunnsupplýsingar, tengslamyndun, tilfinningalega og félagslega vegferð, málþroska, stýrikerfi, skólaaðlögun og móttökuhandbók. Í síðari hlutanum er gerð grein fyrir niðurstöðum úr viðtölum við kennarana og skiptist hann í sex undirkafla; bakgrunnsupplýsingar, þekking á málefnum ættleiddra barna og reynsla af móttöku þeirra í bekk, tilfinningaleg og félagsleg vegferð, málþroski og stýrikerfi, samskipti við foreldra og móttökuhandbók.

4.1 Foreldrar og börn

Bakgrunnsupplýsingar

Fjölskyldurnar sem tóku þátt í rannsókninni eru sex og samanlagt eiga þau 12 ættleidd börn frá Kína og Indlandi. Í niðurstöðunum og umræðunum er viðmælendum ekki gefið nafn heldur er vísað til viðmælenda í beinum tilvitnunum sem fjölskyldu A, B, C, D, E eða F. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort rætt var við báða foreldra eða bara annað. Talað er um barnið eða börnin og vísað til þeirra sem það eða þau. Þetta er gert til að tryggja að ekki sé hægt að þekkja viðmælendur í verkinu.

Við ættleiðingu eldra barnsins var meðalaldur foreldra 38,25 ár, en nokkur munur var hjá fjölskyldunum á tímanum sem leið frá fyrri að seinni ættleiðingu. Nákvæmar upplýsingar um þetta komu þó ekki fram í gögnunum þar sem ekki var spurt um slíkt.

Þátttakendur voru búsettir jafnt í dreifbýli sem þéttbýli og er menntun þeirra mjög fjölbreytt. Átta höfðu lokið háskólaprófi, ýmist grunn- eða

framhaldsnámi, þrír höfðu framhaldsskólamenntun af einhverju tagi og einn hafði lokið grunnskólaprófi auk fjölmargra námskeiða.

Aldur barnanna við ættleiðingu var nokkuð dreifður. Tíu voru á aldrinum 6-18 mánaða og tvö á aldrinum 19-36 mánaða. Níu börn höfðu dvalist á barnaheimili fram að ættleiðingu, en þrjú höfðu verið í fóstri.

Líkamlegt ástand barnanna við ættleiðingu var almennt gott að mati foreldra. Þau voru þó flest frekar létt og reyndust undir viðmiðunarkúrfu í læknisrannsókninni sem börnin fóru í við komuna til Íslands, sérstaklega þau sem höfðu dvalið á barnaheimili. Líkamlegt ástand tveggja barna var ekki eins gott: „Barnið var hins vegar mjög létt og vannært dálítið mikið og lasið ... þegar það kom til okkar og mjög magurt og rýrt“ (fjölskylda D). „Barnið var mjög létt og vannært og þekkti greinilega ekki fasta fæðu“ (fjölskylda F). Undir þetta tók fjölskylda F og sagði: „Barnið sýndi ósköp lítil viðbrögð fyrstu dagana eða já og þurfti að kenna því allt. Vorum farin að spá sko hvort það væri allt í lagi“.

Fimm fjölskyldur töluðu um að börnin hefðu virtst nokkuð misproskuð líkamlega, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

... barnið var alveg hérna með fellingar og allt og mjög svona styrkt allt, eins og ég segi það stóð upp bara á gólfi og þurfti ekkert að styðja sig við neitt ... ég var alltaf stressuð þegar það sat. Ég var alltaf svo hrædd um það. Það hafði ekki alveg þessa að sitja. Það þurfti að hafa alltaf eitthvað við bakið. (Fjölskylda C).

...þegar barnið sat uppi í rúmi hjá okkur og bara bongs þá bara allt í einu datt það. Þá var barnið ekki búíð að læra almennilega að halda jafnvægi. (Fjölskylda B)

barnið gat hlaupið um í göngugrind, en svo þurfti að pakka því inn í púða ef það sat á gólfinu, því annars missti það bara jafnvægið og rúllaði bara á hliðina og var svo eiginlega bara afvelta (Fjölskylda F).

Þrjár fjölskyldur töluðu jafnframt um að börnin hefðu verið andlega vanörvuð: „...barnið (rúmlega árs gamalt) til dæmis kunni ekki að tyggja mat og þekkti mjög lítið til svona nærveru og nándar“ (fjölskylda B). Undir þetta tók fjölskylda D og sagði jafnframt: „barnið kunni eiginlega ekki neitt. Það var ekki komið svona grip utan um hluti. Barnið [komið vel á annað ár - innskot höfundar] gat ekki fylgt ef þú varst að benda með putta eða neitt svoleiðis.“

Börnin sem komu úr fóstri reyndust vera í betra líkamlegu ástandi og standa betur andlega við heimkomuna. Fjölskylda E sagði: „barnið var frekar

horað þegar það kom heim, en það kunni ansi margt og var mjög fært í að leika sér“. Undir þetta tók fjölskylda F: „Barnið var líkamlega í góðu, finu standi og tók á móti okkur nánast held ég eiginlega með hendur á mjöðmum og ætlaði að taka stjórnina“.

Tengslamyndun

Fjölskyldurnar voru allar sammála um það að tengslamyndunin hefði gengið nokkuð vel, en að mikill einstaklingsmunur hefði verið á börnunum, eins og kemur vel fram með þessum orðum: „Þau eru mismunandi persónuleikar og maður getur aldrei vitað nákvæmlega hvar þau eru stödd í að tengjast manni“ (fjölskylda F). Minningarnar frá fyrstu dögnum virtust vera mjög skýrar hjá öllum fjölskyldunum og ræddu þær meðal annars um ólík viðbrögð við áfallinu sem börnin urðu fyrir þegar þau komu fyrst í umsjá foreldra sinna. Þrjú barnanna höfnuðu öðru foreldrinu fyrstu dagana og hengdu sig á hitt foreldrið. Öll voru þau í miklu áfalli og virtust þrjú þeirra ekki hafa fulla stjórn á líkamanum. Fjölskylda A lýsir þessu á eftirfarandi hátt:

Já eldra barnið, ég hélt að það væri eitthvað að því í fótunum þegar ég tók það fyrst og fyrstu klukkutímana. Því það var bara svona [sýndi með látbragði og hljóðum], svona eins og slytti, en svo lagaðist það bara á nokkrum klukkutímum.

Undir þetta tóku fjölskyldur E og F, en fjölskylda E talaði um að barnið hefði legið eftir fyrsta lúrin hjá foreldrum sínum og horft út í loftið með fingur í munn. Fjölskylda F talaði um að barnið sem yngra var við ættleiðingu hefði sofið sig í gegnum fyrstu dagana.

Fjölskyldurnar voru allar sammála um að tengslamyndunarferlið hefði verið langt og að tengslin hefðu orðið til með mikilli vinnu og natni. Eða eins og fjölskylda E sagði: „Bíddu nú við þetta kom nú bara allt svona með kalda vatninu“.

Þrjár af fjölskyldunum sem fengu annað barnið í fangið fyrir 12 mánaða aldur og seinna barnið eftir 18 mánaða aldur töluðu um að mun lengri tími hefði farið í tengslamyndun við barnið sem eldra var við ættleiðingu og nefndu þau þá helst að mikill munur væri á að mynda tengsl við barn sem komið er á legg á móti því að mynda tengsl við barn sem háð var foreldrunum í einu og öllu. Fjölskylda F benti á eftirfarandi í samanburði sínum á tengslamyndunarferli barnanna:

barnið var bara eins og ungabarn, lá bara og horfði á mann og beið eftir því sem verða vildi...þá þurfti maður að byrja á að hlaupa barnið uppi og finna leið til að bæði stoppa það hjá manni og um leið að fara í einhverjar, hvað segir maður, æfingar.

Fimm af börnunum sýndu að mati foreldranna mótþróa við breytingunum sem urðu á lífi þeirra við ættleiðinguna. Fjölskyldurnar nefndu að þau hefðu þolað illa þær hömlur sem þeim voru settar og að þau hefðu brugðist harkalega við þeim römmum og reglum sem þeim voru kynntar í nýju fjölskyldunni. Fjölskylda A sagði meðal annars að: „barnið ... tók okkur alveg mjög vel, svona þannig, nema bara þegar við ætluðum að skerða ferðafrelsi þess, það vildi labba bara í sína átt og þá var bara rekið upp hávaðaöskur“. Þetta er í samræmi við það sem fjölskylda F nefndi en þau sögðu: „barnið var mjög brosmilt fyrstu dagana nema þegar því voru settar hömlur, þá hreinsaðist nú vel úr eyrum þeirra sem í kringum okkur voru.“

Fimm af sex fjölskyldum töluðu um að börnin hefðu haft þörf fyrir fyrirsjáanleika í tilverunni fyrstu mánuðina og árin, sem lýsti sér meðal annars á eftirfarandi hátt:

barnið var ofsalega vart um sig og tortryggið gagnvart öllu nýju og gagnvart okkur líka (fjölskylda D).

þegar þau voru yngri ...það hafði mjög mikil áhrif ...bara allar breytingar, ef maður fór eitthvað og það hafði áhrif (fjölskylda A).

maður þurfti alltaf að reyna, þú veist, að undirbúa allt hrikalega vel, svo ekkert kæmi ... svona óvænt (fjölskylda F).

Sjö börn af tólf hafa átt við einhverja svefnörðugleika að stríða. Fimm þeirra bara fyrstu vikurnar og mánuðina en önnur lengur. Tvær fjölskyldur nefndu að svefnvandamálin hefðu ekki hafist fyrr en barnið fór að stálpast. Dæmi um svefnvandamál sem nefnd voru hjá fjölskyldunum voru að vakna oft upp á hverri nóttu, vakna upp og vera langan tíma að ná sér niður aftur, martraðasvefn og að vera með varann á sér yfir nóttina; sofa mjög laust.

það var eins og barnið leyfði sér aldrei að sofna alveg, þetta var mjög skiluru óhuggulegt þegar það lá, næstum svona, með hálf lokuð augu og fylgdi manni eftir þegar maður var að ganga um herbergið... var oft búin að vera langan tíma inni í rúmi skiluru áður en augun lokuðust alveg (fjölskylda F).

Fjölskyldur tveggja barna töluðu um að börnin sýndu einkenni þunglyndis „barnið er samt oft kvíðið og ég hugsa oft með mér hvort barnið sé svona borderline þunglynt...þetta kemur samt svona í bylgjum“, sagði fjölskylda B.

Fjölskylda D talaði um að annað barnið væri örugglega að takast á við þunglyndi á nokkuð háu stigi að mati fjölskyldunnar:

...barnið er ofsalega næmt og viðkvæmt og baráttan við lífið er því bara mjög erfið oft...á tímabili grét barnið sig oft í svefn af því lífið var bara allt of erfitt.

Tilfinningaleg og félagsleg vegferð

Í þessum hluta rannsóknarinnar voru foreldrar spurðir út í þætti sem snéru að tilfinningarlegri og félagslegri vegferð barnanna. Með hegðun var átt við meðal annars mótþróa, athyglisleysi, hreyfióróa, stjórnsemi, streitu og viðkvæmni. Jafnframt var spurt út í atriði sem snúa að félagslegri vegferð, eins og samskipti við vini, sjálfsstjórn, að taka afstöðu til hluta og málefna og samskipti við umhverfið.

Mótþróa könnuðust allar fjölskyldurnar nema ein við í fari barnanna sinna, en mismikið þó. Fjölskyldurnar nefndu til dæmis að börnin hefðu verið ósátt við að ráðin væru tekin af þeim og meðal annars nefndu þrjár fjölskyldur mótþróa á matartímum. Þar vildi barnið ráða sjálf hvað það borðaði, hvar það borðaði og hvenær. Tvær fjölskyldur töluðu um mótþróa við að láta klæða sig. Jafnframt nefndu tvær fjölskyldur mótþróa við að leika sér með leikföngin sín eða takast á við borðverkefni sem lögð voru fyrir þau, verkefni eins og það að púsla og perla. Þegar spurt var um mótþróann voru svörin meðal annars:

...yngra barnið notaði alla klæki til að ráða yfir okkur öllum... var og kannski er mjög stíft á meiningunni og vildi alls ekki gera nema það sem því hugnaðist sjálfu að gera (fjölskylda E)

barnið var ósátt við að vera sett mörk og reyndi að spyrna á móti öllum reglum sem því voru settar ... minnti okkur oft á köttinn sem fór sínar eigin leiðir (fjölskylda F).

Fjölskylda C vildi ekki kannast við mótþróa hjá börnunum sínum. Síðar í viðtalinu kom fjölskyldan með dæmi úr lífi beggja barnanna sem sýndu augljósan mótþróa í ákveðnum aðstæðum.

Kvíði barnanna braust út á mjög ólíkan hátt að sögn foreldra, ekki bara á milli barna heldur var einnig ólíkt hvernig börnin sjálf brugðust við eftir aðstæðum; allt frá því að draga sig inn í skel og vilja ekki taka þátt og í það að vera ör, skapbráð og upplifa svefntruflanir.

Kvíða og streitu könnuðust allar fjölskyldurnar við nema fjölskylda C, en eftir að hafa svarað spurningunni neitandi bættu þau við að börnin sýndu oft á tíðum óryggi og að hjá yngra barninu kæmi það fram sem mikil varkárni í nýjum aðstæðum. Fjölskyldurnar töluðu meðal annars um kvíða tengdan skólabyrjun, uppákomum í skólanum og uppbroti í fjölskyldulífinu.

Allar fjölskyldurnar könnuðust við að börnin ættu erfitt með nýjar og ókunnugar aðstæður. Fjölskyldurnar nefndu jafnframt að þessi kvíði fyrir nýjum aðstæðum og breytingum í lífinu hefði minnkað með aldrinum og auknum þroska hjá þeim börnum sem komin voru á miðstig grunnskólans. Um þetta sagði fjölskylda F: „við verðum alltaf að muna eftir að undirbúa vel allar breytingar og uppákomur, annars...lendum við í vanda og skapið fer alveg úr skorðum“. Fjölskylda E tók undir þetta: „...það er allt löngu skipulagt þegar við förum eitthvað...þegar það er mikið um að vera þá verður barnið bara veikt eftir á. Það fær bara hita“. Eldra barnið í fjölskyldu B hefur í gegnum tíðina átt í erfiðleikum með skap sitt og bendir fjölskyldan á að oft væri best að sjá á skapsveiflum barnsins hvort eitthvað ylli því streitu. Undir þetta tók fjölskylda F:

oft er maður mikið búin að velta fyrir sér hvað í ósköpunum sé að hrjá barnið...kannski búin að vera pirrað, orðljótt og frekar viðskotailt í marga daga, svo gerist eitthvað og allt bara springur. Þá var kannski eitthvað búin ...einu vegin að krauma lengi og brýst svo út með þessum líka látunum.

Hreyfiórói er eitthvað sem fimm fjölskyldur af sjö könnuðust við hjá að minnsta kosti öðru barninu. Síðar í viðtalinu, þegar spurt var um það beint, kom reyndar í ljós hjá annarri fjölskyldunni, sem ekki kannaðist við hreyfióróa hjá sínu barni, að barnið var á köflum svolítið fiðrildi. Í ákveðnum aðstæðum flögraði barnið um og þá sérstaklega ef áreiti var mikið.

Fjölskyldurnar sem könnuðust við hreyfióróa hjá börnunum sínum töluðu um að hann væri mest áberandi ef börnin voru spennt og ef þau voru í ókunnnum og framandi aðstæðum. Þær nefndu jafnframt að börnin virtust sjaldnast gera sér grein fyrir að þau væru á iði og að þau yrðu oft hálfhissa þegar þau væru beðin um að vera kyrr. Tvær fjölskyldur töluðu um að þessi hreyfiórói virtist vera alveg ósjálfráður hjá börnunum og að ánægja og gleði hefði ekki síður áhrif á aukinn óróa í kroppnum en hræðsla og streita. Fjölskyldur eldri barnanna sem hafa verið að sýna einkenni hreyfióróa töluðu um að þessi hegðun væri ekki eins áberandi í fari barnanna eftir því sem þau eltust.

Nokkrar spurningar sneru beint að *félagsþroska barnanna*. Fjölskyldur átta barna töluðu um að félagsþroski barnanna væri, að þeirra mati, góður og að þau stæðu sig vel félagslega. Fjölskyldur tveggja yngstu barnanna töldu erfitt að meta félagslegan þroska barnanna að svo stöddu. Hins vegar töldu fjölskyldur tveggja barna félagslega stöðu barna sinna alls ekki góða. Í viðtölum þessara fjölskyldna kom í ljós að börnin áttu í erfiðleikum með að vinna í hópi og áttu í vandræðum með að mynda vinatengsl og báðar fjölskyldurnar nefndu að börnin ættu erfitt með að leika við nema einn í einu. Tvær fjölskyldur nefndu það sérstaklega að börnin hefðu sótt mikið í nærveru fullorðinna og að þau hefðu helst viljað eyða tímanum í návist fullorðinna, sérstaklega í nýjum aðstæðum. Fjölskylda F sagði meðal annars „barnið reyndi voða mikið að hengja sig á fullorðna fólkið í leikskólanum, hékk hjá þeim úti í útiverunni, alveg ...þangað til þau föttuðu þetta og ...ýttu barninu í leik með hinum krökkunum“. Fjölskyldur níu barna töldu sjálfsstjórn barnanna ekki vera í lagi. Töluðu þau um að börnin misstu auðveldlega stjórn á sér og þá sérstaklega innan veggja heimilisins. Fjölskyldurnar töluðu um að brot kæmi oft í sjálfsstjórnina þegar barninu væru sett mörk. Jafnframt nefndu fjórar af fjölskyldunum að börnin misstu oftast stjórn á sjálfum sér ef aðstæður í kringum þau yllu þeim streytu eða kvíða. Eða eins og fjölskylda F sagði:

...við vorum ný komin heim eftir stutt frí ... það var örugglega komin tvö ár síðan við komum heim með barnið og þá bara ... missti barnið alveg stjórn á sér og við þurftum alveg að halda því ... þegar barnið var orðið rólegt ... þá sagði krílið ég hélt við kæmum ekki aftur.

Í fjórum tilfellum var nefnt að þau væru hvatvís og tvær fjölskyldur töluðu um að börnin væru beinskeytt í tilsvörum og að þau tækju lítið tillit til þess sem tilsvörunum væri beint að. Fjölskyldur fjögurra barna nefndu að sjálfsstjórnin hefði aukist talsvert eftir því sem þau eltust.

Það að eiga erfitt með að setja sig í spor annarra, lesa í svipbrigði fólks og að sýna hluttekningu með öðrum eru þættir sem þrjár fjölskyldur barna sem komin eru á miðstigið töluðu um að börnin þeirra ættu í erfiðleikum með. Tvær fjölskyldur töluðu um að þau hefðu þurft að kenna börnunum þessa þætti; að þeir hefðu ekki þroskast með börnunum með stuðningi umhverfisins. Þar var meðal annars átt við hluti eins og að velja tón í röddinni eftir aðstæðum, að spyrja ekki ókunnuga að hverju sem er, að sýna meðaumkun og að sýna jafningjum sem eiga erfitt stuðning. Fjölskylda D

talaði um að þau hefðu þurft að aðstoða barnið talsvert í samskiptum við aðra og nefndu þau í því samhengi að þau þyrftu oft að útskýra fyrir barninu að það þyrfti ekki alltaf að finna sökudólg vegna allra aðstæðna: „okkur finnst eiginlega...ef eitthvað kemur fyrir einhvern, eða ef einhver á bággt þá eru algengustu viðbrögðin, þetta er þeim að kenna.“ Fjölskylda B talaði hins vegar um að annað barnið hefði oft og tíðum verið mjög hvatvíst og að hvatvísinni fylgdi oft svolítil grimmd og óvægni, eða eins og þau sögðu:

...var kannski svolítið hvasst í málrómnum. Þannig að ..barnið hefur stundum sýnt það eða þegar það var yngra, en það er mjög sjaldgæft orðið... en barnið er mjög hreinskilið...er ekkert endilega að skafa utan af hlutunum og lætur ...bæði vinina og fullorðna ...heyra það bara óþvegið.

Skapofsaköst nefna fjölskyldur sjö barna sem hegðunarþátt sem áberandi var í fari barnanna fyrstu árin. Í þessum köstum töluðu þrjár fjölskyldur um að börnin hefðu verið mjög orðljót og ein fjölskyldan talaði um að barnið hefði verið algjörlega sambandslaust meðan á þessu stóð.

Skapofsa barnanna er lýst af fjölskyldunum sem því þegar þau missa alveg stjórn á aðstæðum, verða mjög reið, næst ekki samband við þau, kasta sér í gólfíð, öskra stjórnlaust, reyna að skaða þann sem ofsinn beinist að, sem fjölskyldurnar töluðu um að væru oftast foreldrarnir, og kasta til leikföngum. Tvær fjölskyldurnar nefndu að þau hefðu valið að halda á barninu á meðan köstin gengu yfir og töluðu þær báðar um að þau hefðu barist á móti því að vera í augnsambandi við foreldrana meðan á köstunum stóð.

Allar fjölskyldurnar sem nefndu skapofsaköstin í fari barnanna sinna töluðu um að köstin hefðu nær alltaf átt sér stað í örygginu heima við og beinst að foreldrunum. Reyndar nefndu tvær fjölskyldur að þetta hefði stundum gerst utan heimilis og önnur fjölskyldan talað um að stutt væri síðan að svona uppákoma hefði átt sér stað utan heimilisins. Fjölskylda F sagði meðal annars:

það var eins og barnið horfði í gegnum...mann svona ... nístandi augnaráði og ...það var eins og það væri...ekki hjá manni...samt var það í fanginu á manni“.

Fjölskylda E sagði jafnframt:

barnið í rauninni bara fraus. Það talaði ekki og ...náttúrulega tók alltaf þessi köst og það var rosalega erfitt ef það varð reitt eða eitthvað fékk ekki það sem barnið vill eða eitthvað þá gat það bara grenjað og ...átti

erfitt með að stjórna sér...nema bara talaði ekki, það var ekkert hægt að fá að vita hvað var að

Fjölskyldurnar tvær voru sammála um að oft væri erfitt að fá börnin til að segja hvað amaði að þeim, en stundum kæmi ástæðan fyrir kastinu í ljós þegar barnið væri búíð að jafna sig eftir það. Fjölskyldurnar tvær voru sammála um að skapofsaköstunum hefði fækkað með aldrinum. Fjölskylda E sagði til dæmis: „...þetta voru mörg köst á sólarhring fyrst en núna í dag er þetta kannski einu sinni eða tvisvar á ári“.

Orðin *viðkvæmni* og *varkárni* komu fyrir í viðtölunum við allar fjölskyldurnar nema eina. Ekki var spurt nákvæmlega út í þetta í viðtölunum. Orðið *viðkvæmni* kom oftast fyrir í samhengi við hljóð og ýmsar aðrar umhverfisaðstæður sem ekki var hægt að hafa beina stjórn á. Meðal annars var nefnd *viðkvæmni* fyrir hávaða í íþróttahúsum, hvellum hljóðum í leikskólanum og hávaða í farartækjum, og hræðsla við blöðrur vegna ótta við að þær spryngju og framkölluðu hávaða og fleira. „barnið var ofboðslega hrætt við öll hljóð þegar það kom, fugla, flugur og bara öll hljóð“ (fjölskylda E), „...ennþá er sko blöðrur til dæmis, það er hringt á undan áður en farið er í afmæli til að athuga, af því að stundum bara treystir barnið sér ekki ef það eru blöðrur“ (fjölskylda D).

Varkárni var hins vegar helst nefnd í samhengi við óþekktar aðstæður. Börnin sem um var rætt voru varkár í nálgun sinni að nýjum aðstæðum og töluðu fjölskyldurnar jafnframt um að algengt væri að fjölskyldurnar yrðu að ýta á börnin svo þau tækjust á við nýjar aðstæður. Jafnframt töluðu tvær fjölskyldur um að viðkvæmnin hefði oft og tíðum hamlandi áhrif á barnið í félagslegu samhengi. Börnin væru svolítið til baka og treystu sér ekki alltaf til að taka þátt í því sem jafnaldrarnir voru að gera og nefndi önnur fjölskyldan í því samhengi að þau hefðu á tilfinningunni að barnið væri hrætt við að gera mistök.

Málþroski

Yfirfærslan á milli mála gekk mjög vel hjá tíu börnum af tólf. Reyndar tala þær fjölskyldur sem ættleiddu börn eftir að þau höfðu náð átján mánaða aldri um að þó máltakan hafi gengið vel hafi börnin verið lengur en systkinin sem ættleidd voru yngri að ná fullum tókum á málinu. Tvö barnanna þurftu

talkennslu til að aðstoða þau við að ná tókum á framburði, en hin náðu tókum á málinu með stuðningi og hjálp frá fjölskyldum sínum.

Fjölskyldur sjö barna af tólf telja börnin sín með góða *máltilfinningu* og telja þau hafa náð góðum tókum á daglegu máli. Þetta mat segjast þær byggja á því hversu rétt mál börnin tala og var þar nefnd notkun kyns og tölu auk beyginga. Jafnframt var talað um hversu vel börnin standa sig í að stafsetja. Tvö barnanna voru það ung að þau voru enn að ná fullum tókum á málinu og þrjú barnanna hafa átt í svolitlum vandræðum með að ná þeim. Þau hafa að sögn fjölskyldna þeirra meðal annars átt í vandræðum með beygingar, endingar og kyn orða. Þó hefur einungis eitt þeirra þurft á þjónustu sérfræðinga að halda við við máltökuna og það í stuttan tíma í talþjálfun.

Hugtakaskilningur var annar þáttur sem spurt var út í í viðtölunum. Fjölskyldur þriggja barna segjast ekki hafa merkt nein vandamál með hugtakaskilning. Börnin standi sig mjög vel og fái góða umsögn úr skólanum. Tvö barnanna eru það ung ennþá að fjölskyldurnar töldu ekki hægt að meta hugtakaskilning þeirra að svo komnu máli. Þau væru ekki búin að ná fullum tókum á málinu ennþá. Fjölskylda C talaði um að hugtakaskilningurinn hjá yngra barninu væri almennt góður, en að barnið væri svolítið að streða við hugtök sem tengjast til dæmis tíma og fjarlægð. Fjölskylda D benti hins vegar á að eldra barnið stæði sig mjög vel, en að það tæki allt svo bókstaflega og ætti því í erfiðleikum með að skilja tvíræðni orða og um leið að lesa á milli línanna í texta.

Tvær fjölskyldur töluðu um að börnin hefðu verið mjög fljót til og haft mjög góða *máltilfinningu* fyrstu árin í grunnskólanum, en þau hefðu svo merkt að börnin fóru að eiga í erfiðleikum með hugtök þegar þau voru komin á miðstigið. Báðar fjölskyldurnar völdu að vinna með málið heima við og fóru til dæmis báðar fjölskyldurnar að lesa fyrir börnin sín og ræða um það sem lesið var við börnin. Öllum fannst þeim þetta hafa jákvæð áhrif, eða eins og fjölskylda E orðaði það:

orðaforðinn var mjög góður, en svo dalaði hann og við tókum eftir þessu ...okkur fannst orðaforðinn hafa staðnað. Svo fórum við að lesa fyrir barnið aftur og þá lagaðist þetta, en okkur finnst því vanta svona í sambandi við ...orðaförða, eða það fattar ekki ... með hugtök...

Fjölskylda F talaði um að þau þyrftu að vera vakandi yfir hugtakaskilningnum hjá barninu og „við höldum að það sé nauðsynlegt að

fylgjast vel með...barninu áfram svo við vöknum ekki...upp þegar barnið er orðið unglingur og þá allt komið í hnút aftur“

Fjölskylda B talaði um að eldra barnið hefði kvartað mikið fyrst eftir að það byrjaði í skóla yfir því að það væri alltaf verið að skamma það í skólanum, en eftir eftirgrennslan fjölskyldunnar kom í ljós að barnið taldi að verið væri að skamma það þegar verið var að segja því til í skólanum. Fjölskyldan taldi þetta merki um að barnið ætti kannski erfitt með að lesa í aðstæður.

Stýrikerfi

Hugtakið *stýrikerfi* var fjölskyldunum öllum ókunnugt og var tekinn tími í það í viðtölunum að kynna það fyrir þeim. Niðurstöðurnar sýndu að fjölskyldurnar sögðust þekkja í fari barna sinna áherslu á skipulag og athygli/athyglisleysi/ofurathygli í skýringunum.

Fjölskyldur sex barna af tólf könnuðust við að börnin sýndu því ofurathygli sem snéri að umhverfi þeirra. Meðal annars benti fjölskylda A á að eldra barnið hefði verið mjög fljótt að læra nöfn allra barnanna í bekknum og að það hefði getað sagt hverja vantaði í stofuna bara eftir að líta yfir stofuna á morgnana.

Helmingur barnanna sem var með ofurathygli á umhverfið hafði að sögn fjölskyldunnar mikla þörf fyrir skipulag og rúttínu á daglegum venjum, auk þess sem sömu einstaklingar voru mjög skipulagðir með eigin hluti, eða eins og fjölskylda E sagði: „barnið passar of vel...passar dótið sitt svakalega vel. Það ténir ekki neinu og tímir varla að leika sér með dótið sem það á. Það þarf að passa það svo vel“. Fjölskylda F tók undir þessi orð og bætti við:

bækurnar í hillunni voru stærðarraðaðar og ef maður gerði það af skömmum sínum að fara inn og breyta ... einhverju þá sá barnið það um leið og það kom inn í herbergið...þetta hefur mikið lagast ... Nú hendir það af og til að það tapist vettlingur eða trélitur í skólanum.

Ein fjölskyldan nefndi að barnið væri með hálfgerða áráttuhegðun þegar kæmi að dótinu sem það ætti og önnur fjölskylda talaði um að

„...barnið er svo upptekið af smáatriðunum til dæmis þegar kemur að því að gera eitthvað...barnið brýtur fötin alveg svakalega vel saman. Þetta á bara ekki að vera að svona ungt barn geti brotið saman... jafnvel og við sem erum fullorðin, en svo missir barnið herbergið sitt alltaf í óreiðu og hlutir rata ... sjaldan heim til sín

Fjölskyldur sex barna töluðu hins vegar um að þau væru frekar óskipulögð og væru ekki mjög upptekin af því hvar hlutirnir væru, en allar fjölskyldurnar nema ein töluðu um að börnunum liði betur ef skipulag væri á daglegri rútínu og dagurinn væri nokkuð fyrirsjáanlegur.

Skólaaðlögun

Leikskólinn

Aðlögun í leikskóla gekk vel hjá börnunum að mati þriggja fjölskyldna af sex. Fram kom að allar fjölskyldurnar gáfu sér góðan tíma í aðlögun á leikskólanum og mættu þær allar nema tvær miklum skilningi þegar ósk um lengri aðlögunartíma var sett fram. Ein fjölskyldan talaði um að gert væri ráð fyrir löngum og sveigjanlegum aðlögunartíma. Tvær fjölskyldur þurftu hins vegar að óska sérstaklega eftir lengri aðlögunartíma og eitt barn var tekið úr leikskólanum tímabundið þar sem það var, að sögn fjölskyldunnar, mjög óöruggt og hrætt við að vera skilið eftir. Fjölskyldan (E) benti á að barnið hefði öðlast aukið traust og trú á fjölskyldu sína við þessa ákvörðun og var barnið mun öruggara með sig þegar það byrjaði aftur á leikskólanum nokkrum mánuðum seinna.

Fjölskylda D talaði um að eldra barnið hefði átt mjög erfitt með að aðlagast á leikskólanum fyrst:

til að byrja með, barnið sótti alltaf í ákveðna rólu þegar það var úti, en var mjög til hlés og gerði ekki kröfur um neina þjónustu...þegar barnið kom þangað var kannski eins og það væri komið í sitt barnaheimilisumhverfi, eða við veltum því alveg fyrir okkur.

Fjölskylda B talaði um að aðlögunin á leikskólann hefði gengið vel, en benti jafnframt á að barnið hefði átt erfitt með að aðlagast barnahópnum, hefði sótt mikið í návist fullorðinna og jafnframt átt mjög erfitt með svefn meðan á aðlöguninni að leikskólanum stóð.

Eldra barnið í fjölskyldu F var mjög lengi að aðlagast í leikskólanum og að sögn fjölskyldunnar var barnið mjög óöruggt þar allt fyrsta árið. Fjölskyldan lenti að sögn tvisvar á byrjunarreit í aðlöguninni þar sem upp komu aðstæður í leikskólanum sem barnið átti mjög erfitt með að takast á við. Hins vegar átti yngra barnið, sem var eldra við ættleiðingu, mun auðveldara með að aðlagast leikskólanum:

barnið var komið með svo mikla leikþörf og þörf fyrir að vera innan um börn bara og leika við aðra krakka...eftir að hafa verið ...heima með okkur í rúmt ár.

Grunnskólinn

Fjölskyldurnar töluðu allar um að grunnskólaaðlögunin hefði gengið mun betur en leikskólaaðlögunin. Þrjú börn af tólf voru að mati fjölskyldnanna mjög kvíðin fyrir skólabyrjuninni, en þau fengu öll mjög góðan undirbúning fyrir hana. Sem dæmi um undirbúning fyrir skólagönguna nefndu fjölskyldurnar meðal annars skipulagðar heimsóknir í skólann, bæði með bekknum og aukaheimsóknir með fjölskyldunni, heimsóknir á skólavellina, tengslamyndun við krakka sem vitað var að yrðu með börnunum í bekk, uppsetningu skóladagsins í myndrænt skipulag og æfingar með barninu í að ganga að skólanum og heim aftur.

Fjölskylda B talaði um að eldra barnið hefði við upphaf grunnskólans stólað mjög mikið á besta vin sinn. Þau lentu hins vegar ekki í sama bekk og olli það mikilli vanlíðan og kvíða hjá barninu. Viku eftir að skólinn hófst um haustið setti fjölskyldan sig í samband við kennara barnsins og óskaði eftir að fá að færa barnið á milli bekkja. Orðið var við þeirri ósk og varð algjör kúvending í líðan barnsins við þessa breytingu og hefur það verið ánægt og sátt í skólanum síðan.

Fjölskylda F talaði um að eldra barnið hefði haft mikla þörf fyrir fyrirsjáanleika við upphaf grunnskólans. Eftir fund með umsjónarkennaranum var sett upp myndrænt skipulag fyrir bekkinn og létti það áhyggjum af barninu að sögn fjölskyldunnar:

Umsjónarkennarinn var svo ótrúlega fljótur að lesa barnið og gerði sér ... vel, hvað eigum við að segja ... grein fyrir því hvað barnið þurfti...kennarinn sendi okkur til dæmis sko alltaf tölvubréf með góðum fyrirvara þegar eitthvað ...stóð til í skólanum ... bara svona eitthvað uppbrot í skólanum.

Fjölskyldur A, D og E tóku undir með fjölskyldu F um þörf barnanna fyrir fyrirsjáanleika og nefndu í því samhengi mikilvægi þess að gott skipulag sé í kringum börnin og að þau séu með góðum fyrirvara búin undir uppákomur í skólanum.

Aðeins tvær fjölskyldur höfðu fengið þjónustu sérfræðinga í gegnum grunnskólann, en þrjár fjölskyldur höfðu fengið slíka þjónustu á meðan börnin voru í leikskóla. Tvær fjölskyldur höfðu fengið þjónustu

talmeinafræðings og tvær höfðu fengið tilvísun á þjónustu frá fjölskyldudeild sveitarfélagsins þar sem viðkomandi fjölskyldur búa. Var það vegna tilfinningalegra þátta og þátta er tengjast tengslamyndun á meðan börnin voru enn á leikskóla (ein fjölskylda nýtti bæði þjónustu talmeinafræðings og annars sérfræðings).

Börnin tvö sem fengu sérfræðiþjónustu eftir að grunnskólaganga hófst fengu bæði þjónustu frá skólasálfræðingi, auk þess sem annað barnið hafði farið í greiningu hjá geðlækni. Ein fjölskylda hafði að auki nýtt sér þjónustu sérfræðinga að eigin frumkvæði og með aðstoð frá félaginu sínu, Íslenskri ættleiðingu.

Allar fjölskyldurnar voru sammála um að fálæti um uppruna barnanna og þarfir þeirra einkenndu samskiptin við skólann. Með fálæti áttu foreldrarir við að lítið var spurt um uppruna barnanna og fyrstu mánuðina í lífi þeirra. Að auki voru fjölskyldurnar sjaldan inntar eftir því hvernig hefði gengið hjá þeim frá því að börnin komu til þeirra.

Allar fjölskyldurnar töluðu um að frumkvæði að samskiptum og upplýsingaflæði um uppruna og þarfir barnanna lægi alltaf hjá þeim. Um þetta sögðu fjölskyldurnar meðal annars:

Það hefur nú verið tekið vel á móti okkur, ég veit ekki ... þau hafa nú ekki sýnt mikið frumkvæði í samskiptum (fjölskylda A).

Nei mér finnst skólinn ekki hafa neinn skilning á málefnum ættleiddra barna og það hefur allt þurft að koma frá okkur...öllu vel tekið sem við segjum en ekkert gert með það hjá sumum og hjá öðrum hlustað (fjölskylda D).

Ég hef reynt að segja öllum það sem hafa viljað hlusta, reynt að ræða við bara hvern og einn...heldur en að fara í skólann og fá að tala við alla skólaliðana og alla kennarana í einu (fjölskylda E).

Það hefur verið mjög auðvelt að setja umsjónarkennarana inn í þeirra mál maður hittir þá náttúrulega alltaf á foreldraviðtölum og svona... en svo er miklu erfiðara að ná í hina kennarana og annað starfsfólk (fjölskylda F).

Móttökuhandbók

Fjölskyldurnar voru allar spurðar í lok viðtalsins hvort þær teldu ástæðu til þess að búin yrði til einhvers konar móttökuhandbók fyrir grunnskólana og voru svör þeirra við spurningunni mjög jákvæð. Með móttökuhandbók er átt við upplýsingarit um þarfir og sérstöðu ættleiddra barna á mismunandi

skólastigum sem byggð væri á rannsóknum fræðimanna og reynslu foreldra og kennara. Um þetta höfðu fjölskyldurnar meðal annars þetta að segja:

við höldum að það væri voða gott að geta afhent eitthvað sem byggir á rannsóknum og staðreyndum. Já og líka gott að losa foreldra undan þeirri ábyrgð að fræða starfsfólkið, geta bara vísað í þetta rit (fjölskylda B).

við höldum að það sé gott fyrir foreldrana líka, því þá er þetta ekki móðursýki, því að barnið þitt sé svo sérstakt að það þurfi allt þetta. Ég held að það væri bara gott fyrir foreldra líka, af því að við höfum ekkert sökkt okkur niður í að lesa mikið, þannig að við erum engir sérfræðingar, því þá er maður líka öruggur (fjölskylda D).

Já alveg hiklaust. Algjörlega. Það þarf allt svona að koma frá einhverjum fræðingi. Að einhver fræðingur hafi sagt þetta. Við höfum reynt að nota það svolítið að þetta sé ekki bara að koma frá okkur...það þýðir voða lítið fyrir okkur sem foreldra, þá hristir fólk hausinn og segir ...það eru öll börn svona og eitthvað, en þegar það er eitthvað á blaði sem einhverjir fræðingar hafa sagt um að taka á móti þessum börnum þá er maður frekar í góðum málum (fjölskylda E).

Fjölskyldurnar nefndu að það myndi minnka spennu í samskiptum milli heimilis og skóla ef fyrir lögju í skólunum upplýsingar um ættleidd börn sem byggðu á rannsóknum og reynslu.

4.2 Kennarar

Bakgrunnsupplýsingar

Þessi kafli er seinni niðurstöðukafli rannsóknarinnar og í honum eru dregnar saman niðurstöður viðtala sem tekin voru við kennara. Kennurunum hafa verið gefin tilbúin nöfn sem notuð eru þegar vísað er beint í svör þeirra og talað er um barnið eða börnin.

Kennarar, voru á aldrinum 45-65 ára. Kennslureynsla þeirra var á bilinu 3 til 34 ár og starfaði helmingur þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu og helmingur á landsbyggðinni. Reynsla þátttakenda af kennslu ættleiddra barna var mislöng; tveir þátttakendur höfðu einungis reynslu af einu ættleiddu barni í umsjónarbekk, þrír kennarar höfðu reynslu af tveimur ættleiddum börnum í umsjónarbekk og einn kennari hafði reynslu af fleiri en tveimur börnum í umsjónarbekk. Allir þátttakendur voru með B.Ed.-menntun. Fimm af sex

kennurum voru með grunnskólakennaramenntun, en einn kennarinn var með leikskólakennaramenntun.

Allir þátttakendur höfðu reynslu af móttöku og kennslu ættleiddra barna, en mismikla þó. Fimm höfðu aðeins reynslu af móttöku og kennslu eins til tveggja barna, en einn kennari hafði tekið á móti talsverðum fjölda ættleiddra barna. Friðrik sagðist ekki hafa tölu á fjölda ættleiddra barna sem hann hafði tekið á móti í bekk hjá sér, en hann hafði tekið á móti tveimur börnum á síðustu fimm árum.

Þekking á málefnum ættleiddra barna og reynsla af móttöku þeirra í bekk

Nokkrar spurningar í viðtalinu höfðu það að markmiði að kanna þekkingu viðmælenda á málefnum ættleiddra barna. Fyrsta spurningin í viðtalinu var til dæmis „telur þú að ættleidd börn þurfi einhverja sérstaka þjónustu/umönnun við upphaf grunnskólans?“ Svarið við þessari spurningu breyttist mikið frá upphafi til enda viðtalsins. Við upphaf þess töldu fimm af sex kennurum að ættleidd börn hefðu ekki neina sérstaka þjónustupörf umfram það sem börn almennt hefðu í skólabyrjuninni, en einn talaði um að þau þyrftu lengri tíma og að halda þyrfti fastar utan um þeirra mál fyrstu mánuðina. Við lok viðtalsins hafði viðhorfið hins vegar breyst talsvert hjá fjórum viðmælendum af þeim fimm sem áður höfðu svarað spurningunni neitandi. Þeir nefndu að börnin þyrftu greinilega meira og fastara skipulag, auk þess sem móttaka þeirra kallaði á nánara samstarf milli heimilis og skóla. Einn viðmælendi af þeim fimm sem svöruðu spurningunni neitandi gerði það jafnframt í lokin og ítrekaði þá skoðun sína að það þyrftu öll börn stuðning fyrstu skrefin í grunnskólanum og að það væri bara eins með ættleiddu börnin.

Næsta spurning sem snéri að þessum þætti var um hversu mikið viðmælendur höfðu kynnt sér málefni ættleiddra barna. Niðurstaðan er sú að fimm af sex viðmælendum höfðu lítið sem ekkert kynnt sér málefni ættleiddra barna og höfðu þeir allir fengið allar sínar upplýsingar frá foreldrum barnanna sem þeir höfðu verið að kenna. Ása svaraði þessari spurningu á eftirfarandi hátt: „ekkert sérstaklega ... hef bara sótt í reynslubanka foreldra“. Birta svaraði spurningunni á svipuðum nótum: „... ekkert sérstaklega ... bara í gegnum reynsluna af að kenna börnunum ... hef

svo fengið upplýsingar frá foreldrum ... þau hafa verið mjög dugleg að fræða mig og miðla til mín upplýsingum“

Friðrik sagðist hafa kynnt sér málefni ættleiddra barna nokkuð og að hann hefði í námi sínu unnið verkefni um ættleidd börn. Hann hafði jafnframt fengið upplýsingar í gegnum foreldra barnanna sem voru í bekknum hjá honum, en sagðist ekki hafa talið þörf á að kalla sérstaklega eftir upplýsingum frá foreldrum barnanna. „þau [foreldrararnir] voru mjög dugleg að ... dæla í mig upplýsingum ...“. Reynsla og upplifun kennaranna af móttöku ættleiddra barnanna er nokkuð ólík. Einn kennari talaði um að hann hefði ekki gert neinn greinarmun á ættleiddum börnum og öðrum börnum og sagði:

þetta eru bara börnin sem ég kenni og tek á móti og ...bara hafa öll börn sínar sérþarfir og sín sérkenni en ég lít ekki á barn sem ættleitt barn, börn eru bara börn foreldra sinna.

Guðrún taldi hins vegar rétt að setja sig í samband við foreldra barnsins áður en skóli hófst:

ég reyndi að setja mig í þeirra spor, svona ef ég væri með barn af erlendum uppruna, svona ættleitt barn þá myndi ég aðeins vilja vita hvað skólinn stæði fyrir...það var vel tekið á móti mér og þeim létti greinilega mikið og hægt var að eiga bara í samræðum um það sem framundan var

Daníel fann ekki mikinn mun á því að taka á móti ættleiddu barni í bekkinn sinn í samanburði við önnur börn. Hins vegar nefndi hann að talsverður munur hefði verið á milli ættleiddra barnanna tveggja sem hann hafði tekið á móti

eldra barnið sem var yngra þegar það kom til foreldra sinna ... átti mun auðveldara með að byrja í skólanum en yngra barnið ... það tók barnið mjög mikið lengri tíma svona að komast inní... kannski vafamál að þetta sem að kallast skólaþroski hafi verið til staðar við upphaf skólagöngu hjá því.

Hinir kennararnir þrír töluðu allir um að börnin hefðu verið óörugg við upphaf skólagöngunnar og að þau hefðu haft mikla þörf fyrir nálægð við fullorðna auk þess sem þau kölluðu eftir því að vita hvað væri framundan í öllu skólastarfinu, eða eins og Ása sagði: „þau þurftu bæði á því að halda að vita hvað er framundan og óvissa reyndist þeim oft og tíðum erfið“.

Kennararnir voru allir sammála um að aðlögun barnanna í skólann hefði gengið vel, en að börnin hefðu þurft heldur lengri tíma en flest hin börnin í

bekknum til að ná fullu öryggi í skólanum. Elín benti á að „barnið var svolítið út úr hópnum ... svona fyrst og var mjög háð því að vera nálægt mér og kallaði mikið á athygli frá mér“. Birta talaði á svipuðum nótum og sagði: „Barnið var svona eins og lítill apaköttur. Það hékk bara svona á mér, en svo bara ekkert mál. Það þurfti bara svona aðeins lengri aðlögun“.

Reynsla kennaranna af því að kenna ættleiddum börnum var í öllum tilfellum nema tveimur mjög góð. Þeir töluðu um að þetta væru duglegir krakkar sem stæðu frekar vel námslega. Í tveimur tilfellum áttu nemendurnir við talsverða námsörðugleika að stríða og eitt barnið er með talsverða þroskaskerðingu, en kennararnir voru alls ekki vissir um að námsleg staða barnanna tengdist endilega uppruna þeirra heldur væri þetta bara einstaklingsbundið og í tilfalli annars barnsins talaði kennarinn um að þetta hefði lagast mikið með tímanum með auknum aldri og auknu öryggi í skólanum.

Tilfinningaleg og félagsleg vegferð

Í spurningarramma kennara voru teknir saman nokkrir þættir sem taldir eru einkennandi í fari ættleiddra barna. Þetta eru svipaðir þættir og teknir voru fyrir í viðtölum við foreldra. Hér á eftir eru þessir þættir dregnir saman.

Tveir kennaranna þekktu mótþróa vel í fari þeirra ættleiddu barna sem þeir höfðu tekið á mót í bekkina sína. Fjórir könnuðust hins vegar ekki við það í fari ættleiddu barnanna sem þeir höfðu tekið á mót.

Tveir kennarar töluðu um að ættleiddu börnin sem þeir hefðu tekið á mót hefðu ekki sýnt nein merki hegðunarsvandamála umfram það sem eðlilegt getur talist. „ekki teljandi og ekki meira en bara gerist og gengur“. gaf Daníel sem svar við þessari spurningu. „Nei ég myndi ekki segja það“. var svar Birtu.

Óöryggi var hins vegar orð sem oft kom upp í viðtölunum. Auk almenns óöryggis voru framandi aðstæður, og kvíði fyrir skóladeginum ástæður sem kennararnir gáfu upp. Ása orðaði óöryggi nemanda síns á eftirfarandi hátt: „Bara svona kvíði samfara þessu óöryggi sko sérstaklega tengt mannmergð“.

Hreyfióróa hjá ættleiddu börnunum könnuðust aðeins tveir kennarar við. Guðrún talaði um að barnið hefði alltaf verið „fiðrildi“ og flögrað svona úr einu í annað og „að það virkilega þurfti að hjálpa barninu við að finna ró í kroppinn“. Elín nefndi að „...oft varð barnið voða spennt...barnið gleymdi sér

byrjaði að gormast um og missti athyglina og þá gat ég lesið það og gripið inni ef ég var stödd nálægt barninu“.

Hinir kennararnir fjórir könnuðust alls ekki við þetta hegðunarmynstur í fari þeirra ættleiddu barna sem þeir höfðu átt í samskiptum við.

Þegar spurt var út í félagsþroska barnanna voru svörin mjög ólík. Birta sagði til dæmis:

Hann [félagsþroskinn] bara það er alveg eðlilegt. Barnið getur verið bæði stjórnandi sem og fylgjandi í hóp.

Elín sagði um sama efni:

maður þurfti að styrkja barnið svolítið í því...óöruggt í samskiptum, kannski ef einhver sagði eitthvað og viðkvæmt og tók margt svolítið inn á sig

Daníel benti á í tengslum við annað barnið:

Hann [félagsþroskinn] var kannski svona frekar í slakari kantinum. Barnið sótti svolítið mikið í fullorðna

Guðrún talaði um að annað barnið sem hún hefði haft í sinni umsjón hefði verið mjög sterkt félagslega á meðan hitt barnið stæði mjög illa félagslega.

Stjórnsemi nefndu fjórir kennarar sem einkennandi í félagslegri hegðun ættleiddu barnanna sem þeir ræddu um í rannsókninni. Þeir töluðu þó um að stjórnsemin væri mismikil hjá börnunum og töluðu aðeins tveir kennarar um að stjórnsemin í fari barnsins hefði hamlandi áhrif á félagsleg samskipti þess við aðra í bekknum. Elín tók sem dæmi:

...barnið vildi hafa stjórnina og hreinlega...virkaði ekki í hópnum ef einhverjum öðrum var falið að stjórna

Ása sagði jafnframt:

barnið vill vera svolítið leiðtoginn í hópnum. Er ekki tilbúið til að láta stjórnina af hendi. Þarf að ná utan um og stjórna leiknum eða vinnunni.

Sjálfsstjórn er annar þáttur í félagslegum þroska sem spurt var um í viðtölunum. Einungis einn kennari talaði um að barn sem hefði verið í hans umsjá hefði átt í vandræðum með sjálfsstjórn og sagði hann meðal annars: „barnið höndlar aðstæður ekki of vel, en það er oft gargað, bara það svarar og er oft hortugt og reitt. Er á tíðum mjög orðljótt“.

Hinir kennararnir fimm töluðu um að börnin hefðu fína sjálfsstjórn í skólanum en einn kennarinn nefndi að hann hefði heyrt frá foreldrum að barnið ætti oft í erfiðleikum með að hafa stjórn á sér heima fyrir.

Friðrik var mjög afgerandi í svörum sínum í þá átt að ættleiddu börnin væru bara eins og aðrir jafnaldrar og sagði hann þegar spurt var út í félagsþroskann að barnið sem hann væri með núna í sínum bekk ætti ekki í neinum vandræðum, hvorki í hreyfiþroska né í félagsþroska. Eða eins og hann sagði:

barnið sem ég er með núna er dásamlegt, yndislegt og sko duglegt, fljótt og frekar sko í efri kanti í öll... og það er mjög fullorðinslegt...barnið er gott í öllu og það er bara yndislegt

Kennarinn nefndi að hann hefði séð félagslegan vanda í fari annarra ættleiddra barna sem hann hafði haft í sinni umsjón fyrir nokkrum árum, en ekki í fari þeirra barna sem höfðu verið í hans umsjón á síðustu árum.

Í viðtölunum var spurt hvernig börnin fótuðu sig í aðstæðum utan skólans, en samt á skólatíma. Þrír kennarar sögðu börnin standa sig mjög vel í þessum aðstæðum. Hér er um að ræða aðstæður eins og að fara í íþróttir og sund, skólaferðir og annað sem þau eiga erindi í út fyrir skólalóðina.

Elín talaði um að barnið sem hún kenndi hefði átt auðvelt með þetta að því undanskildu að fara í rútu, en þá hengdi barnið sig á fullorðna. Undir þetta tók Ása og sagði meðal annars:

...barnið verður mjög óöruggt þegar það þekkir ekki alveg aðstæður, þá heldur barnið mjög fast í hendurnar á mér og vill ekki fara frá mér og verður illt í höfðinu og verður allt svona hálf ómögulegt svolítið. Barnið á það til í þessum aðstæðum að sýna svona líkamleg vanlíðunarmerki, eins og höfuðverk og magaverk. En lætur mig alltaf vita hvernig því líður.

Málþroski og stýrikerfi

Kennararnir voru allir sammála um að málþroski ættleiddu barnanna væri mjög góður og að þau stæðu jafnfætis og sum framfar jafnöldrum sínum. Ása talaði um að orðaforði barnanna væri mjög góður:

ég upplifi það þannig að það sé búið að lesa mikið fyrir þau og að þau séu með mjög fínan málþroska og fína máltilfinningu...ég get ekki séð að hann sé öðruvísi en hjá hinum börnunum

Friðrik sagði í þessu samhengi:

Mér finnst... það er bara eins og málþroski annarra barna það fer bara eftir hve mikið er talað við börnin á heimilunum þeirra almennt. Mér finnst það frekar ef talað er mikið við börnin heima eða er lítið talað við börnin heima, en ekki munur á því hvort barnið er ættleitt eða

ekki...ekki nema það einstaka sem hafa komið stálpuð, eða verið eldri við komuna.

Hugtakið stýrikerfi var útskýrt á sama hátt fyrir öllum kennurunum; þetta var samskonar útskýring og foreldrarnir fengu í sínum viðtölum. Í ljós kom að tveir kennarar þekktu ofurathygli í fari barnanna sem þeir höfðu í sinni umsjón. Að auki þekkti einn kennarinn þörf fyrir yfirsýn og ofurskipulag á eigin hlutum í fari barns í sinni umsjá:

...barnið lánar alveg hlutina sína, en bara þeim sem eru næst henni og passar upp á að þeim sé skilað. Barnið vill vita hvar allt er og halda utan um sitt. Barnið er líka...já ég held alltaf með það á hreinu hverjir eru mættir og hvar allir eru“.

Það voru hins vegar fjórir kennarar sem sáu ekki mun á ættleiddu börnunum og öðrum börnum í þessu samhengi, eða eins og Birta sagði:

þetta er bara venjulegt barn stundum með draslaralegt pennaveski og stundum ekki og er oftast með allt sitt með sér

Samskipti við foreldra

Kennararnir voru allir sammála um að samskipti við foreldra barnanna hefðu verið mjög góð. Daníel, Elín og Guðrún töluðu um að meiri samskipti hefðu verið við foreldra þessara barna en við foreldra annarra barna og voru þau sammála um að samskiptin umfram það sem hefðbundið er hefðu í flestum tilfellum verið að frumkvæði foreldranna, eða eins og Elín sagði: „...ef eitthvað kemur uppá í skólanum þá lætur barnið vita heima og foreldrarnir hafa samband til að fylgja eftir“. Ása sagði jafnframt: „foreldrarnir hafa leitað dálítið mikið til mín. Það er búið að vera hringt á viðtalstímum og sent tölvupósta á milli og það hafa verið frekar mikil samskipti og var í raun mun meira en gengur og gerist“.

Kennararnir voru allir sammála um að foreldrar barnanna fylgdust mjög vel með starfi barnanna sinna og væru duglegir að fylgja eftir heimavinnu og taka þátt í því starfi sem fram fer í skólunum. Tveir kennarar nefndu að þátttaka þessara foreldra í skólagöngu barna þeirra væri meiri en hjá öðrum foreldrum, eða eins og Birta sagði: „þau eru bara alltaf mætt ef eitthvað er um að vera og taka þátt í öllu sem snýr að skólanum“.

Móttökuhandbók

Í lok viðtalanna voru kennarar spurðir hvort þeim þætti æskilegt að til væri móttökuhandbók í skólunum sem kennarar gætu leitað eftir upplýsingum í þegar þeir fá ættleitt barn í bekkinn sinn. Þeir voru allir sammála um að það gæti verið til góðs fyrir bæði kennarann sem er að taka við barninu og foreldra barnanna. Ása sagði til dæmis:

Já það er alltaf gott að þekkja bakgrunn barnanna, þeirra reynsluheim til að geta mætt þeim betur, það er maður er þá aðeins færari um ef maður hefur einhverjar slíkar upplýsingar og þarf ekki að bera sig einhverjar langar leiðir eftir þeim. Svo er maður kannski...betur vakandi ef maður er búinn að fá þekkingu um eitthvað svona...oft viðkvæmt fyrir foreldra að ræða svona við kennara og skólann.

Daníel sagði jafnframt:

Þetta liggur svolítið hjá foreldrum að miðla um sitt barn, svona eins og gengur... myndi hjálpa að hafa aðgang að upplýsingum sem byggðar eru á rannsóknum á ættleiddum börnum og skólagöngu þeirra ... svona til að hafa í huga þegar maður er að taka á móti þessum gullum.

Í svörum Guðrúnar kom einnig fram að hún var þeirrar skoðunar „að kennarar þurfi að hafa í huga að fylgjast sérstaklega með ættleiddum börnum, þá sérstaklega félagsþroskanum og málþroskanum... líka þegar þau verða eldri.“ Á þessum nótum talaði Friðrik líka þegar hann sagði:

Það er nauðsynlegt að fylgjast svolítið með þegar þau stækka... þegar lengra kemur í skólagönguna þá eru alveg sko dæmi þess að ... eitthvað er sem hamlar þroska þeirra...en það er ekki ég veit ekkert hvort það er endilega meira hjá ættleiddum börnum en öðrum börnum þannig lagað hlutfallslega.

Kennararnir voru allir sammála um að fræðsla til kennara um málefni og sérstöðu ættleiddra barna væri eitthvað sem gott væri að fá inn í skólana, ekki síst í ljósi þess að ættleiddum börnum fer nokkuð fjölgandi í skólum almennt. Einnig benti einn kennari á að mikilvægt væri að koma af stað umræðu um ættleidd börn þannig að þau yrðu ekki sett í fyrirfram ákveðna flokka innan skólakerfisins. Viðkomandi taldi nokkra hættu á því, en benti jafnframt á að þessir hópar ættu í fæstum tilfellum nokkuð annað sameiginlegt en að hafa komið til landsins erlendis frá.

5. Umræður

Í þessum kafla eru dregnar saman meginniðurstöður rannsóknarinnar og þær studdar með tengingum við fræðilegu umfjöllunina. Um leið er leitast við að svara rannsóknarspurningunni:

Hafa ættleidd börn þörf á aukinni þjónustu við upphaf grunnskóla og, ef svo er, hver er þörfin?

Að auki verður horft til tveggja undirspurninga sem eru:

- a) Hver er reynsla foreldra af þjónustuþörf ættleiddra barna við upphaf grunnskólagöngu?
- b) Hver er reynsla kennara af móttöku og þjónustuþörf ættleiddra barna í fyrstu bekkjum grunnskóla?

Undirkaflar umræðukaflans eru sex: Bakgrunnur ættleidda barnsins, tilfinningaleg og félagsleg vegferð barnsins, málþroski, reynsla foreldra og að síðustu reynsla kennara.

Dregin verður upp mynd af þeim raunveruleika sem liggur að baki ættleidda barninu við upphaf grunnskólans. Reynt verður að teikna upp mynd af því hvaða reynslu og upplifun ættleidd börn búa að þegar grunnskólaganga þeirra hefst og um leið að draga fram þá þætti sem æskilegt er að hafa í huga við móttöku ættleiddra barna í grunnskóla.

5.1 Bakgrunnur ættleidda barnsins

Þegar ættleidd börn koma í fang foreldra sinna eftir ættleiðingu hafa þau upplifað ýmislegt. Þau hafa í flestum tilfellum upplifað einhvern tíma með lífforeldi, stofnanadvöl eða að hafa verið send í fóstur hjá bráðabirgðafósturfjölskyldu sem starfar á vegum barnaheimilisins. Þetta hefur í för með sér tíð skipti á umönnunaraðilum, og jafnvel þó að börnin hafi dvalið á barnaheimili fram að ættleiðingu má leiða að því líkum að tíð vaktaskipti og fjöldi barna á barnaheimili séu þess valdandi að sami umönnunaraðili komi ekki oft að umönnun sama barnsins.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að breytingar á aðstæðum og skipti milli umönnunaraðila er eitthvað sem ættleiddu börnin sem um er rætt í þessari rannsókn höfðu upplifað á sinni stuttu ævi fyrir ættleiðingu. Þessar niðurstöður eru mjög í takt við erlendar rannsóknir um sama efni (Gunnar, Bruce og Grotevant, 2000; Johnson, 2002).

Af ofangreindu má álykta að börnin hafi upplifað tengslarof, ekki bara einu sinni heldur oft, þegar loks kemur að því að þau rata í faðm framtíðarfjölskyldunnar (Purvis, Cross og Sunshine, 2007).

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu jafnframt í ljós að líkamlegt ástand barnanna var í flestum tilfellum nokkuð gott, þó flest væru þau undir viðmiðunarkúrfum í stærð og þyngd sem gefnar eru út fyrir börn af ólíkum uppruna. Fimm fjölskyldur töluðu jafnframt um að líkami barnanna hefði verið að einhverju leyti misþroskaður, sumir vöðvar þroskaðri en aðrir og að þau hefðu verið á eftir jafnöldrum í almennum hreyfiþroska við heimkomu. Þessi niðurstaða gefur ástæðu til að ætla að sérstaklega börnin sem alin eru upp á stofnunum hafi fengið litla líkamlega örvun og jafnvel þurft að eyða löngum stundum í rúmum eða aðstæðum sem ekki buðu upp á mikla hreyfingu eða í sumum tilfellum mjög einhæfa hreyfingu.

Þessa niðurstöðu má spegla meðal annars í rannsókn Dalen og Teie (2012) þar sem þau benda á að líkurnar á því að börnin séu á eftir jafnöldrum, það er þeim börnum sem alist hafa upp við gott atlæti, í hreyfiþroska fyrstu vikurnar og mánuðina, séu mjög miklar. Þau benda jafnframt á að rétt sé að gera ráð fyrir því að börnin séu á eftir í líkamlegum þroska.

Fyrstu mánuðina eftir að barnið kemur inn í nýju fjölskylduna gerist gríðarlega mikið í líkamlegum og andlegum þroska þess. Ef allt er eðlilegt tekur það stórt stökk bæði í þyngd og hæð, auk þess sem það að fá næringarríkari fæðu hefur áhrif á bætt líkamlega líðan og þroska barnsins. Ekki var spurt sérstaklega eftir þessum þætti í rannsókninni, en erlendar rannsóknir (Dalen og Teie, 2012; Gunnar og Van Dulmen, 2007; Johnson, 2002) hafa sýnt að þetta er reyndin.

Börnum fer fram í stórum þroskastökkum þessa fyrstu mánuði og foreldrum hættir til að hlúa svo vel að börnunum að oft jaðrar við oförvun (Johnson, 2002). Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvernig og hvort barnið hafi tíma og andlegar forsendur til að vinna úr öllum þeim boðum sem við sendum þeim frá morgni til kvölds í gegnum samskipti og umönnun fyrstu

mánuðina eftir ættleiðinguna (Dalen og Teie, 2012; Gunnar og Van Dulmen, 2007; Johnson, 2002).

Börnin sem talað er um í rannsókninni voru flest, eða tíu, á aldrinum 6-18 mánaða og tvö voru á aldrinum 19-36 mánaða. Þessi aldurssamsetning getur gefið vísbendingar um að talsverður hluti þeirra sé í áhættu er varðar það að þurfa að takast á við ýmis vandamál vegna dvalar sinnar á stofnun eða óstöðugleika og tíðra skipta á umönnunaraðilum.

Erlendar rannsóknir sýna að lengd dvalar á barnaheimili eða í aðstæðum þar sem tíð skipti eru á umönnunaraðilum getur haft áhrif á fjölmarga þætti í þroska barnsins til lengri tíma litið, hvort sem litið er til líkamlegs, andlegs og tilfinningalegs þroska (Gunnar og Van Dulmen, 2007; Johnson, 2002; Merz og McCall, 2011; Tan, 2011). Aðstæður barna fyrir ættleiðinguna er því þáttur sem vert værið að gefa meiri gaum en nú er gert þegar upp koma vandamál í daglegu lífi barnanna eftir ættleiðinguna.

Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að börnin sem um er rætt í rannsókninni hafi flest tekið stórt þroskastökk eftir komuna til fjölskyldunnar og farnast vel jafnt líkamlega og andlega að mati foreldranna. Það eru samt vísbendingar um að ýmsir þættir hjá börnunum hafi ekki náð að dafna og þroskast eðlilega, sérstaklega þættir er tengjast hugrænumþroska. Hér má til dæmis vísa til þátta eins og tilfinningalegs og félagslegsþroska, ákveðinna þátta málþroskans og stýrikerfisins. Þessir þættir verða ræddir frekar í næsta hluta og þá í samhengi við upphaf skólagöngu ættleidda barnsins.

Niðurstöðurnar sýndu jafnframt að stærsti hluti barnanna hafði mikla þörf fyrir skipulag og að vita hvað væri framundan. Töluðu fjölskyldurnar jafnframt um að þessi þörf barnanna hefði kallað á mikinn undirbúning fyrir allar breytingar og uppbrot í daglegri rútinu. Fjölskyldurnar töluðu um að með því að undirbúa barnið vel fyrir daginn, ekki síst ef fyrir lágu breytingar á daglegri rútinu, væri minni hættu á að streitan tæki völdin hjá börnunum.

Sjö börn af tólf sem rætt var um í rannsókninni hafa átt við einhverja gerð svefnörðugleika að stríða. Flest komust þau yfir þessa örðugleika á fyrstu mánuðunum. Í finnskri rannsókn um svefnvenjur finnskra grunnskólábarna sem unnin var árið 2000 sýndu niðurstöðurnar að á bilinu 40-50% ættleiddra barna sem þátt tóku í rannsókninni áttu við svefnvandamál að stríða og er það mun hærra hlutfall en hjá börnum almennt en talað var um að tæplega 22% barnanna í rannsókninni ættu við einhvern svefnvanda að stríða (Paavonen, Aronen, Moilanen, Piha, Räsänen, Tamminen og Almqvist, 2000, bls. 223-

228). Í rannsókninni kom ekkert fram um orsök þessara svefnvandamála hjá börnunum, en ætla má að undirliggjandi þættir sem tengjast ættleiðingunni sjálfri og tímabilinu fyrir ættleiðinguna hafi áhrif á fleira en daglegar athafnir barnanna. Svefnvenjur barnanna eru jafnframt eitt af því fyrsta sem breytist við ættleiðinguna og nægir að nefna að börnin fara að sofa á nýjum stað og hjá fólki sem það hefur ekki myndað djúp tengsl við.

Fjölskyldur tveggja barna sem þátt tóku í rannsókninni nefndu að breytingar eins og ferðalög, uppbrot í daglegri rútinu og fleira hefði oft haft áhrif á svefn barnsins og þá helst eftir að hefðbundin rúttína var komin á aftur. Þetta er mjög áhugvert í ljósi þess að um er að ræða þau tvö börn sem elst voru við ættleiðingu og gæti gefið vísbendingu um að áhrif breytinganna sem verða á lífi barnsins séu djúpstæðari eftir því sem barnið er eldra og komið með meiri skilning á veröldinni við ættleiðingu. Í rannsókn Engelund og Illing frá 2012 kemur fram að ættleidd börn séu mjög næm fyrir öllum breytingum sem verða á tilverunni og undir þetta taka Collishaw, Maughan og Pickles í sinni rannsókn frá 1998 og segja meðal annars að aðskilnaður frá blóðforeldrum og aldur barnanna við ættleiðingu geti gert börnin tilfinningalega viðkvæmari fyrir öllum breytingum. Tilvísun í heimildir vantar.

Þessi niðurstaða gefur vísbendingar um að fyrirsjáanleiki og skipulag fram í tímann geti létt áhyggjum og streitu af ættleidda barninu og auðveldað því almenna þátttöku í daglega lífinu.

Fjölskyldurnar sem þátt tóku í rannsókninni voru allar sammála um að tengslamyndunin við börnin hefði tekið langan tíma, en að heilt yfir hefði hún gengið vel. Mörg sýndu þau nýju fjölskyldunum talsverðan mótþróa og vildu ekki gefa stjórnina á eigin tilveru möglunarlaust yfir til fjölskyldunnar. Þessi niðurstaða er samhljóða erlendum rannsóknum þar sem fram kemur meðal annars að börnin eru hrædd við að treysta nýjum umönnunaraðilum og byggja það á reynslu sinni af öllum þeim umönnunaraðilum sem höfðu brugðist þeim á fyrstu mánuðum ævinnar (Gunnar, Bruce og Grotevant, 2000; Johnson, 2002; Sæunn Kjartansdóttir, 2011).

Nýjar rannsóknir á tengslamyndun ættleiddra barna gefa sterkar vísbendingar um að börnin eigi alla möguleika á að mynda djúp og sterk tengsl við foreldra sína, en að tengslamyndunarferlið sé líkt og langhlaup sem fara þurfi í með mikilli natni og þolinmæði því börnin þurfa á leiðinni oft að kanna mörkin og fullvissa sig um að nýju foreldrarnir séu komnir til að vera

(Smyke, Dumitrscu og Zenah, 2002). Niðurstöðurnar úr minni rannsókn gefa sterkar vísbendingar um að þetta sé einmitt reyndin. Fjölskyldurnar töluðu allar um að tengslamyndunin hefði tekið langan tíma. Þær fjölskyldur sem höfðu bæði reynslu af ættleiðingu eldra barns (eldra en átján mánaða við ættleiðingu) og yngra barns (yngra en 18 mánaða við ættleiðingu) töluðu um að tengslamyndunin hefði tekið mun lengri tíma hjá þeim sem eldri voru við ættleiðingu.

Í fræðsluefninu sem fjölskyldum ættleiddra barna stendur til boða á vegum félagsins Íslenskrar ættleiðingar er bent á að gera megi ráð fyrir að tengslamyndun við börnin taki að minnsta kosti jafn langan tíma og tíminn sem börnin hafa áður varið á barnaheimili (Ingibjörg Magnúsdóttir og Kristbjörg Richter, munnleg heimild, 2012). Í bók Deborah Grey (2002), *Attaching in adoption*, bendir hún á að mikilvægt sé að gefa barninu allan þann tíma sem það þarf til að tengjast foreldrum sínum og ganga alltaf út frá því að tengslamyndunin sé skemmra á veg komin en foreldrarnir halda. Þetta er þáttur sem vert er að hafa í huga með ættleidd börn þegar sum þeirra hefja leikskóla- og önnur beint grunnskólagöngu sína. Það að vera meðvitaður um hvað barnið er í raun búið að vera lengi hjá fjölskyldunni sinni eftir ættleiðingu og hversu gamalt barnið var við ættleiðingu er nauðsynlegt fyrir foreldra þegar þeir undirbúa fyrstu skrefin í skólagöngu barnsins og ekki síður fyrir þá kennara sem við börnunum taka í skólaumhverfinu. Aðstæður fólks leyfa ekki endilega lengri tíma með barnið heima, en vert er að hafa í huga, eins og niðurstöður rannsóknarinnar sýna, að barnið getur þurft lengri aðlögunartíma samhliða dyggum stuðningi á meðan það öðlast traust á skólaumhverfinu. Eins og rætt var hér að ofan sýna rannsóknir að því lengur sem barnið býr við ótrygga umönnun þeim mun líklegra er að það komi til með að eiga erfitt með að aðlagast breyttum aðstæðum sem fylgja skólagöngunni og takast á við það sem skóladagurinn og námið gerir kröfur um (Gunnar, Bruce og Grotevant, 2000; Johnson, 2002; Sæunn Kjartansdóttir, 2011). Með hliðsjón af þessum rannsóknum og því sem fram kom í minni rannsókn má ætla að mikilvægt sé fyrir foreldra sem og kennara að vera vakandi fyrir því sem upp getur komið í tengslum við daglegt líf barnanna. Leita þarf leiða til að aðstoða þau ef þörf þykir til að koma í veg fyrir erfiðleika síðar í lífinu. Grunnurinn að góðri tilfinninga- og félagslegri velferð barnanna byrjar við ættleiðinguna og miklu máli skiptir að vel takist til.

5.2 Tilfinningaleg og félagsleg vegferð

Ef litið er til alls þess sem ættleidda barnið hefur upplifað frá fæðingu og þar til hefðbundin grunnskólaganga hefst er varla annað hægt en gera ráð fyrir að einhverjir hnökra komi upp hvað varðar tilfinningalega og félagslega vegferð barnsins. Þetta á ekki síst við fyrstu árin í skólanum á meðan barnið er jafnvel enn að takast á við þætti er varða tengsl þess við fjölskyldu sína um leið og það aðlagast nýjum siðum og reglum sem gilda í umhverfi þess.

Niðurstöðurnar í rannsókn minni sýna að um er að ræða hóp duglegra barna sem takast á við nýjan veruleika með þrautseigju og seiglu. Börnin koma til nýs, framandi lands þar sem ríkjandi eru aðrir siðir en þau hafa átt að venjast og þau kynnast og læra nýtt tungumál og tengjast nýju fólki um leið og þau læra á nýja og framandi tilveru. Þrátt fyrir allt það sem á daga barnanna hefur drifið frá fæðingu eru þau í flestum tilfellum tilbúin í almenna skólagöngu á sama tíma og jafnaldrar þeirra, sem alist hafa upp hjá lífforeldrum frá fyrsta degi.

Í þessum hluta mun ég draga fram þá þætti sem fram komu í rannsókninni og vörðuðu tilfinningalega og félagslega vegferð ættleiddu barnanna. Niðurstöður gefa vísbendingar um að rík ástæða sé til að fylgjast sérstaklega með þessum þáttum í fari ættleiddra barna við upphaf grunnskólans.

Allar fjölskyldurnar í rannsókninni könnuðust við mótþróa í fari barnanna sinna. Fimm barnanna sýndu merki mótþróa strax á fyrstu dögum eftir ættleiðingu, en flestar töluðu fjölskyldurnar um að mótþróinn hefði minnkað með auknu öryggi barnanna. Þessi niðurstaða er samhljóma niðurstöðum Dalen og Teie frá 2012 þar sem þau benda á að fyrstu mánuðina og árin eftir ættleiðingu sýni börnin oft mótþróa og reyni af fremsta megni að hafa stjórn á aðstæðum. Þessi hegðun getur svo með tímanum, ef ekki næst að vinna traust barnsins, snúist út í meira líkamlega ögrandi hegðun í garð umönnunaraðila.

Í niðurstöðum í kennarahluta rannsóknarinnar kemur í ljós að reynsla kennara af mótþróa í fari ættleiddra barna í bekk er talsvert ólík reynslu foreldra. Einungis tveir kennarar könnuðust við mótþróa í fari þeirra barna sem þeir höfðu tekið á móti. Ætla má að mótþrói barnanna sé meira bundin við fyrstu árin eftir ættleiðinguna og komi því frekar fram á þeim árum og þá í leikskólanum. Einnig má leiða hugann að því hvort börnin sýni meiri mótþróa heima fyrir en í skólanum þar sem þau eru í öryggi og þekktum

aðstæðum heima við. Þess ber að geta að upplifun kennaranna byggir á reynslu þeirra af að kenna ættleiddum börnum en ekki þó þeim sem fjallað er um í þessari rannsókn.

Erlendar rannsóknir sýna að tengsl eru á milli lengdar dvalar á stofnunum og kvíða hjá ættleiddum börnum, samanber nýja rannsókn Loman, Johnson, Quevedo, Lafavor og Gunnar (2014). Niðurstöðurnar í minni rannsókn hvað varðar kvíða hjá börnunum er ekki eingöngu hægt að tengja við aldur við ættleiðingu heldur frekar við ættleiðinguna almennt. Í niðurstöðum rannsóknar Jórunnar Elíðóttur, *Börn ættleidd frá Kína og foreldrar þeirra*, sem kynnt var á fræðadögum heilsugæslunnar (2009, munnleg heimild), kemur í ljós að 42,25% foreldra hafa haft áhyggjur af andlegri líðan ættleiddra barna sinna og þar á meðal af kvíðaeinkennum og áhyggjum. Jafnframt kom í ljós að einungis 6,9% foreldra höfðu leitað sér aðstoðar fyrir börnin sín hvað varðar þennan þátt.

Allar fjölskyldurnar nema ein könnuðust við kvíða og streitu í fari barnanna sinna. Sú eina fjölskylda sem ekki kannaðist við slíkt bætti svo við svar sitt að börnin sýndu hins vegar oft óöryggi og að hjá öðru barninu kæmi óöryggið oft fram sem mikil varkárni í nýjum aðstæðum. Kvíði barnanna var mismikill, sem vekur upp spurningar hjá mér um hvort ástæða fyrir hnökrum í tilfinningalegri og félagslegri vegferð barnanna geti verið að kvíðinn sé undirliggjandi orsök fjölmargra þátta sem miður fara

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna jafnframt að foreldrar hafa gripið til þess ráðs að undirbúa allar breytingar og uppbrot mjög vel og að sögn þeirra dró það úr áhyggjum sem oft fylgdu breytingum hjá börnunum. Þetta get ég tekið undir bæði sem móðir ættleiddra barna og sem kennari með reynslu af því að kenna ættleiddum börnum.

Þrír kennarar nefndu að óöryggi einkenndi þau ættleiddu börn sem í bekknum þeirra voru. Óöryggið stafaði af kvíða fyrir nýjum aðstæðum, auk þess sem um almennt óöryggi var að ræða. Þessi niðurstæða undirstrikar enn frekar þörf margra ættleiddra barna fyrir fyrirsjáanleika í tilverunni og undirbúning fyrir allar breytingar og uppbrot.

Hreyfiórói er þáttur sem talsvert hefur greinst hjá ættleiddum börnum á undanförunum árum. Hreyfióróa er ekki hægt að setja í sama flokk og ADHD, þar sem rannsóknir sýna að börnin ná að halda fullri athygli þrátt fyrir ósjálfráðan óróa í kroppnum (Dalen og Theie, 2012).

Í rannsókninni kom í ljós að fimm fjölskyldur af sjö könnuðust við hreyfióróa hjá að minnsta kosti öðru barni sínu. Fjölskyldurnar töluðu jafnframt um að hreyfióróinn væri meiri ef börnin voru spennt eða í ókunnum og framandi aðstæðum. Þær bentu enn fremur á að hreyfióróinn hefði minnkað eftir því sem öryggi barnsins jókst. Leiða má að því líkum út frá þessum niðurstöðum að hreyfióróinn geti að einhverju leyti tengst kvíða og streitu hjá börnunum, sérstaklega ef horft er til þess að fjölskyldunum fannst hreyfióróinn minnka með auknu öryggi barnsins.

Einungis tveir kennarar sem tóku þátt í rannsókninni könnuðust við hreyfióróa í fari ættleiddu barnanna sem þeir höfðu í sínum bekk og talaði annar kennarinn um að barnið hefði á tíðum flögrað um eins og fiðrildi.

Þessi niðurstaða vekur upp spurningu um hvort möguleiki sé á að kennarar hafi hærra þolmörk en fjölskyldurnar fyrir óróa í litlum kroppum eða hvort þetta sé þáttur sem, eins og fjölskyldurnar nefna, þroskast af börnunum eftir því sem öryggi þeirra innan fjölskyldnanna eykst og verði því síður áberandi á grunnskólaaldri en hann var ef til vill á leikskólaárunum.

Erlendar rannsóknir sýna að ættleidd börn eru oft og tíðum á eftir jafnöldrum í félagsþroska. Meðal annars má hér nefna rannsókn Tan og Camras (2011) þar sem þau benda á að þættir eins og kyn barnsins, aldur við ættleiðingu, alvarleiki vanörvunarinnar og skortur á hvetjandi umönnun geti aukið hættuna á félagslegum röskunum hjá börnum.

Fjölskyldur átta barna í minni rannsókn töluðu um að félagsþroski barnanna væri góður og þau ættu ekki í vandræðum félagslega. Fjölskyldur tveggja barna töldu ekki hægt að meta félagslega hæfni barnanna sökum þess hve ung þau voru er viðtölin voru tekin. Fjölskyldur tveggja barna á grunnskólaaldri mátu félagslega stöðu barna sinna alls ekki góða. Þær nefndu meðal annars að börnin ættu erfitt með að vinna með öðrum börnum í hópi, væru í vandræðum með að mynda vinaáttutengsl og ættu mjög erfitt með að leika við fleiri en eitt barn í einu.

Í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur og Elsu Sigríðar Jónsdóttur (2010) kemur í ljós að félagsleg staða barnanna sem taka þátt í rannsókninni er almennt góð að mati foreldra og kennara, sem er í samræmi við upplifanir foreldra í minni rannsókn. Niðurstöður Hönnu og Elsu Sigríðar sýndu jafnframt að félagsleg framgangur sumra barnanna var ekki eins góð og var þar helst um að ræða börn sem áttu við hegðunarörðugleika að stríða.

Meirihluti kennaranna í rannsókninni var sammála um að félagsþroski væri heldur í slakara lagi hjá ættleiddu börnunum í bekknum. Fjórir kennarar töluðu um að ættleiddu börnin væru oft og tíðum stjórn söm í starfi innan bekkjarins. Tveir kennaranna töldu jafnvel að stjórnsemin í börnunum hefði hamlandi áhrif á félagsleg samskipti þeirra innan bekkjarins.

Þrátt fyrir að fjölskyldur átta barna segðu að börnin stæðu vel félagslega kom í ljós við nánari athugun að stór hluti barnanna átti í vandræðum með ýmsa félagslega þætti. Fjölskyldur níu barna töldu þau ekki búa yfir mikilli sjálfsstjórn og töluðu þær um að börnin misstu oft stjórn á skapi sínu. Í fjórum tilfellum var nefnt að börnin væru hvatvís og að auki bentu tvær fjölskyldur á að börnin væru oft beinskeytt í tilsvörum og að þau tækju lítið tillit til einstaklingsins sem tilsvörunum væri beint að.

Einungis einn kennari talaði um að ættleitt barn í bekknum hefði átt í vandræðum með sjálfsstjórn. Í því samhengi nefndi hann meðal annars að barnið hefði misst stjórn á sér inni í bekknum og orðið við þær upptakur mjög reitt og hortugt í tilsvörum. Þessi niðurstaða er nokkuð á skjön við upplifun fjölskyldnanna, en eins og áður kom fram töldu fjölskyldur níu barna að sjálfsstjórn barnanna væri ekki mikil.

Ef ég horfi til eigin reynslu af þessum þætti leiði ég að því líkum að börnin leyfi sér síður að missa stjórn á aðstæðum inni í skólaumhverfinu, því með því væru þau mögulega að sýna á sér veika hlið. Þessi reynsla endurspeglast einnig í niðurstöðunum þó einhvern einstaklingsmun sé þar að finna hvað þetta varðar, eins og fram hefur komið. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að félagsþroski og félagsleg staða barna sé á margan hátt mismunandi eftir því í hvaða aðstæðum börnin eru og tengist jafnframt tímabilinu fyrir ættleiðinguna, eins og áður hefur verið nefnt (Málfríður Lorange o.fl., 2012; Tan og Camras, 2011). Velta má fyrir sér í þessu samhengi hvort sjálfsstjórn barnanna í skóla tengist því að halda félagslegri stöðu og þá gildir meðal annars að sýna ekki veika hlið eða missa tókin. Sjálfsstjórnarvandi barnanna virðist koma meira fram heima en í skólanum.

Rannsóknir hafa sýnt að umhyggjusöm umönnun í frumbersku geti ýtt undir eðlilegri þroska sjálfsstjórnar en rannsóknir benda til þess að börn sem alast upp á undirmönnuðum stofnunum eigi í talsverðum vanda með sjálfsstjórn (Loman, Wiik, Frenn, Pollak og Gunnar, 2009, bls.426-434). Hér vaknar upp spurning um hvort sjálfsstjórn barnanna sé þáttur sem þau eru

lengi að þroska með sér og að þar skipti máli reynslan í upprunalandinu, aðkoma foreldra og áherslur í uppeldi. Broström (2006) og Tan og Camras (2011) benda á að félagslega vel aðlöguð börn sýna fram á getu til að standa undir væntingum á báðum stöðunum, þ.e. á heimili og í skóla. Þetta sést þegar skoðað er hvernig samskipti þeirra við vini eru, sjálfsstjórn þeirra, hvernig þeim gengur að taka afstöðu og námslegt gengi þeirra.

Skap og skapgerð er hluti af persónuleika hvers og eins. Skapofsaköst eins og þau eru skilgreind hér eru dæmi um óhefta ofsafengna útrás eða reiði þegar barnið ræður ekki við aðstæður, eins og fram kom í viðtölum við foreldra. Skapofsaköst nefndu fjölskyldur sjö barna sem hegðunarþátt sem áberandi var í fari barnanna þeirra fyrstu árin. Þessi skapofsaköst beindust í flestum tilfellum að fjölskyldunni og áttu sér helst stað inni á heimilum þeirra. Í lýsingum á köstunum töluðu fjölskyldurnar meðal annars um að börnin væru mjög orðljót, að oft hafi verið erfitt að ná sambandi við þau á meðan á köstunum stóð og að þau verið gríðarlega reið og öskrað stjórnlaust. Út frá þessari niðurstöðu má velta því fyrir sér hvort skortur á sjálfsstjórn barnanna geti verið orsök þeirra heiftarlegu skapofsakasta sem hér hefur verið lýst.

Rannsóknir Loman o.fl. frá 2009 og rannsókn Merz og McCall frá 2010 sýna að börn sem alast upp við skort á umhyggju á fyrstu mánuðum ævinnar eru í meiri hættu á að sjálfstjórn þeirra þroskist ekki á eðlilegan hátt. Jafnframt sýna ofangreindar rannsóknir að aukin hætta getur verið á hegðunarvanda seinna meir hjá þeim börnum sem eru með slaka sjálfsstjórn. Í ljósi þess hve sjálfsstjórn barnanna í minni rannsókn er ábótavant, sérstaklega að mati foreldra, má ætla að þetta sé þáttur sem foreldrar og kennarar þurfi að huga að í uppeldi og kennslu barnanna.

Í rannsókninni var sjónum beint að því sem kallast stýrikerfi barnanna. Stýrikerfi barna þroskast best við eðlilegar uppeldisaðstæður, það er þegar barnið er umvafið ást og umhyggju og markviss örvun á öllum skynfærum fer fram jafnt og þétt (Bernier o.fl., 2010; Merz og McCall, 2010). Börn sem eiga í vandræðum með stýrikerfi sitt geta meðal annars átt í vandræðum með skipulag, eftirtekt, yfirsýn yfir aðstæður og að halda stjórn á þáttum í tíma og rúmi. Segja má að ef börn gætu raðað sér á ákveðinn ás þar sem það sem eðlilegast telst er næst miðjunni röðuðust ættleidd börn frekar í átt að jöðrunum, annað hvort þar sem ofuráhersla er á hlutinn eða þar sem er algjört hlutleysi (Mertz og McCall, 2010; The National center of disability, 2012).

Allir þessir þættir koma fram með einu eða öðru móti í niðurstöðum rannsóknar minnar. Fjölskyldur sex barna könnuðust við ofurathygli í fari barna sinna. Þrjú þeirra höfðu gríðarlega mikla þörf fyrir skipulag og rúttínu á daglegum venjum, auk þess sem þau voru með mikið skipulag á eigin eigum. Í einu tilfellinu var hún svo mikil að fjölskyldunni fannst það að um árátthegðun væri að ræða hjá barninu.

Fjölskyldur sex barna töluðu hins vegar um að börnin væru frekar óskipulögð og alls ekki upptekin af því hvar hlutirnir væru og í hvaða röð þeir væru gerðir, en fimm af fjölskyldunum töldu hins vegar að börnunum liði betur ef skipulag væri á daglegri rúttínu.

Kennararnir benda á í þessu samhengi, líkt og áður hefur komið fram, að hluti barnanna sýni gjarnan stjórnsemi í samstarfi við önnur börn og getur það, samkvæmt rannsókn Metz og McCall (2010), bent til þess að einhverjir brestir séu í stýrikerfi barnsins.

Rannsókn Metz og McCall (2010) gefur vísbendingar um að hið gríðarlega þroskastökk sem flest ættleidd börn taka fyrst eftir ættleiðinguna og verður þegar þau fara að fá ást og umhyggju auk þeirrar næringar sem líkaminn kallar á, nái ekki endilega yfir þá þætti sem stýrikerfi barnsins byggir á. Þessi niðurstaða bendir til þess að full ástæða sé til að fylgjast með þessum þætti í fari ættleiddra barna og reyna að finna leiðir til að aðstoða þau við að þroska þennan þátt áfram.

Ef niðurstöður kaflans eru dregnar saman má leiða að því líkur að ákveðinn hópur ættleiddra barna búi við einhvern tilfinningalegan og félagslegan vanda við upphaf grunnskólagöngunnar. Þessi einsleita niðurstaða vekur upp spurningar um hvort ekki sé ástæða fyrir kennara sem taka á móti ættleiddu barni í bekkinn sinn á fyrstu árum grunnskólans að hafa uppruna og aðstæður barnsins í huga við skipulag skólafarsins, þannig að skólatími barnsins sé eins mikið og hægt er fyrir sjáanlegur og að uppbrot og ferðalög séu undirbúin með góðum fyrirvara.

5.3 Málþroski og nám

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að nokkur samhljómur er á milli reynslu og tilfinninga fjölskyldnanna og kennara þegar kemur að málþroska barnanna.

Kennararnir voru allir sammála um það að málþroski barnanna við upphaf grunnskóla væri mjög góður og að börnin stæðu alveg jafnfætis jafnöldrum sínum. Bættu kennararnir jafnframt við að orðaforði barnanna væri oftast mjög góður. Leiddu þeir að því líkum að mikið væri lesið fyrir börnin og einn kennarinn benti sérstaklega á að greinilegt væri að mikið væri við þau rætt inni á heimilunum.

Foreldrarnir ræða um að yfirfærslan á milli tungumálanna hafi gengið vel. Það var þó nefnt að þau sem eldri voru við ættleiðingu hefðu þurft lengri tíma til að ná fullum tökum á tungumálinu. Fjölskyldur sjö barna af tólf töluðu um að máltilfinning barnanna væri góð og að þau hefðu náð mjög góðum tökum á daglegu máli. Niðurstöðurnar sýndu jafnframt að einungis fjölskyldur tveggja barnanna hefðu þurft að leita eftir þjónustu sérfræðinga (talmeinafræðings) meðan á máltökunni stóð og í báðum tilfellum í mjög stuttan tíma. Fram kom að ein fjölskylda hafði ekki leitað til talmeinafræðings þrátt fyrir vandamál sem upp komu í framvindu málþroskans.

Niðurstöðurnar hér að ofan, sem tengjast reynslu foreldra, eru í takt við erlendar rannsóknir sem snúa að máltökunni sjálfri hjá ættleiddum börnum. Í fræðunum er talað um að ættleidd börn eignist annað fyrsta tungumál þar sem rof verður í máltöku fyrsta tungumálsins og það lagt til hliðar og annað tungumálið kemur í staðinn. Jafnframt kemur fram að þessi yfirfærsla milli tungumálanna gangi yfirleitt mjög vel (Greenfield, 2011; Roberts o.fl., 2005; Scott o.fl., 2008). Dalen og Rygvold benda þó á í rannsókn sinni (2006), sem og van Ijzendoorn og félagar (2005), að þó flest ættleidd börn nái góðum tökum á nýja tungumálinu án nokkurra erfiðleika þrói allt að þriðjungur barnanna með sér málvanda af einhverju tagi í seinna tungumálinu. Vísbendingar um hið sama má sjá í minni rannsókn þar sem fram kom að þrjú börn af tólf hafa átt í nokkrum vandræðum með að ná góðum tökum á daglegu máli. Fjölskyldurnar töluðu hins vegar um að hin níu hefðu verið nokkuð fljót að ná tökum á því. Rannsóknir sýna jafnframt að máltaka barnanna á seinna tungumálinu er oft á annan veg en máltaka ungra barna á sínu fyrsta máli. Þetta getur leitt til þess að máltaka og málþróun ættleidda barnsins getur verið óhefðbundin og byggir að stærstu leyti á málfræði og málskynjunargrunni þess (Greenfield, 2011 og Meacham, 2006).

Í niðurstöðum mínum kemur fram að fjölskyldur tveggja barna sem bæði voru komin á miðstigi urðu vör við eyður í hugtakaskilningi barnanna og

reyndu strax að vinna með þann þátt heima fyrir með því til dæmis að lesa fyrir börnin og ræða saman um það sem lesið var. Tveir kennarar bentu á það í viðtölunum að mikilvægt væri að fylgjast vel með mál- og félagsþroska ættleiddu barnanna eftir því sem þau eltust þar sem þeir þekktu báðir dæmi þess að upp færu að koma vandamál sem tengdust þessum þroska þegar börnin urðu eldri.

Þessar niðurstöður eiga samhljóm í rannsókn Sigríðar Ingvarsdóttur frá 2013, þar sem rannsakað var hvernig ættleiddum börnum af erlendum uppruna vegnaði á mið- og unglíngastigi grunnskólans. Niðurstöður hennar, sem byggðu á viðtölum við kennara, gáfu vísbendingar um að hnökrar færu að sjást í námsframmistöðu ættleiddra barna þegar börnin voru komin á mið- og unglíngastig.

Niðurstöður erlendra rannsókna á þessum þætti eru nokkuð misvísandi. Niðurstöður rannsóknar Dalen og Rygvold (2006) benda til þess að munur sé á hæfni ættleiddra barna í daglega málinu annars vegar og skólamálinu hins vegar. Scott og félagar (2008) halda því hins vegar fram að hin víðtæka tungumálhæfni sem börnin öðlast á fyrstu árunum vaxi með þeim og geri þeim kleift að takast á við tungumálið á hærri stigum námsins.

Mínar niðurstöður eiga frekar samhljóm með því sem fram kemur hjá Dalen og Rygvold (2006), en í svörum fjölskyldnanna um hugtakaskilninginn má sjá vísbendingar um að gloppur byrji að myndast í málþroska og dýpt málsins eftir því sem skólamálið verður þyngra. Niðurstöður Sigríðar Ingvarsdóttur (2012) gefa einnig vísbendingar um að þetta geti verið raunin.

5.4 Upphaf skólagöngu

Niðurstöðurnar í rannsókninni benda helst til þess að yfirfærslan milli leik- og grunnskóla hafi gengið mjög vel hjá börnunum, mun betur en aðlögunin í leikskóla. Þrjár fjölskyldur töluðu um að börnin hafi verið mjög kvíðin fyrir skólabyrjuninni en jafnframt kom fram að mikil vinna var lögð í að undirbúa börnin fyrir hana. Sem dæmi um undirbúning fyrir skólagönguna nefndu fjölskyldurnar meðal annars skipulagðar heimsóknir í skólann, bæði með bekknum og aukaheimsóknir með fjölskyldunni, heimsóknir á skólavellina, tengslamyndun við krakka sem vitað var að yrðu með börnunum í bekk, uppsetningu skóladagsins í myndrænt skipulag og æfingar með barninu í að ganga í skólann og heim aftur.

Þessi góða yfirlýsing milli skólastiga hefur án efa áhrif á líðan barnanna, en eins og Halldóra Haraldsdóttir (2012), Jóhanna Einarsdóttir (2007) og Engelund og Buch-illing (2012) benda á getur jákvæð upplifun af yfirlýsingu milli skólastiga leitt til jákvæðrar framvindu skólagöngunnar, bæði ef litið er til námsárangurs og félagslegrar færni. Slíkt getur haft jákvæð áhrif á almenna vegferð barnsins á skólagöngunni.

Reynsla kennaranna í rannsókninni af móttöku ættleiddu barnanna er nokkuð ólík milli kennara. Tveir kennarar töldu sig ekki merkja neinn mun á því að taka á móti ættleiddu barni í samanburði við önnur börn við upphaf grunnskólans. Einn kennari sá ástæðu til að setja sig í samband við fjölskyldu barnsins áður en skólaganga barnsins hófst til að undirbúa skólabyrjunina sem allra best. Hinir kennararnir þrír merktu allir óöryggi í fari ættleiddu barnanna við upphaf skólagöngunnar auk þess sem börnin sóttu mjög í nálægð við fullorðna.

Það að ættleiddu börnin sóttu mikið í nærveru fullorðinna er þáttur sem kom einnig fram í viðtölunum við fjölskyldurnar. Þessa niðurstöðu er hægt að spegla í niðurstöðum Hönnu Ragnarsdóttur og Elsu Sigríðar Jónsdóttur (2010). Í þeim hluta rannsóknar þeirra þar sem áherslan er á leikskólagöngu barnanna kemur í ljós að hluti barnanna sækir mjög í samskipti og nálægð við fullorðna og þurftu leikskólakennararnir, líkt og kennararnir í minni rannsókn, að taka tíma í að aðlaga börnin inn í leik með öðrum börnum.

Leikskólakennari í rannsókn Hönnu og Elsu Sigríðar dró þá ályktun að börnin sæktu svona í samskipti við fullorðna vegna þess tíma og áherslu sem hafði verið lögð á samskipti og nærveru við foreldrana frá því að barnið kom í nýju fjölskylduna og þar til leikskólagangan hófst. Ég tek undir þessa niðurstöðu og byggi ég þá skoðun á reynslu minni sem móðir og kennari. Fyrstu mánuðina eftir að barnið kemur í fjölskylduna er eðlilegt að áherslan sé á samskipti forelda og barns og tel ég sérstaklega líklegt að þessi þróun verði þegar ekki ef eldra barn inni á heimilinu.

Kennararnir voru allir sammála um að aðlögunin í skólanum hefði gengið vel, en merktu þó að ættleiddu börnin höfðu þurft lengri aðlögunartíma en jafnaldrarnir. Sambærileg reynsla kennara kom einnig fram í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur og Elsu Sigríðar Jónsdóttur (2010). Leikskólakennararnir í þeirra rannsókn tóku fram að aðlögun barnanna hefði í flestum tilfellum gengið vel en að börnin hefðu þurft lengri tíma í aðlögunina.

Ofangreindar niðurstöður eiga samhljóm í rannsóknum Tan og Camras (2011). Niðurstöður þeirra sýna að skólaumhverfið getur reynst ættleiddum börnum erfitt, sérstaklega þeim sem dvalið hafa á stofnunum fyrir ættleiðingu þar sem skólaumhverfið getur minnt á ýmsan hátt á umhverfi stofnananna. Hins vegar getur aðbúnaður eftir ættleiðingu dregið verulega úr líkum á erfiðleikum og við þetta styður sameiginlegt átak heimilis og skóla þegar kemur að því að skapa góðar og traustvekjandi aðstæður fyrir barnið í upphafi skólabyrjunar. Í niðurstöðum King (2009) kemur fram að fyrir flest börn er tilfærsla á milli skólastiga stór áfangi sem tekur oft á jafnt hjá börnum og foreldrum og þá ekki síst hjá ættleiddum börnum sem eiga oft og tíðum í erfiðleikum með breytingar. Hjá King kom jafnframt fram að þessir erfiðleikar og óvissa gengu yfirleitt fljótt yfir með auknu trausti barnanna á nýja umhverfið.

Niðurstöður Engelund og Buch-Illing (2012) gefa vísbendingar um að ættleidd börn séu næm fyrir breytingunum sem eiga sér stað við tilfærslu milli skólastiga. Þær benda jafnframt á að æskilegt sé fyrir foreldra og kennara að vera með varann á sér í við upphaf grunnskólagöngu og jafnframt áfram í hvert sinn sem barnið upplifir færslu á milli þrepa í skólagöngu sinni.

Í niðurstöðum kennarahluta rannsóknarinnar minnar kom í ljós að reynsla kennaranna af námslegri stöðu ættleiddu barnanna var í öllum tilfellum nema tveimur mjög góð. Kennararnir töluðu um að börnin væru dugleg og stæðu námslega mjög vel. Í tveimur tilfellum áttu börnin við nokkra námsörðugleika að stríða og í ljós kom í viðtalinu að annað barnið er að auki greint með þroskaskerðingu.

Ef litið er til niðurstaðna þeirra rannsókna sem nefndar hafa verið og þess sem fram kom í minni rannsókn er ljóst að foreldrar og kennarar þurfa að vera vakandi fyrir ýmsum þáttum er snerta velferð barnsins við upphaf skólagöngu þess. Hér tel ég mikilvægt að leggja áherslu á allar breytingar sem verða í skólastarfinu og þá sérstaklega stórtækar breytingar, eins og Engelund og Buch-Illing (2012) benda einnig á. Þetta geta verið breytingar eins og nýr kennari, nýr nemandi í bekknum, flutningur milli skóladeilda, flutningur milli kennslustofa og svona mætti lengi telja. Þetta eru breytingar sem að mínu mati er auðvelt að hjálpa barninu að yfirstíga án mikilla vandræða með samstilltu átaki heimilis og skóla. Í þessu samhengi má einnig benda á að þættir er varða stýrikerfi barnsins geta haft áhrif á velferð þess í

skólanum. Því er mikilvægt að þekkja og skilja áhrif stýrikerfisins á hegðun barnsins.

Niðurstöður rannsóknar minnar benda til þess að fjölskyldur ættleiddra barna sækja sér lítið þjónustu sérfræðinga ef áhyggjur vakna af stöðu mála hjá börnum þeirra og að þeir sem sækja sér þjónustu sérfræðinga geri það ekki vegna námslegs vanda heldur frekar vegna tilfinninga- eða tengslavanda. Þessi niðurstaða á samhljómi í niðurstöðum Jórunnar Elíadóttur (2009, munnleg heimild). Hún bendir á að foreldrar hafi áhyggjur af ólíkum þáttum í fari barna sinna en mjög lítill hluti foreldra leiti sér aðstoðar sérfræðinga. Velta má fyrir sér hvort foreldrar ættleiddra barna veigri sér við að sækja aðstoð fyrstu árin eftir ættleiðinguna og þá kannski helst þar sem þeir hafa gengið í gegnum langt og strangt ferli með tilheyrandi fræðslu áður en að ættleiðingu kemur og telja sig því eiga að vita hvernig þeir eiga að bregðast við aðstæðum. Jafnframt má velja fyrir sér hvort viðbrögð frá umhverfinu séu hamlandi þáttur í að foreldrar leiti sér aðstoðar. Þeir eru búnir að bíða svo lengi eftir óskabarninu og ganga í gegnum svo margt þegar að ættleiðingu kemur og því finnst þeim kannski þeir ekki eiga rétt á að kvarta og eru ragir við að taka af skarið.

5.5 Kennarar

Þegar rýnt er í niðurstöður rannsóknarinnar kemur í ljós að kennararnir þekktu lítið til málefna ættleiddra barna áður en þeir fengu ættleidd börn í bekk til sín. Einungis einn kennari hafði aflað sér upplýsinga um bakgrunn ættleiddra barna áður en ættleidda barnið kom inn í bekkinn og kom það til vegna verkefnis sem viðkomandi vann í kennaranámi sínu.

Upplýsingar um málefni ættleiddra barna höfðu kennararnir eingöngu fengið í gegnum foreldra barnanna og nefndu þeir meðal annars að þeir hefðu bara sótt í reynslubanka foreldra ef þurfa þótti. Þeir nefndu jafnframt að foreldrar hefðu oftast miðlað upplýsingum til þeirra óumbeðnr.

Það er sérstakt hversu ómeðvitaðir kennararnir reyndust vera um sérstöðu ættleiddra barna, ekki síst ef lítið er til þess að kennararnir sem rætt var við voru allir nema einn mjög reynslumiklir kennarar sem starfað höfðu við kennslu yngri barna svo árum skipti.

Eins og fram kemur í niðurstöðunum var sama spurningin lögð fyrir kennarana við upphaf viðtalsins og svo aftur í lok viðtalsins. Hér var um að

ræða spurninguna „telur þú að ættleidd börn þurfi einhverja sérstaka þjónustu/umönnun við upphaf grunnskólans?“ Svör fimm kennara af sex við spurningunni breyttust mikið frá upphafi viðtals til enda þess. Í upphafi voru þessir fimm kennarar sammála um að þjónustuþörf ættleiddra barna væri engin umfram það sem önnur börn þyrftu við upphaf grunnskólans og að þau féllu strax inn í hópinn. Í lok viðtalsins hafði viðhorfið breyst og var eins og augu kennaranna opnuðust talsvert við að fara í gegnum spurningalistann. Einungis einn kennari svaraði spurningunni aftur neitandi, en hinir töldu allir að nauðsynlegt væri að fylgjast sérstaklega með börnunum og styðja vel við fjölskyldurnar á meðan börnin næðu öryggi í skólanum og fyndu traust í nýja umhverfinu. Einn kennaranna sex svaraði strax í upphafi að hann teldi að ættleidd börn þyrftu lengri tíma og meira utanumhald í byrjun en gengur og gerist hjá nemendum sem eru að stíga sín fyrstu skref í grunnskólanum.

Ef þessi niðurstaða er skoðuð í samhengi við viðbrögð foreldra við spurningu um samskipti þeirra við skólann kemur í ljós að foreldrar upplifa oft og tíðum fálæti um bakgrunn barnanna þeirra og lítið frumkvæði að upplýsingamiðlun frá heimili til skóla. Þetta gefur vísbendingar um að hægt væri að liðka fyrir samskiptum og upplýsingaflæði milli heimilis og skóla með aukinni þekkingu inni í skólunum á málefnum ættleiddra barna.

Í ljós kom við undirbúning þessa meistaraverkefnis að lítið hefur verið rannsakað hver þekking kennara er á málefnum ættleiddra barna almennt, og bakgrunni þeirra og sérstöðu. Mín tilfinning, byggð á eigin reynslu, er að þekkingin sé almennt mjög lítil. Ofangreindar niðurstöður gefa vísbendingu um að mikilvægt sé að efla þekkingu kennara á stöðu ættleiddra barna við upphaf grunnskólans og þá um leið að minnka álagið á foreldrana sem oft vill verða til við upphaf grunnskólagöngu ættleiddra barna.

5.6 Sérstaða foreldra ættleiddra barna

Foreldrarnir sem þátt tóku í rannsókninni voru almennt vel menntaðir og meðvitaðir um þarfir barnanna sinna og virtust meðvitaðir um hver námsleg og félagsleg staða þeirra var. Allir fylgdust þeir vel með námi og skóladegi barnanna sinna og voru í miklum og góðum samskiptum við skólann. Jafnframt er vert að nefna að meðalaldur foreldrana er frekar hár en meðalaldur foreldrahópsins við ættleiðingu eldra barnsins var 38,25 ár.

Líklegt er að um sé að ræða foreldrahóp sem er nokkuð fjárhagslega sterkur. Erfitt er reyndar að fullyrða um hvernig staðan hjá foreldrunum er eftir ættleiðingu, en eitt af skilyrðum þess að fá leyfi til að ættleiða er traust fjárhagsleg staða (Ættleiðingarlög nr. 130/1999). Í flestum tilfellum hafa foreldrar beðið lengi eftir börnunum og má ætla að þeir séu tilbúnir að takast á við það sem þarf í uppeldi og umönnun barna sinna og því má vera að eftirfylgnin með ættleiddum börnunum sé í flestum tilfellum meiri en gengur og gerist. Foreldrar ættleiddra barna hafa að auki farið í gegnum mikið úttektarferli áður en að ættleiðingu kemur og fengið ýmiss konar fræðslu er varðar aðstæður ættleiddra barna og hvað getur haft áhrif á uppvöxt þeirra og framgöngu í lífinu.

Rannsókn Sigríðar Ingvarsdóttur (2013) speglar þá ályktun mína að um frekar sterkan foreldrahóp sé að ræða þegar kemur að ættleiddum börnum. Í niðurstöðum hennar kemur fram að kennarar hafa mjög jákvæða mynd af samskiptum við foreldra ættleiddra barna. Sama niðurstaða kom í ljós í minni rannsókn, en kennararnir höfðu mjög jákvæða mynd af þátttöku foreldra í skóladegi og námi barnanna sinna. Samhljóða niðurstöður er að finna víða í erlendum rannsóknum (Johnson, 2002; Vorria o.fl., 2006).

Vorria og félagar (2006) benda á í niðurstöðum sínum að vísbendingar eru um að foreldrar ættleiddra barna beri miklar væntingar til skólagöngu barna sinna og að áhyggjur þeirra af því að bakgrunnur barnanna og reynsla hafi áhrif á skólagöngu þeirra setji oft talsvert auka álag á börnin. Þessi pressa getur svo leitt af sér óþarfa streitu hjá börnunum. Á sömu nótum talaði danski fræðimaðurinn Lene Kamm, í viðtali við Holm (2001). Þar bendir hún á að ástæða sé fyrir foreldra að slaka á væntingunum sem þeir hafa til skólagöngu barna sinna. Hún telur mikilvægt að þetta sé gert að minnsta kosti á fyrstu árum skólagöngunnar, og gefa börnunum frekar tækifæri til að öðlast traust á skólaumhverfið og styðja þau við að festa sínar félagslegu rætur.

6. Samantekt og lokaorð

Í þessum kafla mun ég byrja á að svara hvernig til hefur tekist að svara rannsóknarspurningunni sem lagt var upp með og liggur að baki verkefninu, og byggja það svar mitt á niðurstöðukafla og umræðukafla verkefnisins. Því næst mun ég ræða sérstaklega hugmynd mína um gerð móttökuhandbókar ættleiddra barna fyrir grunnskóla sem ég hyggst safna efni í og skrifa á næstu mánuðum. Hugmyndin er svo að fylgja handbókinni úr hlaði með kynningarfyrirlesturum.

Eins og áður hefur komið fram er rannsóknarspurningin sem lagt var upp með eftirfarandi: Hafa ættleidd börn þörf á aukinni þjónustu við upphaf grunnskóla og ef svo er hver er þörfin? Rannsóknir sýna að aðbúnaðurinn fyrir ættleiðingu getur haft áhrif á líf barnanna í langan tíma eftir ættleiðingu og jafnvel ævilangt. Með ofangreindar niðurstöður í huga má álykta að þegar ættleidda barnið byrjar að feta leiðina í gegnum skólakerfið frá leikskóla og áfram í gegnum grunnskólann, sé fjölmargt sem farið getur úrskeiðis ef ekki er fylgst vel með. Hér er hægt að nefna þætti sem þegar hafa verið dregnir fram í dagsljósið framur í verkefninu, þ.e. þáttum eins og tilfinninga- og félagslegri vegferð, málþroska og almennri námsframvindu, auk þroska stýrikerfisins. Í þessu samhengi tel ég að áhugavert væri að rannsaka vegferð ættleiddra barna, sem ættleidd eru erlendis frá, í framhaldsskólum á Íslandi.

En hver er þá þörfin? Svárið við þessari spurningu byggir ég jafnt á reynslu minni sem móðir tveggja ættleiddra stúlkna, niðurstöðum rannsóknarinnar og þeim rannsóknum sem að baki rannsókninni liggja. Ég dreg jafnframt saman svörin við því hver þörfin er og hvernig hægt er að mæta henni, þar sem niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að þörfinni sé ekki alltaf mætt.

Þörfin skiptist að mínu mati í nokkra þætti. Fyrst ber að nefna skilning á bakgrunni ættleiddra barna og aðstæðunum sem gera grunninn sem þau byggja á annan en barna sem alast upp við góðan aðbúnað frá fyrsta degi. Að auki þekkingar á þeim þáttum sem rannsóknir hafa sýnt að geti laskast vegna aðbúnaðar og lífsreynslu í frumbersku.

Í öðru lagi að ættleidd börn fái stuðning frá skólaumhverfinu á þann hátt að þau eigi sem auðveldast með að fylgja jafnöldrunum eftir í náminu, upplifi sig örugg og viti hvað dagurinn og nánasta framtíð ber í skauti sér. Þetta er meðal annars hægt að gera með því að vera með myndrænt skipulag fyrir bekkinn. Þá nýtur ættleidda barnið góðs af en upplifir sig ekki endilega eins og það skeri sig úr hópnum og allir bekkjarfélagarnir njóta einnig góðs af.

Æskilegt er að skólustarfið sé sem fyrirsjáanlegast. Þetta er hægt að gera til dæmis með því að senda út vikuskipulag og sérstaka tölvupósta til foreldra ef eitthvað kemur óvænt uppá þannig að foreldrarnir geti undirbúið barnið fyrir það sem framundan er áður en það leggur af stað í skólann. Mikilvægt er að skilningur sé á því að uppbrotsdagar af ýmsu tagi geta reynst ættleidda barninu mjög erfiðir. Þá þarf upplýsingamiðlun til allra starfsmanna sem koma að skóladegi barnsins að vera greið og þekking á sérstöðu þess og þörfum þarf að vera kunn öllum sem tengjast skólagöngu þess.

Í þriðja lagi er mikilvægt að lipurt og gott samstarf sé á milli heimilis og skóla. Foreldrarnir geta í flestum tilfellum best veitt upplýsingar um barnið, sögu þess og þær upplýsingar um fortíð þess sem vitneskja er um. Niðurstöðurnar í rannsókn þessari gefa vísbendingar um að foreldrar vilji gjarnan að frumkvæði að samskiptum og upplýsingaflæði komi að einhverju leyti frá kennurum. Þá ályktun má einnig draga á grunni þeirra niðurstaðna að foreldrar eru flestir tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að auðvelda skólagöngu barnanna þeirra.

Í fjórða lagi þarf að vera til staðar skilningur á að ættleidda barnið gæti þurft lengri tíma en gengur og gerist hjá jafnöldrunum til að öðlast traust á skólaumhverfinu og leita verður leiða til tryggja að barnið fái þann aðlögunartíma sem það þarf.

Það sem ég hef nefnt hér að ofan eru allt þættir sem auðvelt ætti að vera að hafa í huga og gætu mögulega auðveldað ættleidda barninu heilmikið fyrstu skrefin í skólaumhverfinu.

Beinskeitni í orðum og erfiðleikar við að lesa í fólk og aðstæður eru þættir sem fram komu hjá flestum eldri börnunum í rannsókninni. Þetta er þáttur sem ég tel fulla ástæðu til að skoða frekar og þá ekki síst í samhengi við félagslega vegferð ættleiddra barna.

Hins vegar má ekki gleyma að rannsóknir á ættleiddum börnum gefa vísbendingar um að hluti hópsins sigli í gegnum grunnskólann án nokkurra vandræða. Til að tryggja farsæld sem flestra tel ég þó rétt að allir þeir sem

koma að skólagöngu ættleidda barnsins hafi vaðið fyrir neðan sig og séu meðvitaðir um þættina sem þegar hafa verið raktir hér að ofan. Þannig er hægt að grípa inn í málin áður en þau verða að vandamálum.

Eins og þegar hefur komið fram eru málefni ættleiddra barna á Íslandi ekki mikið rannsökuð þó talsvert hafi verið um námsritgerðir um málefni þeirra á síðustu árum. Eftir vinnuna við rannsóknina hef ég gert mér betur grein fyrir hversu mikilvægt það er að málefni ættleiddra barna á Íslandi séu rannsökuð frá sem flestum hliðum. Þannig að til verði styrkur rannsóknargrunnur sem hægt er að byggja á til framtíðar. Mín von er sú að niðurstöður þessarar rannsóknar og sá fræðilegi grunnur sem hún byggir á leggi sitt af mörkum við að búa til þennan rannsóknargrunn, svo tryggt sé að ættleiddum einstaklingum sé búinn sem bestur aðbúnaður hér á landi, jafnt meðal fjölskyldnanna og í menntakerfinu.

Rannsóknin gefur vísbendingar um hverjar þarfir ættleiddra barna eru við upphaf grunnskólans og hvað hægt er að gera til að auðvelda þeim lífið í skólanum. Jafnframt gefa niðurstöðurnar ástæðu til að álykta sem svo að þekking kennara á málefnum ættleiddra barna sé af frekar skornum skammti. Með það í huga vil ég meðal annars mæla með því að skólaganga ættleiddra barna og vegferð þeirra í skólaumhverfinu verði rannsökuð frekar og þá á öllum stigum skólagöngunnar. Annað efni sem ég tel að vert væri skoða í fari ættleiddra barna er andleg líðan þeirra. Það kemur til eftir að tvær fjölskyldur í rannsókninni viðruðu í viðtölunum áhyggjur sínar af einkennum þunglyndis í lundarfari barna sinna. Einnig tel ég að áhugavert væri að rannsaka upplifun ættleiddu barnanna sjálfra af skólaumhverfinu.

Sá hluti niðurstaðnanna sem slóg mig hvað mest er hversu lítil þekking á málefnum og þörfum ættleiddra barna virðist vera meðal grunnskólakennara. Velta má fyrir sér hvort verið sé að skapa þær aðstæður í skólunum sem ættleidd börnin þurfa til að blómstra í sínu daglega starfi. Má þar nefna til dæmis fyrirsjáanleika, myndrænt skipulag og gott upplýsingaflæði milli heimilis ættleiddu barnanna og skólans, en vísbendingar eru um að flest ættleidd börn séu viðkvæm fyrir breytingum og óvæntum uppákomum.

Í lok viðtalanna voru viðmælendur allir spurðir hvort þeir teldu ástæðu til þess að búin yrði til móttökuhandbók ættleiddra barna fyrir skólana. Foreldrar sýndu mjög jákvæð viðbrögð við þessari hugmynd og töldu meðal annars að bók af þessu tagi gæti létt álagi af samskiptum milli heimilis og

skóla. Þeir töldu jafnframt að það gæti styrkt þá í samskiptum við skólann ef þeir gætu vísað í rit sem byggir á rannsóknum fræðimanna.

Með móttökuhandbók er átt við upplýsingarit fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla um þarfir og sérstöðu ættleiddra barna á mismunandi skólastigum. Þetta yrði rit sem byggir á fræðilegum grunni, reynslu foreldra og kennara. Að leiðarljósi yrði haft að uppfærða alla sem að námi ættleidda barnanna koma. Þá ekki síst því sem snýr að sérstöðu þeirra og málefnum sem mikilvægt er að hafa í huga. Þetta er hugsað til að tryggja sem best farsæla skólagöngu ættleiddra barna án þess að bregði skugga á.

Kennararnir voru jafnframt spurðirhvort þeir teldu þörf á að svona upplýsingarit væri til og hvort það gæti á einhvern hátt auðveldað starf kennarans þegar kemur að skólagöngu hóps barna sem mörg hver eru að takast á við samskonar mál á skólagöngunni og ættleidd börn gera oft og tíðum, samanber niðurstöður rannsóknar minnar og umræðurnar hér að ofan. Kennararnir voru allir sammála um að það gæti verið til góðs að fá slíkt rit, bæði fyrir kennarann sem er að taka við barninu og fyrir foreldra barnsins. Rit sem þetta gæti létt á áhyggjum foreldra, auk þess sem það gæti beint athygli kennaranna að þeim þáttum í fari barnsins sem hugsanlega gætu reynst því erfiðir. Jafnframt gæti aukin þekking virkað sem fyrirbyggjandi þáttur fyrir börnin.

Ofangreindar niðurstöður gefa vísbendingar um að full ástæða sé til að unnin verði móttökuhandbók ættleiddra barna fyrir grunnskólana sem byggir annars vegar á rannsóknum á málefnum er snúa að skólagöngu ættleiddra barna og hins vegar á reynslu foreldra og kennara. Það er mér mikið hjartans mál að svona rit verði að veruleika og hef ég sett mér það að markmiði að hefja vinnu við móttökuhandbók á næstu mánuðum. Í kjölfarið af þeirri vinnu hyggst ég ferðast um og kynna verkið í grunnskólum landsins.

Ráðist hefur verið í gerð samskonar rita í löndunum í kringum okkur og má þar meðal annars nefna Bretland. Um er að ræða heildstæð rit sem gefa yfirgrips miklar upplýsingar um þarfir og sérstöðu ættleiddra barna (Essex county council, 2011, bls. 1-11; Hertfordshire county council, 2007, bls. 1-15; Lavery, 2013, bls. 1-56).

Það sem sker sig úr hjá ættleiddum börnum í samanburði við önnur börn er þessi viðkvæmni sem tengist ákveðnum þáttum í samskiptum við aðra. Þetta á jafnframt við um ýmsa þroska þætti sem geta komið fram á mismunandi skeiðum lífsins. Þau koma flest vel fyrir út á við, en vandinn

liggur oft heima og því má segja að vandi þeirra sé oft á tíðum dulin öðrum. Í bók Høgsberg og Buch-illing (2012) leggja þeir áherslu á mikilvægi þess að foreldrar séu meðvitaðir um að allar breytingar eða þrep í skólagöngu barnsins geta haft mikil áhrif á ættleiddu börnin.

Ég tel það mikið baráttumál fyrir ættleidd börn og fjölskyldur þeirra að sem flestir sem koma að skólagöngu barnanna þekki til sérstöðu þeirra. Þannig að allir vinni saman að því markmiði að styðja barnið sem best í skrefum sínum í átt til framtíðar og hafi í huga að ættleidd börn leggja af stað út í lífið eftir ættleiðinguna með aukaferðatösku og hlúa þarf sérstaklega að þessum einstaklingum og aðstoða þá eftir fremsta megni að finna ferðatöskunni farsælan samastað.

Heimildir

- Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir. (2011). Á mörkum skólastiga. Áherslur í starfi með elstu börnum leikskólans. *Menntakvika 2011*. Sérít Netlu.
- Armstrong, A. C., Armstrong, D. og Spandagou, I. (2010). *Inclusive Education. Internal Policy & Practice*. London: SAGE.
- Behen, M. E., Helder, E., Rothermel, R., Solomon, K. og Chugani, H. T. (2008). Incidence of specific absolute neurocognitive impairment in globally intact children with histories of early severe deprivation. *Child Neuropsychol*, 14(5), 453-469.
- Bernier, A., Carlson, S. M. og Whipple, N. (2010). From External Regulation to Self-Regulation: Early Parenting Precursors of Young Children's Executive Functioning. *Child development*, 81(1), 326-339.
- Bos, K. J., Fox, N., Zeanah, C. H. og Nelson III C. A. (2009). Effects of early psychosocial deprivation on the development of memory and executive function. *Frontiers in Behavioral Neuroscience*, 3.
- Bowlby, J (1971). *Attachment and Loss: Volume 1 Attachment*. London: Penguin Groups.
- Broström, S. (2006). Care and education: Towards a new paradigm in early childhood education. In *Child and youth care forum* 35(5-6, 391-409). Kluwer Academic Publishers-Plenum Publishers.
- Collishaw, S., Maughan, B. og Pickles, A. (1998). Infant adoption: Psychosocial outcomes in adulthood. *Child Neuropsychology*, 14, 57-65.

- Creswell, J. W.(2009). *Research design: Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches*. Los Angeles: Sage.
- Cummins, J. (2000). *Language, power, and pedagogy: Bilingual children in the crossfire* (Vol. 23). Clevedon: Multilingual Matters.
- Dalen, M. og Rygvold, A. L. (2006). Educational achievement in adopted children from China. *Adoption Quarterly*, 9(4), 45-58.
- Dalen, M. og Theie, S. (2012). Internationally adopted children from non-European countries: general development during the first two years in the adoptive family. *The Scientific World Journal*, 2012.
- Ekeh, P. U. (2012). Children's Attachment Styles, Academic Achievement and Social Competence at Early Childhood. *African Research Review*, 6(4), 335-348.
- Engelund D. og Buch-illing., A. (2012). Det adopterede barn i skole og skolefritidsordning. Í I. K. Høgsberg og A. Buch-illing (ritstjórar), *Adoptions Håndbogen* (bls.101-128). Danmörk: Hans Reitzels Forlag.
- Essex county council. (2011). *Supporting adopted children in school*. Sótt af vef 28. maí 2014 http://www.essex.gov.uk/Health-Social-Care/Care-Children/Adoption-and-Fostering/adoption/raising-your-adoptive-family/Documents/supporting_adopted_children_in_schools.pdf
- Gagnon-Oosterwaal, N., Cossette, L., Smolla, N., Pomerleau, A., Malcuit, G., Chicoine, J. F. og Berthiaume, C. (2012). Pre-adoption adversity and self-reported behavior problems in 7 year-old international adoptees. *Child Psychiatry & Human Development*, 43(4), 648-660.

- Galton, M. J., Gray, J. og Ruddick, J. (1999). *The impact of school transitions and transfers on pupil progress and attainment*. London: DfEE.
- Gray, D. D. (2012). *Attaching in adoption: Practical tools for today's parents*. Indianapolis: Perspective press, Inc.
- Gray, D. D. (2007). *Nurturing in adoption: Creating resilience after neglect and trauma*. Indianapolis: Perspective press, Inc.
- Greenfield, R. (2011). Beginning again: The impact of international adoption on the English language development of a preschooler. *Journal of early childhood literacy*, 11(1), 47-72.
- Gunnar, M. R., Bruce, J. og Grotevant, H. D. (2000). International adoption of institutionally reared children: Research and policy. *Development and Psychopathology*, 12, 677-693.
- Gunnar, M. R. og Van Dulmen, M. H. (2007). Behavior problems in postinstitutionalized internationally adopted children. *Development and psychopathology*, 19(1), 129-148.
- Güler, O., Hostinar, C. E., Frenn, K. A., Nelson, C. A., Gunnar, M. R. og Thomas, K. M. (2012). Electrophysiological evidence of altered memory processing in children experiencing early deprivation. *Developmental science*, 15(3), 345-358.
- Hagstofa Íslands. (e.d.) Frumættleiddir eftir kyni, aldri og fæðingarlandi 1990-2012. Sótt af vef 31. mars 2014. <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN07501%26ti=Frum%26ttleiddir+eftir+kyni%2C+aldri+og+f%26E6%26F0ingarlandi+1990%2D2012%26path=../Database/mannfjoldi/Fjolskyldan/%26lang=3%26units=Fj%26F6ldi>
- Halldóra Haraldsdóttir. (2012). Er samfella í læsiskennslu barna á mótum leik-og grunnskóla?.

- Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). Ættleiðing erlendra barna á Íslandi. Aðlögun og samskipti í fjölskyldum. *Ráðstefnurit þjóðarspegils 2010*.
- Hawk, B. og McCall, R. B. (2010). CBCL behavior problems of post-institutionalized international adoptees. *Clinical child and family psychology review*, 13(2), 199-211.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-83). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hertfordshire county council. (2007). *Working with looked after or adopted children in school*. Sótt af vef 28. maí 2014 <http://www.hertsdirect.org/infobase/docs/pdfstore/csf0046.pdf>
- Hopkins-Best, M. (1997). *Toddler adoption: The weaver's craft*. Útgáfustaður??: Jessica Kingsley Publishers.
- Hostinar, C. E., Stellern, S. A., Schaefer, C., Carlson, S. M. og Gunnar, M. R. (2012). Associations between early life adversity and executive function in children adopted internationally from orphanages. *Proceedings of the National Academy of Sciences*, 109(Supplement 2), 17208-17212.
- Howe, D. (1997). Parent-reported problems in 211 Adopted children: Some risk and protective factors. *Journal of child psychology and psychiatry*, 38(4), 401-411.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2011). *Ættleiðingar á Íslandi: í þágu hagsmuna barns*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið. Sótt af vef 13. janúar 2014 http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/aettleiðingar_15.03.11.pdf
- I-TECH. (2008). *Qualitative Interviews*. Seattle: University of Washington.

- Íslensk ættleiðing. (2014). Skilyrði. Sótt af vef 1. mars 2014.
<http://www.isadopt.is/is/lond/kina/skilyrði>
- Jacobs, E., Miller, L. C. og Tirella, L. G. (2010). Developmental and behavioral performance of internationally adopted preschoolers: A Pilot study. *Child Psychiatry Hum Dev*, 41, 15-29.
- Johnson, D. E. (2002). Adoption and the effect on children's development. *Early Human Development*, 68, 39-54.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Katrín Blöndal. (2004) *Úrtök í eiginlegum rannsóknum*. Óútgefið efni.
- King, C. F. (2009). *Adopted children and the transition from primary to secondary school: an examination of pupil, parent and teacher views*. Hampshire: Hampshire Educational Psychology Service.
- Kvale, S. (1996). *An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage Publications.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009) *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. California: Sage publications.
- Lavery, Sheila. (2013). *Lets learn together*. Sótt af vef 28. Maí 2014
<http://www.adoptionuk.org/sites/default/files/documents/LetsLearnTogetherNIMarch2013.pdf>
- Loman, M. M., Wiik, K. L., Frenn, K. A., Pollak, S. D. og Gunnar, M. R. (2009). Postinstitutionalized children's development: Growth, cognitive, and language outcomes. *Journal of developmental and behavioral pediatrics: JDBP*, 30(5), 426.
- Loman, M. M., Johnson, A. E., Quevedo, K., Lafavor, T. L. og Gunnar, M. R. (2014). Risk-taking and sensation-seeking

propensity in postinstitutionalized early adolescents. *Journal of child psychology and psychiatry*. Vefbirting 19. febrúar 2014. Sótt af vef 18. mars 2014 <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/jcpp.12208/pdf>.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Main, M. og Solomon, J. (1990). Procedures for identifying infants as disorganized/disoriented during the Ainsworth Strange Situation. *Attachment in the preschool years: Theory, research, and intervention*, 1, 121-160.

Málfríður Lorange, Kristín Kristmundsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Björg Sigríður Hermannsdóttir, Linda Björg Oddsdóttir og Dagbjörg B. Sigurðardóttir. (2012). Afdrif barna á Íslandi sem eru ættleidd erlendis frá. *Læknablaðið*, 98, 19-23.

Meacham, A. N. (2006). Language learning and the internationally adopted child. *Early childhood education journal*, 34(1), 73-79.

Menntamálaráðuneytið. (1995). *Salamanca-yfirlýsing og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir: alþjóðleg ráðstefna um menntun nemenda með sérþarfir*, Salamanca, Spáni, 7.-10. júní 1994. Reykjavík: Keneva Kunz þýddi, staðfært af starfsmönnum menntamálaráðuneytisins.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá grunnskóla. Sótt 24. apríl 2014 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Merete Holm. (2001). Børn på hårdt arbejde. Sótt 28. mars 2014 af http://adoption.dk/2001/01jun_03.HTM

Merz, E. C. og McCall, R. B. (2010). Behavior problems in children adopted from psychosocially depriving institutions. *Journal of abnormal child psychology*, 38(4), 459-470.

- Paavonen, E. J., Aronen, E. T., Moilanen, I., Piha, J., Räsänen, E., Tamminen, T. og Almqvist, F. (2000). Sleep problems of school-aged children: a complementary view. *Acta Paediatrica*, 89(2), 223-228.
- Pollak, S. D., Nelson, C. A., Schlaak, M. F., Roeber, B. J., Wewerka, S. S., Wiik, K. L. og Gunnar, M. R. (2010). Neurodevelopmental effects of early deprivation in postinstitutionalized children. *Child development*, 81(1), 224-236.
- Pound, L. (2011). *Influencing early childhood education: key figures, philosophies and ideas*. New York: Open University.
- Purvis, K. B., Cross, D. R. og Pennings, J. S. (2007). International adoption of post-institutionalized children: Implications for school counselors. *Journal of School counseling, árgangur?(tbl?)*, 1-21.
- Purvis, K. B., Cross, D.R. og Sunshine, W. L. (2007). *The Connected Child*. New York: Mc Graw Hill.
- Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005.
- Roberts, J. A., Pollock, K. E., Krakow, R., Price, J., Fulham, K. C. og Wang, P. P. (2005). Language development in Preschool-age children adopted from China. *Journal of speech, language and hearing research*, 48(1), 93-107.
- Robson C. (1999) Real world research. A esorce for social scientists and practitioner-researchers. Oxford: Blackwell.
- Rubin, H. J. og Rubin, I. S. (2005). *Qualitative interviewing: The art of hearing data*. Útgáfustaður?: Sage Publications.
- Scott, K. A., Roberts, J. A. og Krakow, R. (2008). Oral and written language development of children adopted from China. *American journal of speech - language pathology*, 17(2), 150-160.

- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver-skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249-266). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í meginlegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 211-237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri
- Sigríður Ingvarsdóttir. (2013). *Hvernig vegnar ættleiddum börnum af erlendum uppruna á mið-og efsta stigi í grunnskóla?* (óútgefin meistararitgerð). Háskólinn á Akureyri, Akureyri.
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161-180). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-236). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Smyke, A. T., Dumitrescu, A. og Zeanah, C. H. (2002). Attachment disturbances in young children. I: The continuum of caretaking casualty. *Journal of the American Academy of Child & Adolescent Psychiatry*, 41(8), 972-982.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2011). *Árin sem enginn man: Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðinna*. Reykjavík: Mál og menning.
- Tan, T. X. (2011). Two-year follow-up of girls adopted from China: Continuity and change in behavioural adjustment. *Child and adolescent mental health*, 16(1), 14-21.

- Tan, T. X. og Camras, L. A. (2011). Social skills of adopted Chinese girls at home and in school: Parent and teacher ratings. *Children and Youth Services Review*, 33, 1813-1821.
- The National Center for Learning Disabilities (2010). *What is executive functioning?*. Sótt 3. febrúar 2012 af <http://www.ncl.org/ld-basics/ld-aamp-executive-functioning/basic-ef-facts/what-is-executive-function>
- Thomas, G. og Loxley, A. (2007). *Deconstructing Special Education and Constructing Inclusion*. London: Open University Press.
- Turner, D.W. (2010). Qualitative interview design: A practical guide for novice investigators. *The Qualitative Report*, 15(3), 754-760.
- Unluer, S. (2012). Being an Insider Researcher while Conducting Case Study Research. *Qualitative Report*, 17, 58.
- van Ijzendoorn, M. H. og Juffer, F. (2005). Adoption is a successful natural intervention enhancing adopted children's IQ and school performance. *Current directions in psychological science*, 14(6), 326-330.
- van Ijzendoorn, M. H., Juffer, F. og Poelhuis, C. W. K. (2005). Adoption and cognitive development: a meta-analytic comparison of adopted and nonadopted children's IQ and school performance. *Psychological bulletin*, 131(2), 301.
- Vorria, P., Papaligoura, Z., Sarafidou, J., Kopakaki, M., Dunn, J., van Ijzendoorn, M. H. o.fl. (2006). The development of adopted children after institutional care: a follow up study. *Journal of Child psychology and psychiatry*, 47(12), 1246-1253.
- Þóra Þóroddsdóttir. (2001) *Að hreyfa sig og hjúfra*. Akureyri: Ásútgáfan
- Ættleiðingarlög nr. 130/1999.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Kynningarbréf um rannsóknina.....	94
Fylgiskjal 2: Samþykkisyfirlýsing	95
Fylgiskjal 3: Spurningarammi foreldrar	96
Fylgiskjal 4: Spurningarrámmi kennarar.....	99
Fylgiskjal 5: Viðmiðunarreglur um rannsóknir og kannanir í leik - og grunnskólum Akureyrar	103
Fylgiskjal 6: Leyfi fyrir rannsóknum í leik og grunnskólum á Akureyri	104

Fylgiskjal 1: Kynningarbréf um rannsóknina



Hafa ættleidd börn þörf á aukinni þjónustu við upphaf skólagöngu ?

Ágæti viðtakandi

Tilfni þessa bréfs er að óska eftir þátttöku þinni í rannsókn á þjónustubörf ættleiddra barna við upphaf skólagöngu. Tilgangurinn rannsóknar er að fá upplýsingar um reynslu kjörforeldra af þjónustubörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla? Reynslu kennara af þjónustubörf og móttöku ættleiddra barna við upphaf grunnskóla? Og að síðustu hvaða úrræði hafa foreldrar og skólinn til að mæta sértækum þörfum barnanna?

Rannsóknin byggir á blönduðum rannsóknaraðferðum. Annars vegar er gögnum safnað í gegnum eigindleg viðtöl við foreldra og kennara á þeim stöðum sem þátttakendur velja og hins vegar verður send út spurningarkönnun til foreldrahóps sem byggir á viðtalsramma og niðurstöðum viðtalsrannsóknarinnar. Alla jafnan verður tekið aðeins eitt um það bil 45 mín. langt viðtal við hvern þátttakenda. Viðtölin verða hljóðrituð og eftir að þau hafa verið afrituð orðrétt er upptakan eyðilögð. Í afrituninni er nöfnum og staðháttum breytt til að ekki sé unnt að rekja niðurstöður rannsóknarinnar til ákveðinna einstaklinga.

Allar upplýsingar sem þátttakendur veita í viðtölunum, verða meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu reglum um trúnað og nafnleynd og farið að íslenskum lögum varðandi persónuvernd, vinnslu og eyðingu frumgagna. Rannsóknargögn verða varðveitt á öruggum stað á meðan á rannsókn stendur. Frumgöngum, ljósritum, hljóðupptökum og tölvugögnum verður eytt að meistaravörn lokinni. Niðurstöður rannsóknarinnar verða allar ópersónugreinanlegar.

Rannsóknin er hluti af 60 eininga Meistaraverkefni undirritaðrar við Háskólann á Akureyri og stefni ég að útskrift haustið 2013.

Tekið skal fram að þátttakendum er ekki skylt að taka þátt í rannsókninni og geta hætt án útskýringa á ákvörðun sinni til rannsakenda.

Kær kveðja

Ingibjörg M. Magnúsdóttir

MA nemi við Háskólann á Akureyri

Fylgiskjal 2: Samþykkisyfirlýsing

Samþykkisyfirlýsing

Ég undirrituð/undirritaður hef lesið kynningu á ofangreindri rannsókn og samþykki að taka þátt í rannsókninni eins og henni er lýst.

Virðingarfyllst

Nafn eða Merki í stað nafns

Fylgiskjal 3: Spurningarammi foreldrar

Spurningarammi foreldrar

Hver er reynsla þín/ykkar af þjónustubörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla?

1. Bakgrunnssupplýsingar:

Aldur foreldra við ættleiðingu og menntun.

Aldur barnanna við ættleiðingu

Aðbúnaður fyrir ættleiðingu

Líkamlegt ástand barns við ættleiðingu

2. Hvernig gekk tengslamyndun við börnin?

a. Hvernig hafa svefnvenjur barnsins verið?

b. Hefur barnið sýnt einkenni...

- Mótþróa

- Höfnun

- Streita

- Kvíði

•

3. Hafa börnin átt við einhvern hegðunarvanda að stríða?

a. Hvar hefur barnið helst verið að sýna þennan hegðunarvanda?

b. Við hvaða aðstæður sýnir barnið helst sýnt hegðunarvanda?

c. Hvernig lýsir þessi vandi sér?

d. Hafið þið verið að vinna með þennan vanda?

Kvíði

Mótþróa

Athyglisleysi

Ofvirkni

Skynreiðuvandi

Streita

4. Hvernig er málproski barnanna?

a. Hvernig gekk yfirfærslan á milli tungumálanna?

b. Þurfti barnið einhvern sér stuðning við máltökuna?

c. Hvernig finnst ykkur orðaforði barnsins vera?

d. Finnst ykkur barnið hafa sterka máltilfinningu hvernig þá?

e. Hefur barnið góðan hugtakaskilning?

•

Orðaforði

Máltilfinning

Hugtakaskilningur

BICS

CALP

- Cummins (2000) leggur áherslu á mismunandi málnotkun eftir aðstæðum; annars vegar hið daglega mál eða samskiptamál og hins vegar notkun og skilningur máls tengt hefðbundnu námi og kennslu - "skólamál".

- Í daglegum samskiptum notum við látbragð , svipbrigði, bendingar til stuðning talmáli. **Basic Interpersonal Communication Skills (BICS)**
- En í skólanum er gerð krafa um að börnin noti málið sem táknkerfi - málnotkun sem er óháð stað og stund.

Börnin læra ólíkar faggreinar, hugtakaforðinn getur verið framandi, þau þurfa að hlusta, skilja ræða mál og skrifa. Skólamálið gerir kröfu um að nemandi geti ályktað, fært rök fyrir máli sínu, tengt efni við fyrri þekkingu. Skólamálið krefst þess líka að þau geti borið saman, metið... **Cognitive Academic Language Proficiency (CALP)**

5. Hvernig er félagsþroski barnanna?

Samskipti við vini
Sjálfstjórn
Taka afstöðu til hluta
Samskipti við umhverfi
Aðlögun í skóla-leikskóla

6. Hvernig er stýrikerfi barnanna?

Með stýrikerfi er átt við: vitsmunalega ferla sem aðstoða einstaklinginn við að tengja saman það sem einstaklingurinn er að gera, við reynslu einstaklingsins úr fortíðinni. Einstaklingar sem eiga í örðugleikum með stýrikerfi sitt geta átt erfitt með þætti eins og skipulag, eftirtekt, muna eftir smáatriðum og halda stjórn á þáttum í tíma og rúmi

•

Skipulag
Eftirtekt
Muna eftir smáatriðum
Hafa stjórn á aðstæðum (þáttum)

7. Hvernig gekk skólaaðlögun barnanna eftir yfirfærslu milli leik og grunnskóla?

- a. Hvernig finnst þér /ykkur félagsleg staða barnsins vera í skólanum?
- b. Er einhver vinna sem barnið á erfiðara með en önnur?
- c. Hvernig gengur barninu að starfa í hóp?
- d. Hvernig gengur barninu að setja sig í spor annarra?
- e. Hvernig gengur barninu að fóta sig í aðstæðum utan skólastofunnar?

•

Hópavinna
Setja sig í spor annarra
Félagsleg staða

8. Hafið þið þurft að leita eftir þjónustu sérfræðinga eftir ættleiðingu?

- a. Hver var ástæðan?
- b. Hver var reynsla ykkar af þeirri þjónustu?

Talmeinafræðingur
Sálfræðingur
Sjúkraþjálfari
Þroskaþjálfari
Iðjuþjálfari
Aðrir

9. Hafa börnin þurft á sérkennslu/stuðningi að halda í skólanum?

- a. Hver var ástæðan?
- b. Hver óskaði eftir stuðningnum?
- c. Hvernig hefur gengið?

10. Hver er reynsla þín/ykkar af samstarfi við skólann?

- a. Finnst þér/ykkur skólinn hafa skilning á málefnum ættleiddra barna?
- b. Hafa kennarar barnsins leitað eftir upplýsingum frá ykkur um ættleiðinguna, eða þætti sem vert væri fyrir þá að hafa í huga?

Hver er reynsla þín/ykkar af þjónustupörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla?

Fylgiskjal: 4 Spurningarramma kennara

Spurningarramma kennara

Hver er reynsla þín/ykkar af þjónustuþörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla?

1. Bakgrunnsupplýsingar:

Aldur kennara, reynsla og menntun.

Fjöldi ættleiddra barna í bekkjum viðkomandi

2. Hversu mikið hefur þú kynnt þér málefni ættleiddra barna?

- Hvert hefur þú sótt upplýsingar?
- Hefur þér boðist einhver fræðsla?

3. Hver er reynsla þín af því að taka á móti ættleiddum börnum?

- Hvað hefur gengið vel? /Hvað hefur gengið illa?
- Er eitthvað í fari ættleiddra barna sem þér finnst þau eiga sammerkt?

•

4. Hafa börnin átt við einhvern hegðunarvanda að stríða?

- Hvar hafa börnin helst verið að sýna þennan hegðunarvanda?
- Við hvaða aðstæður sýna börnin helst dæmi um hegðunarvanda?
- Hvernig lýsir þessi vandi sér?
- Hafið þið verið að vinna með þennan vanda?

Kvíði

Mótþrúi

Athyglisleysi

Hreyfi órói

Ofurathygli

Nokkur merki um að barnið sé með röskun á samhæfingu skynfæra.

Þetta eru helstu einkennin. Barn með skynfæraröskun sýnir fleira en eitt af þessu atriðum sem nefnd eru hér.

- Mikið næmi fyrir snertingu, hreyfingu, sjón eða hljóði.
- Takmörkuð viðbrögð við ertingu skynfæra.
- Athafnasemi barnana getur verið óvenjulega mikil eða lítil.
- Vandamál varðandi líkamlega samhæfingu, lélegt jafnvægi og hreyfingar.
- Seint til máls, hreyfinga eða lélegt til bóklesturs.
- Hefur ekki stjórn á hegðun sinni (er hvatvíst, veldur ónáði, pirrað, frekt og ágengt).
- Lélega sjálfsmýnd, virðist latt, lætur sér leiðast eða finnur sig ekki.

Streita: Prálátar áhyggjur, hræðsla, einbeytingarörðugleikar, pirringur, reiði

5. Hvernig er málþroski barnanna?

- f. Hvernig finnst þér börnin standa í samanburði við jafnaldra?
- g. Hvernig finnst ykkur orðaforði barnsins vera?
- h. Finnst ykkur barnið hafa sterka máltilfinningu hvernig þá?
- i. Hefur barnið góðan hugtakaskilning?
- j. Hvernig gengur börnunum að koma frá sér efni í ræðu og riti?
- k. Er eitthvað sem þú horfir sérstaklega eftir þegar þú ert að skoða málþroska ættleiddu barnanna?

•

Orðaforði
Máltilfinning
Hugtakaskilningur
BICS
CALP

• Cummins (2000) leggur áherslu á mismunandi málnotkun eftir aðstæðum; annars vegar hið daglega mál eða samskiptamál og hins vegar notkun og skilningur máls tengt hefðbundnu námi og kennslu - "skólamál".

• Í daglegum samskiptum notum við látbragð, svipbrigði, bendingar til stuðning talmáli. **Basic Interpersonal Communication Skills (BICS)**

• En í skólanum er gerð krafa um að börnin noti málið sem táknerfi - málnotkun sem er óháð stað og stund.

• Börnin læra ólíkar faggreinar, hugtakaförðinn getur verið framandi, þau þurfa að hlusta, skilja ræða mál og skrifa. Skólamálið gerir kröfu um að nemandi geti ályktað, fært rök fyrir máli sínu, tengt efni við fyrri þekkingu. Skólamálið krefst þess líka að þau geti borið saman, metið... **Cognitive Academic Language Proficiency (CALP)**

6. Hvernig er félagsþroski barnanna?

- a. Hvernig eru samskipti barnanna við vini? Getið þið lýst þeim frekar?
- b. Hvernig gengur börnunum að sýna sjálfstjórn? Hafa stjórn á sjálfu sér og gjörðum sínum.
- c. Hvernig gengur börnunum að taka afstöðu til hluta og aðstæðna? Lata þau leiða sig áfram, eða eru þau við stjórnvölin?
- d. Hvernig eru samskipti barnanna við umhverfið?
- e. Hvernig gekk aðlögun barnanna í skólann?

7. Hvernig er stýrikerfi barnanna?

• **Með stýrikerfi er átt við:** vitsmunalega ferla sem aðstoða einstaklinginn við að tengja saman það sem einstaklingurinn er að gera, við reynslu einstaklingsins úr fortíðinni. Einstaklingar sem eiga í örðugleikum með stýrikerfi sitt geta átt erfitt með þætti eins og skipulag, eftirtekt, muna eftir smáatriðum og halda stjórn á þáttum í tíma og rúmi

- a. Hvernig gengur börnunum að skipuleggja vinnu sína og halda skipulagi á hlutunum?
- b. Hvernig gengur börnunum að halda eftirtekt? Á það sama við í erilsömum aðstæðum?
- c. Hvernig gengur börnunum að muna eftir smáatriðum
- d. Hafa stjórn á aðstæðum (þáttum)
- e. Fer mikil orka hjá þeim í að fylgjast með og reyna að stjórna aðstæðum?
- f. Hvernig gengur börnunum að starfa í hóp?

Hvernig gengur börnunum að fóta sig í aðstæðum utan skólastofunnar? Eru að þínu mati einhverjar aðstæður erfiðari en aðrar?

8. Hvernig gekk skólaaðlögun barnanna eftir yfirfærslu milli leik og grunnskóla?

- f. Hvernig finnst þér /ykkur félagsleg staða barnsins vera í skólanum?
- g. Er einhver vinna sem barnið á erfiðara með en önnur?
- h. Hvernig gengur barninu að starfa í hóp?
- i. Hvernig gengur barninu að setja sig í spor annarra?
- j. Hvernig gengur barninu að fóta sig í aðstæðum utan skólastofunnar?

•

Hópavinna
Setja sig í spor annarra
Félagsleg staða

9. Hefur þú vitneskju um það hvort eitthvað sé um að ættleiddu börnin almennt nýti þjónustu sérfræðinga utan skólans?

- c. Hver var ástæðan?

Talmeinafræðingur

Sálfræðingur

Sjúkraþjálfari

Þroskaþjálfari

Iðjuþjálfari

Aðrir

10. Hafa börnin þurft á sérkennslu/stuðningi að halda í skólanum?

- d. Hver var ástæðan?
- e. Hver óskaði eftir stuðningnum?
- f. Hvernig hefur gengið?

11. Hver er reynsla þín/ykkar af samstarfi við foreldra?

- c. Hvernig hefur samstarf við foreldra barnanna verið? Meira eða minna en gengur og gerist?

d. Hefur þú leitað eftir upplýsingum frá foreldrum um ættleiðinguna, eða þætti sem vert væri að hafa í huga?

Ef við drögum þetta svo saman í restina, hver er reynsla þín af þjónustuþörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla? Finnst þér hún vera til staðar?

Fylgiskjal: 5 Viðmiðunarreglur um rannsóknir og kannanir í leik- og grunnskólum Akureyrar



Skóladeild Akureyrar

Glerárgötu 26 Sími: 460 1000 netfang: skoladeild@akureyri.is

Viðmiðunarreglur um rannsóknir og kannanir í leik- og grunnskólum Akureyrar

1. Skóladeild tekur ákvörðun, í samráði við skólastjóra, um hvaða kannanir er heimilað að leggja fyrir nemendur og/eða kennara eða annað starfsfólk í skólunum.
2. Ramsakendur skulu hafa góðan fyrirvara á því að leggja fyrir kannanir eða rannsóknir í skólum. Að öðru jöfnu skulu þær rannsóknir og kannanir hafa forgang sem óskað er eftir með meira en tveggja mánaða fyrirvara.
3. Þess skal jafnan gætt að rannsóknir og kannanir hafi ekki í för með sér óeðlilega röskun á skólastarfi.
4. Berist margar beiðnir um rannsóknir og kannanir til skóla og talin er þörf á því að forgangsraða þeim skulu samfélagslegar kannanir s.s. á vegum heilbrigðisyfirvalda, menntastofnana, ríkis eða sveitarfélaga að öllu jöfnu hafa forgang.
5. Jafnan skal þess gætt þegar könnun er heimiluð að fyrir liggi tilskilin leyfi s.s. Persónuverndar. Skólastjóri skal að öllu jöfnu leita samþykkis hjá foreldrum eða forráðamönnum vegna fyrirhugaðra rannsókna og kannana sem nemendur taka þátt í.
6. Ef um álitamál er að ræða skal deildarstjóri skóladeildar bera málið undir skólanefnd.
7. Reglur þessar skulu birtar í skólanámskrá.

Reglur þessar taka mið af viðmiðunarreglum sem settar hafa verið af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þannig samþykkt á fundi skólanefndar 14. apríl 2003

Fylgiskjal 6: Leyfi fyrir rannsóknum í leik og grunnskólum á Akureyri

Sæl Ingibjörg!

Þú færð hér með leyfi skóladeildar til að leita til skólastjóra xxxxx og xxxx eftir heimild þeirra til að gera umbeðna rannsókn. Ég sendi þér hér með reglur um rannsóknir sem þér ber að fylgja í einu og öllu.

Kveðjur bestar!

Gunnar Gíslason fræðslustjóri

Sími: 4601456 - 8921453

Skóladeild Akureyrarbæjar